

16–17

Læt ekki sjúkdóminn eyðileggja lífsgleði mína

18–19

Enginn kemur upp iðnaði af þessu tagi einn og óstuddur



32



Sjónarmið bænda

# Bændablaðið

14. tölublað 2015 • Fimmtudagur 23. júlí • Blað nr. 447 • 21. árg. • Upplag 32.000



Væntumþykjan um kýrnar skín sannarlega í gegn hjá Ernu Árfells, bónda í Berjanesi í Vestur-Landeyjum. Kýrin Snúra hefur verið í miklu uppáhaldi hjá henni, enda hefur hún launað svo um munar væntumþykju eiganda síns á langri ævi. Þannig var hún búin að skila 97.292 lítrum af mjólk um síðustu mánaðamót og 15 kálfum. Nytin og heilsan var þó fremur farin að daprast eftir síðasta burð. – Sjá viðtal við Ernu og myndir á bls. 24 til 26. Mynd / HKr

## Kuldatíð einkennir veðurfarið á norðan- og austanverðu landinu og bændur vart nokkuð komnir af stað með slátt:

# „Þetta er skelfilegt“

## – segir Gunnar Jónsson, bóndi á Egilsstöðum. Mikil bleyta hamlar að menn komist nokkuð áfram með að heyja

**„Þetta er skelfilegt,“ segir Gunnar Jónsson, bóndi á Egilsstöðum, „eitt það allra leiðinlegasta sumar sem ég hef upplifað.“ Kuldatíð hefur verið ríkjandi um landið norðan- og austanvert undanfarnar vikur. Víða eru bændur ekki byrjaðir í heyskap.**

Enginn þurrkur hefur verið í Öræfum það sem af er júlímánuði og lítið hægt að sinna slætti af þeim sökum.

Í Þistilfirði huga bændur að heyvinnuvélum sínum og vona að hitatölur hækki svo spretta taki við sér.

*Aðeins tvisvar verið kaldara á Egilsstöðum frá 1955*

Hiti á Austurlandi er óvenju lágur, á veðurstöð á Egilsstöðum hefur meðalhiti það sem af er mánuði verið 7,64 stig sem er rúmum 3 stigum lægra en meðaltal tíu síðustu ára, að því er fram kemur í pistli Trausta Jónssonar veðurfræðings á bloggsíðu hans. Stöðin á Egilsstöðum er sú stöð sem hefur verið hvað köldust í byggðum landsins. Samfelldar mælingar eru til allt aftur til ársins 1955 og hefur byrjun júlímánaðar aðeins tvisvar verið kaldari en nú, á árunum 1993 þegar hann var 7,19 stig og 1970 þegar meðalhiti var 6,94 stig. Ein stöð á hálendinu á nú stærra vik en Egilsstaðir. Það eru Upptyppingar (við Jökulsá á Fjöllum), frávikið þar er -3,50 stig. /MÞÞ

– framhald á bls. 2

Mjólkurverð til bænda:

# Hækkar um rúmlega eina krónu á lítra

## – heildarhækkun 5,47 kr.

**Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. ágúst nk. um 3,58%, nema smjör sem hækkar um 11,6%.**

Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,47 kr. á lítra mjólkur, úr 82,92 kr. í 84,39 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 4,27 kr. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 5,74 kr. á hvern lítra mjólkur.




Smjörið hækkar aftur á móti mun meira, eða um 11,6%.

Breytingin er til komin vegna kostnaðarhækkana sl. tveggja ára við framleiðslu og vinnslu mjólkur, en síðasta verðbreyting fór fram 1. október 2013.

# Miklar lífslíkur

**Lífslíkur á Íslandi eru með þeim mestu í Evrópu samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.**

Árið 2014 var meðalævilengd karla 80,6 ár og meðalævilengd kvenna 83,6 ár á Íslandi. Frá árinu 1985 hafa karlar bætt við sig rúmlega sex árum og konur rúmlega fjórum árum í meðalævilengd

Sé horft á tíu ára tímabil, 2004–2013, var meðalævi karla á Íslandi 79,1 ár sem var það mesta sem þekktist í Evrópu en íslenskra kvenna 82,7 ár, en þær voru þá í fimmta sæti.



Höfuðverk:

# Hauskúpur í Anarkíu

**Jóhannes Óskar Sigurbjörnsson á Vatnsnesi hefur um nokkurt skeið hreinsað og unnið höfuðkúpur og bein dýra og skapað úr þeim listmuni undir merkjum Natural Bones Design.**

Gripirnir hafa vakið talsverða athygli og 25. júlí verður sýningin Höfuðverk í Anarkíu listasal í Kópavogi opnuð og stendur til 16. ágúst. Þar verða sýnd verk tólf íslenskra listamanna sem nýta hauskúpur af hrútum frá Natural Bones Design til að skapa verk. Einnig verða á sýningunni hreinar, óunnar hauskúpur frá NBD.

Listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru:

*Aðalheiður Davíðsdóttir*
*Aðalsteinn Eyþórsson*
*Ásta R. Ólafsdóttir*
*Baski - Bjarni Skúli Ketilsson*
*Bjarni Sigurbjörnsson*
*Davíð Bjarnason*
*Elín Ósk Björnsdóttir*
*Guðmann Þór Bjargmundsson*
*Jóhannes Atli Hinriksson*
*Kropor Mazz*
*Unnur Karlsdóttir*
*Ziska - Harpa Einarsdóttir*



Sláttur hefur hafist seinna í ár en oft áður á landinu. Heyskapur hefur þó gengið vel á Suðurlandi, Vesturlandi og víðast norðvestanlands, á meðan bleytu- og kuldatíð hefur gert bændum lífið leitt víða austanlands og á Suðausturlandi. Þrátt fyrir kalt vor er staðan víðast betri á vesturhluta landsins en í fyrra þegar bændur lentu ýmist í hrakningum með nýslegið hey vegna langvarandi rigninga, eða þurftu að bíða af sér rigningar og hefja ekki slátt fyrr en grasið var úr sér sprottið. Þessa mynd tók Valur Freyr Sveinsson hins vegar þegar hann var við slátt í blíðskaparveðri á Melum í Svarfaðardal nú í byrjun júlí.

# Kuldatíð einkennir veðurfarið á norðan- og austanverðu landinu

**„Það er varla nokkur maður kominn af stað með heyskap hér um slóðir,“ segir Gunnar Jónsson, bóndi á Egilsstöðum.**

Örfáir hafa aðeins reynt, en mikil bleyta hamlar að menn komist nokkuð áfram með að heyja.

„Við hér á Egilsstöðum, á miðju Héraði, höfum oftast verið með fyrra fallinu. Síðasta sumar vorum við komin af stað 17. júní, við reyndum aðeins á föstudag í liðinni viku, 17. júlí, þannig að þetta er mánuði seinna á ferðinni hjá okkur en í fyrra,“ segir Gunnar.

Hann segir að bændur séu betur undir það búnir að takast á við ástandið en áður fyrr, þeir séu betur tækjum búnir og því hægt að ljúka verkinu á skemmri tíma en áður var hægt. En fyrst þurfi menn að sjá breytingar í veðri. Landið sé í sjálfu sér ekki blautt og vel hægt að fara um það, „en við þurfum uppstyttu og frið, grasið þarf að ná að þorna svo hægt sé að setja einhvern kraft í heyskapinn,“ segir hann. „Við þurfum í raun ekki nema örfáa góða daga, þá verður hægt að gera mikið á skömmum tíma.“ Veðurspáin er raunar ekki upplífgandi, áframhaldandi norðanátt og kuldi í kortunum.



Þessi mynd af kúnum á Egilsstaðabúinu var tekin 2. september 2014 eftir einmuna veðurblíðu eystra allt sumarið í fyrra. Þar er nú allt annað upp á teningnum hvað veðurfarið varðar. Mynd / MÞÞ

### *Gríðarleg viðbrigði*

Kuldinn sem verið hefur undanfarnar vikur hefur að mati Gunnars ef til vill bjargað einhverju, grasið vex ekki úr sér á meðan svo kalt er í veðri. „Þetta hafa ekki verið nein illviðri, en kalt og blautt, hiti hefur vart farið yfir 10 gráður og þegar það gerist tala menn bara um hitabylgju. Þetta eru gríðarleg viðbrigði samanborið við síðastliðið sumar, þá var hér einmunablíða svo til allt sumarið og fram á haust. Þetta er tvennt ólíkt.“

### *Enginn þurrkur í júlí*

Örn Bergsson, bóndi á Hofi í Öræfum, segir tíðarfarið hafa verið bændum á sínum slóðum erfitt.

„Það hefur ekki verið nokkur þurrkur í júlí,“ segir hann. „Það er fyrst núna þegar vel er liðið á júlí sem menn sjá að eitthvað er byrjað að spretta, þetta hefur verið með eindæmum leiðinleg tíð, man varla eftir svona tíðarfari lengi, það er helst ef farið er allt aftur til ársins 1979 sem var eitthvað í líkingu við þetta sumar,“ segir Örn.

Sumarið 2014 var ekki sérstakt í Öræfunum, mikið um óþurrka og heyfengur varð lélegur sökum þess að tún spruttu úr sér. „En það þýðir ekki annað en halda í vonina um að þetta skáni eitthvað, að úr rætist og menn nái að heyja,“ segir Örn.

### *Kalt og lítil spretta*

„Bændur eru aðeins farnir að huga að heyvinnutækjum sínum, skoða hvort þau eru ekki í lagi, lengra eru menn ekki komnir í heyskap hér um slóðir,“ segir Sigurður Þór Guðmundsson, bóndi í Holti í Þistilfirði.

„Það er enginn byrjaður að heyja hér, sprettan er lítil enn sem komið er, enda hefur verið mjög kalt það sem af er sumri og töluverð bleytutíð. Við þurfum að fá góðan þurrk í einhvern tíma svo þetta taki allt saman við sér og menn geti hafist handa. Ég myndi ekki segja að í óefni væri komið enn þá,“ segir hann, en vanalega byrji bændur í Þistilfirði slátt um eða upp úr miðjum júlí.

„Það er allt seinna á ferðinni en var í fyrrasumar, en þá var tíð líka góð. Hiti hefur verið hér á bilinu 6 og 7 gráður, það er frekar kalt og ekki von að gróður taki almennilega við sér,“ segir Sigurður.

Hann segir að tíð hafi verið með svipuðum hætti sumarið 1998 og eins hafi sumarið 2011 alls ekki verið neitt sérstakt á norðausturhorni landsins. Það sumar var t.d. byrjað að slá í Holti 24. júlí.

„Ég giska á að þegar upp verður staðið verði þetta slakt meðalár. Tún hér um slóðir eru falleg og óskemmd, líta bara vel út og það þarf í raun ekki annað en örlítið meiri hita til að koma sprettunni af stað. En eins og staðan er núna verðum við bara að taka því sem býðst,“ segir Sigurður.

Ástandið er betra á Suður- og Vesturlandi, þar sem hiti það sem af er júlí hefur verið nærri meðaltali undanfarinna 10 ára. /MÞÞ



FRUM - www.frum.is

# Vertu víðsýnn veldu CLAAS

## CLAAS framleiðir 40 gerðir dráttarvéla á bilinu 72-530 hestöfl.

CLAAS er þýskt fjölskyldufyrirtæki stofnað árið 1913 og er einn stærsti framleiðandi landbúnaðartækja í heiminum.



- CLAAS ATOS 220-350
- 76-109 hestöfl
- Fæst 3ja og 4ra strokka
- Breitt úrval gírskiptinga
- Smart stop og Dynamic steering



- CLAAS ARION 410-460
- 90-140 hestöfl
- Panoramic hús
- 16/16 gíra skipting
- Ein stjórnstöng fyrir ámoksturstæki, beisli og gírskiptingu



- CLAAS ARION 530-650
- 140-184 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- 110 l LS vökvaflæði
- Byggð á hálfgrind



- CLAAS AXION 810-850
- 215-264 hestöfl
- Hexactiv gírskipting eða CMATIC stiglaus skipting
- Fagblaðamenn frá 20 Evrópulöndum völdu CLAAS Axion 800 vél ársins 2014

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is**

Fréttir



Pinnabrauð bakað yfir langeldi. Myndir / Pétur Halldórsson

## Skógardagur Norðurlands tókst vel

**Skógardagur Norðurlands var haldinn í Vaglaskógi nýverið í þokkalegu veðri, norðaustangolu og lítils háttar rigningu af og til.**

Ætla má að í það minnsta 300 manns hafi sótt viðburðinn. Í boði var gönguferð um trjásafnið, leiðsögn um fræhúsið, ratleikur, útileikir og leiktæki fyrir börnin, lifandi tónlist, grisjunarvél var kynnt og sýnd að störfum, ketilkaffi, lummur, pinnabrauð og fleiri veitingar. Einnig kynntu Sólskógar og Jötunn vélar starfsemi sína og vörur. Allir fóru glaðir og ánægðir heim eftir ánægjulegan dag segir í frétt á vef Skógræktar ríkisins.

Aðstandendur Skógardags Norðurlands voru Skógrækt ríkisins, Norðurlandsskógar, Skógræktarfélög Eyfirðinga og Suður-Þingeyinga, Skógfræðingafélag Íslands, Sólskógar og Jötunn vélar. */MÞÞ*



Danskur skógtæknir sem starfar á Vöglum smíðar þessi húsgögn sem vöktu ahygli gesta Skógardagsins.



Aðalgeir og Sævar keyra út mjólkurvörur hjá MS Akureyri:

# Miklir snúningar og tíminn líður hratt

**„Þetta eru auðvitað miklir snúningar, heilmargir viðkomustaðir, en þetta er skemmtilegt starf og það besta við það er allt það góða og skemmtilega fólk sem við eigum samskipti við á hverjum degi. Það lífgar heldur betur upp á daginn,“ segja þeir Aðalgeir Jónasson og Sævar Björnsson, bílstjórar hjá MS Akureyri.**

Þeir sjá um að koma mjólkurvörum í verslanir og á aðra þá staði innanbæjar á Akureyri sem panta slíkar vörur en fara að auki þrisvar í viku út fyrir bæjarmörkin, til Siglufjarðar og Húsavíkur.

***Víða komið við***

Aðalgeir hefur verið lengur að, í alls 15 ár, byrjaði árið 2000 og þá hjá Norðurmjólk sem var og hét. Fljótlega var verkefnið boðið út og Samskip tók við útkeyrslunni og fylgdi Aðalgeir með. Fyrir fimm árum tók MS aftur við útkeyrslu á mjólkurvörum sínum og á ný fylgdi hann með. Sævar hefur starfað við útkeyrsluna í eitt ár.

Viðkomustaðir þeirra Aðalgeirs og Sævars eru fjölmargir, þeir giska á allt að eitt hundrað talsins þegar allt er talið. Þannig að þeir koma víða við. Bílarnir sem þeir aka eru misstórir, annar tekur um 8 tonn, hinn rúm 4 tonn. Oftar en ekki eru bílarnir fulllestaðir þegar haldið er af stað út í daginn, en mestir eru flutningarnir þó að sumarlagi og fyrir jólin.




Aðalgeir Jónasson og Sævar Björnsson, bílstjórar hjá MS Akureyri, sjá um að aka mjólkurvörum til viðskiptavina, bæði innanbæjar og utan. Mynd / MÞÞ

***Sumar og vetur tvennt ólíkt***

„Tíminn líður hratt í þessu starfi, maður er auðvitað alltaf á ferðinni. Það skemmtilegasta við starfið er að hitta fólkið sem tekur á móti vörunum, það er upp til hópa líflegt og skemmtilegt og setur sinn svip á daginn hjá okkur,“ segja þeir Aðalgeir og Sævar.

Þeir nefna að vissulega sé tvennt ólíkt að aka um að sumarlagi en yfir veturinn. „Það er yndislegt að njóta náttúrunnar á fallegum sumardegi en að sama skapi er oft erfitt að vera á ferðinni í grenjandi stórhríð yfir veturinn,“ segja félagarnir. Óveður og ófærð geta sett sitt strik í vinnudaga þeirra en Aðalgeir varð t.d. veðurtepptur á Blönduósi í þrjá sólarhringa á liðnum vetri. */MÞÞ*

Frá Forystufjárræktarfélagi Íslands:

# Aðalfundur í ágúst

**Forystufjárræktarfélag Íslands var stofnað fyrir 15 árum. Það hefur m.a. veitt upplýsingar um hið einstaka íslenska forystufé, bæði innanlands og utan, og staðið að ýmsum verkefnum því tengdu.**

Öðru hvoru hefur verið greint frá starfsemi þess hér í blaðinu en félagið hefur þó ekki látið mikið fyrir sér fara; ekki mjög sýnilegt ef svo mætti að orði komast. Þegar upp er staðið skipta þó alltaf verkin mestu máli. Góð samskipti eru og hafa verið við Fræðasetur um forystufé sem var opnað fyrir rúmu ári í gamla félagsheimilinu á Svalbarði í Þistilfirði.

Nú er komið að tímamótum og má reikna með að starfsemi Forystufjárræktarfélags Íslands sem er landsfélag með 160 félaga, þar af nokkra erlenda, geti í framtíðinni tengst fræðasetrinu með formlegri hætti en stjórn þess skipa eingöngu Norður-Þingeyingar. Stjórnarfólk félagsins er aftur á móti úr hinum ýmsu landshlutum en hana skipa sá sem þetta ritar, í Reykjavík, Tryggvi Ágústsson á Selfossi og Bjarney S. Hermundsdóttir í Tunguseli á Langanesi.

Sunnudaginn 23. ágúst næstkomandi, síðdegis, verður boðið upp á sérstaka dagskrá í fræðasetrinu á Svalbarði en áður en hún hefst verður aðalfundur Forystufjárræktarfélags



Íslands haldinn þar, sennilega kl 13.30. Efni hans verður venjuleg aðalfundarstörf og stjórnarkosning þar sem þess er vænst að veruleg endurnýjun fari fram. Nánari upplýsingar um aðalfundinn og kynning á dagskrá setursins verður m.a. kynnt í Bændablaðinu fimmtudag 13. ágúst nk. ásamt grein um rannsóknir á forystufé sem Jón Viðar Jónmundsson mun skrifa. Velkomið er að hafa samband við mig um málefni Forystufjárræktarfélags Íslands í: oldyrm@gmail.com. Nýir félagar eru að sjálfsögðu alltaf velkomnir, hvort sem þeir eru að rækta forystufé eða vilja stuðla að varðveislu þess með einhverjum öðrum hætti.

Þess má geta að unnið er að öflun alþjóðlegrar viðurkenningar í forystufé, bæði á Heimsminjaskrá UNESCO og hjá Slow Food samtökunum, en slíkt fé er hvergi annars staðar til í heiminum.

*Ólafur R. Dýrmundsson*

Eyjafjarðarsveit:

# Fuglahræður komnar á stjá

**Enn eitt árið hafa íbúar Eyjafjarðarsveitar gert sitt til að gleðja gesti sveitarinnar í aðdraganda Handverkshátíðarinnar sem fram fer dagana 6.–9. ágúst.**

Í ár hafa þeir útbúið fuglahræður og komið þeim fyrir svo þær sjást frá þjóðveginum. Fuglahræðurnar eru fjölbreyttar, en m.a. má sjá litla fjölskyldu sem nýtur veðursins og grillar, ein er við björgunarstörf klædd búningi Hjálparsveitarinnar Dalbjargar í Eyjafjarðarsveit, virðulegir bændur, suðræn og seiðandi dama, Grýla er komin á kreik í sveitinni og líka tröllskessan Kvörn.

Handverkshátíðin verður nú haldin í 23. sinn. Um 100 hönnuðir og handverksfólk selja fatnað, keramik, snyrtivörur, textílvörur og skart sem oftar en ekki er unnið úr rammíslensku hráefni.

Á útisvæðinu er hægt að bragða á og kaupa góðgæti frá Beint frá býli auk fjölda annarra aðila.

Ýmsar uppákomur eru í boði alla dagana s.s. tískusýningar, markaður, sýning á gömlum traktorum og miðaldabúðir.

Handverkshátíðin er að venju haldin við Hrafnagilsskóla, um 10 kílómetrum sunnan við Akureyri. */MÞÞ*




Íbúar í Eyjafjarðarsveit hafa margir hverjir útbúið fuglahræður og komið þeim fyrir þannig að þær sjáist frá þjóðveginum.

# Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

Brenderup

## - mikið úrval aukahluta

**Garð- og tómstundakerrur**

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Frá 169.000,- m/vsk





**Tækjakerrur**

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 1935 kg.

Frá 1.350.000,- m/vsk





Frá 1.025.000,- m/vsk





**Sterkar iðnaðarkerrur**

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn
- Burðargeta allt að 2.643 kg.

**Söluaðilar**

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toppbílar | Kraftvélar |
|---|---|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Klettháls 2 | Dalvegi 6-8 |
| Garðabæ | 603 Akureyri | 260 Reykjanesbær | 800 Selfossi | 110 Reykjavík | 201 Kópavogur |
| Sími: 570-5070 | Sími 460-4300 | Sími 420-6600 | Sími 480-8000 | Sími 587-2000 | Sími 535-3500 |

# Ný lína frá New Holland T4
# Áhugaverður kostur

NEW HOLLAND AGRICULTURE

T4





- Kraftmikil og lipur 107 hestafla dráttarvél
- Vökvavendigír með 24+24 hraðasviðum í gírkassa
- Rafstýribeisli með stjórnun úti á brettum
- Ökumannshús hannað með aðbúnað notenda í fyrirrúmi
- Flotmikil dekk

Til afgreiðslu strax!

Verð aðeins 6.890.000.- kr. án vsk.
(8.543.600.- kr. með vsk.)

Verð með Alö X46 ámoksturstækjum 8.420.000.- kr. án vsk.
(10.440.800.- kr. með vsk.)

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279
**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339
**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is
**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónsdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**
**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Hver er tilgangur verðlagsnefndar búvara?

**Mikil umræða skapaðist á dögunum um ákvörðun verðlagsnefndar búvara um að hækka verð á mjólk. Þekktir gagnrýnendur landbúnaðarkerfisins voru eins og vænta mátti fljótir að taka við sér. Misskilningur og rangfærslur runnu greiðlega og gagnrýnislaust í gegnum fjölmiðla og því ekki vanþörf á því að skýra nokkur atriði varðandi verðlagningu á mjólkurvörum.**

Verðlagsnefnd búvara starfar á grunni búvörulaga nr. 99/1993. Samtök launþega, BSRB og ASÍ eiga að tilnefna tvo fulltrúa í nefndina. Bændasamtökin og Landssamband kúabænda tilnefna tvo fulltrúa sameiginlega og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði tilnefna tvo fulltrúa. Ráðherra landbúnaðarmála tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og er hann formaður hennar, með tvöfalt atkvæðavægi.

Þegar óskað var eftir tilnefningum í nefndina nú í vor ákváðu launþegasamtökin að tilnefna ekki fulltrúa. Skýrt er kveðið á um það í lögunum hvernig brugðist skuli við slíku enda hefur sú staða komið upp áður. Það varð úr að ráðherra vinnumarkaðarins, eða velferðarráðherra, tilnefndi þessa tvo fulltrúa.

Nefndin er svo skipuð: Fulltrúar velferðarráðuneytis eru Björg Bjarnadóttir, skrifstofustjóri Verkalýðsfélags Akraness, og Sverrir Björn Björnsson, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Fulltrúar Bændasamtakanna eru Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, og Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda. Fulltrúar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði eru Guðrún Sigurjónsdóttir kúabóndi og Jóhannes Ævar Jónsson, varaformaður SAM. Formaður nefndarinnar og fulltrúi atvinnuvegaráðuneytisins er Ólafur Friðriksson.

### *Starf verðlagsnefndar er skýrt afmarkað í búvörulögum*

Það kann að vera að einhver haldi að starf nefndarinnar beri einkenni kaffiklúbbs sem dílar og vílar um mjólkurverð eftir geðþótta og dagsformi. Því fer fjarri. Starf nefndarinnar er skýrt afmarkað í áðurnefndum búvörulögum. Tvö megin vinnugögn eru til umræðu í nefndinni hverju sinni. Annars vegar verðlagsgrundvöllur kúabús og hins vegar samantekt kostnaðar við vinnslu og dreifingu mjólkur. Það sem hins vegar snýr hvað mest að bændum er verðlagsgrundvöllur kúabús.

Hagstofa Íslands sér um að uppreikna verðlagsgrundvöllinn ársfjórðungslega sem síðan er tekinn fyrir í verðlagsnefnd til afgreiðslu. Núverandi verðlagsgrundvöllur kúabús var tekinn í notkun í ársbyrjun 2001 og er því vissulega kominn til ára sinna. Grunnurinn byggir einfaldlega á kostnaðarsamsetningu á vel reknu kúabúi með 40 árskýr og 188.000 lítra framleiðslu. Með ítarlegri gagnaöflun og mælingum á vinnuframlagi var fundið út hvað slíkt kúabú þyrfti mikið af aðföngum eins og áburði, kjarnfóðri, rekstrarvörum og þjónustu. Einnig er tekið tillit til afskrifta og vaxtakostnaðar. Á grundvelli vinnumælinga reiknast svo það vinnuframlag sem inna þarf af hendi á slíku búi. Tekjur búsins taka, auk mjólkurframleiðslu, mið af áætlaðri kjötframleiðslu slíks bús og stuðningsgreiðslna.

Frá árinu 2001 hefur kostnaðarsamsetningu þessa grundvallarbús ekki verið breytt. Hagstofan mælir þær breytingar sem verða á öllum liðum á þriggja mánaða fresti, með nokkrum undantekningum eins og t.d. verð áburðar sem reiknast í júní ár hvert. Verðlagsgrunnurinn er aðgengilegur á heimasíðu atvinnuvegaráðuneytisins ásamt fundargerðum nefndarinnar.

Þegar rýnt er í niðurstöðutölur verðlagsgrunnsins sést að í áranna rás hafa gjöldin aukist umfram tekjurnar, t.d. var í mars 2014 tapið á rekstri búsins orðið tæpar átta milljónir á ársgrundvelli. Eðlilega velta margir því fyrir sér hvernig þetta megi vera. Meginástæða fyrir þessum mun er að finna í eðli þess starfs sem unnið er í nefndinni. Þar þurfa menn að ná sátt um verðbreytingar til að þær verði að veruleika. Í gegnum tíðina hefur oft verið gengið skemur í hækkunum en útreikningar grundvallarins hafa sýnt til að ná sátt milli allra aðila í nefndinni.

### *Verðlagning á mjólkurvörum ekki óumdeild*

Fulltrúar bænda í verðlagsnefnd hafa sjaldnast fengið klapp á bakið fyrir framgöngu sýna við verðákvarðanir í nefndinni. Kúabændur hér á landi hafa undanfarin misseri margir lagt í mikinn kostnað við að auka sína framleiðslu til að halda í við vaxandi eftirspurn eftir mjólkurvörum. Samfara því er framleiðsluskylda aukin. Það er því eðlilegt að sumir þeirra séu vonsviknir. Staðreyndin er hins vegar sú þegar mjólk var verðlögð 1. október 2013 þá hafði gjaldaliður verðlagsgrundvallar hækkað um 3,1% og afurðaverð til bænda hækkaði um sama hlutfall. Við ákvörðun um verðlagningu fyrir 1. ágúst nk. hafði gjaldaliður verðlagsgrundvallar hækkað um 1,77% og afurðaverð hækkaði um sama hlutfall.

Það er vissulega kominn tími til að endurskoða kostnaðarsamsetningu verðlagsgrunnsins. Miklar breytingar hafa orðið í kúabúskap hér á landi frá árinu 2001 og segja má að sá munur sem er á milli gjalda og tekna í grunninum endurspegli í raun þá hagræðingarkröfu sem verðlagsnefnd hefur gert á íslenska kúabændur. Enn fremur er eðlilegt nú þegar rætt verður um næstu búvörusamninga að skoða hvort skynsamlegt sé að gera einhverjar breytingar á verðlagningu mjólkur.

### *Hlutverk nefndarinnar er að tryggja hagsmuni allra í virðiskeðjunni*

Í umræðunni hefur komið fram gagnrýni á hvernig verðlagningu mjólkur er háttað. En það gleymist í þeirri umræðu að þessi þáttur er aðeins einn af mörgum samhangandi þáttum sem mynda starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og aðgengi neytenda að góðum mjólkurvörum á góðu verði. Hefur einhver velt því fyrir sér að verslunin fær mjólkina á sama verði inn á lager hjá sér hvort sem sú verslun er staðsett á Kópaskeri eða í Kópavogi? Bændur um allt land borga sama flutningskostnað, óháð búsetu. Hlutverk nefndarinnar hefur verið að tryggja hagsmuni allra í virðiskeðjunni frá bónda til neytenda. Það hefur tekist.

Nýleg skýrsla Hagfræðistofnunar segir að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003. Lágmarksverð til bænda hefur jafnframt hækkað umfram almennt verðlag síðan 2003. Bæði neytendur og bændur hafa því haft ávinning af núverandi fyrirkomulagi. */SSS*

## LOKAORÐIN

# Ísland er gjöfult

**Sjaldan launar kálfur ofeldið segir máltækið sem sannarlega er enn í fullu gildi. Það má m.a. heimfæra upp á stöðugt aukna eftirsókn í ímyndaðar þarfir um leið og horft er framhjá öllum þeim ótrúlegu gæðum sem við Íslendingar búum við, umfram aðrar þjóðir.**

Við erum snillingar í að barma okkur og grenja yfir hvað við höfum það nú slæmt. Allt sé betra í útlöndum.

Þrátt fyrir endalausan barlóm, þá hefur varla nokkur þjóð í veröldinni eins gott aðgengi að endurnýjanlegum orkulindum sem spara okkur ótrúlegar upphæðir í gjaldeyri á hverju einasta ári. Ólíklegt er heldur að nokkur þjóð hafi eins gott aðgengi að auðlindum í hafinu eins og Íslendingar.

Vart þarf að tala um hreina loftið sem við öndum að okkur og vindinn sem er meira að segja nýtanlegur til raforkuframleiðslu. Hreina vatnið sem er að verða vandfundin auðlind á jörðinni.

Fleiri orkulindir en vatnsafl, jarðhita og vindorku má nefna sem Íslendingar eiga aðgang að en nýta ekki í dag. Þar má nefna gríðarlegt umfang af mó í landinu sem nýta má til eldsneytisgerðar og um leið minnka losun gróðurhúsalofttegunda úr íslenskum jarðvegi.

Þá eigum við ótrúlega fjölbreytta og fallega náttúru sem er nú uppspretta mikillar aðsóknar erlendra ferðamanna. Þar má ekki vanmeta margslungið veðurfar, í því felast líka verðmæti. Meira að segja vondu vetrarveðrin með allri sinni ófærð og vandræðum eru farin að verða söluvara svo ekki sé minnst á norðurljósin.

Við sem bölvum veðrinu í hvert sinn sem ekki er logn og heiðskír himinn mættum hafa í huga hvað það þýddi ef hér væri staðviðri með stöðugum 35 stiga hita.

Þá gætum við um leið strikað yfir mjög stóran hluta ferðamennsku á Íslandi. Jöklar hyrfu og þar með stærstur hluti vatnsaflsins. Mómýrarnar sem nú eru til og myndu duga Íslendingum til eldsneytisframleiðslu í þúsund ár myndu þorna upp. Vegna aukins hita myndu okkar helstu fiskistofnar hverfa á braut til norðlægari slóða.Vegna lágdauðs lofts yrði lítið framleitt af rafmagni með vindmyllum.

Ísland yrði sem sagt lítt spennandi nema til þess eins að flatmaga í brennandi sólarhita.

Grasið er sannarlega ekki alltaf grænna hinum megin við lækinn þó ætla mætti annað af daglegri umræðu. Þótt náttúran sé oft óblíð þá mættum við læra að meta allt það góða sem Ísland hefur upp á að bjóða og hætta bölmóðsruglinu. */HKr.*

# Sorg hjá svanapari



Svanurinn er óneitanlega tígulegur fugl þótt hann sé ekki alltaf aufúsugestur í kornökrum bænda. Svanir eru einnig taldir með trygglyndari dýrum gagnvart maka sínum og ekki er annað að sjá en þannig sé því einmitt varið á þessari mynd. Þarna hefur svanur af einhverri ástæðu gefið upp öndina á bakka Þverár skammt suður af Hvolsvelli, en trúr makinn er samt ekkert á því að yfirgefa fallinn vin og félaga, kannski til áratuga, og vakir því yfir hræinu. Mynd / HKr.

## Líf og starf



### Reiðskóli Reykjavíkur:

# Sprenging í aðsókninni í ár

**Krakkarnir í Reiðskóla Reykjavíkur héldu sýningu fyrir foreldra sína á dögunum á hæfni sinni á hestbaki. Þar skein áhuginn úr hverju andliti og ekki ólíklegt að í þeim hópi megi finna einhverjar framtíðarstjörnur í hestaíþróttum.**

Reiðskóli Reykjavíkur var stofnaður árið 2001 og eru eigendur hans hjónin Edda Rún Ragnarsdóttir og Sigurður Vignir Matthíasson. Þau hafa stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini, fyrst sem áhugamál en síðan sem aðalatvinnu. Reiðskóli Reykjavíkur er með aðsetur að Fákabóli 3 í Reykjavík, sem er staðsett fyrir framan Félagsheimili Fáks í Víðidal.

Námskeiðin hjá Reiðskóla Reykjavíkur hefjast um leið og skólum lýkur og standa þau þar til viku áður en skólar hefjast að nýju.

***Algjör sprenging í aðsókninni í ár***

„Það eru hjá okkur um sex til sjö hundruð börn og það hefur verið algjör sprenging í aðsókninni í ár. Sjálfsagt er margt sem veldur því. Það er vel að öllu staðið og hjá okkur er frábært fólk sem sér um námskeiðin. Eins skiptir veðrið líka miklu máli, en í fyrra og hittifyrra var veðrið skelfilega leiðinlegt,“ sagði Edda Rún Ragnarsdóttir í samtali við Bændablaðið.

***Með mikla reynslu og þekkingu***

Edda Rún er fædd inn í mikla hestamannafjölskyldu og hefur stundað hestamennsku frá því hún man eftir sér með fjölskyldu sinni. Faðir hennar, Ragnar Hinriksson, er þekktur hestamaður og hefur starfað við tamningar og þjálfun frá unga aldri.

Edda Rún á að baki glæsilegan feril sem knapi og hefur unnið til fjölda verðlauna í hestamennsku bæði sem Íslandsmeistari, Landsmótsmeistari, Reykjavíkurmeistari og svo mætti lengi telja. Hún er stúdent frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og hefur starfað við tamningar og þjálfun frá árinu 1999.

Sigurður Vignir byrjaði kornungur í hestamennsku með fjölskyldu sinni og náði fljótt góðum tökum á reiðmennskunni. Hann hóf keppnisferil sinn í barnaflokki og hefur allar götur síðan verið í fremstu röð knapa hér á landi. Hann hefur einnig unnið til fjölmargra verðlauna, m.a. orðið heimsmeistari í fimmgangi, Íslandsmeistari, Landsmótsmeistari og Reykjavíkurmeistari ásamt því að hafa verið útnefndur hestaíþróttamaður ársins. Sigurður er í Félagi tamningamanna og er með þjálfarapróf félagsins, hann hefur starfað við tamningar og þjálfun frá árinu 1993.

Samhliða starfsemi Reiðskóla Reykjavíkur reka hjónin hestamiðstöðina Ganghestar, þar sem þau bjóða upp á þjónustu við hestafólk eins og kaup og sölu á hrossum, reiðkennslu, frumtamningar og þjálfun á kynbóta- og keppnishrossum. Edda Rún og Sigurður halda einnig fjölmörg reiðnámskeið um allan heim og fara reglulega til Noregs, Hollands, Svíþjóðar, Belgíu og Þýskalands.

Edda Rún segir að hver krakki á námskeiðunum sé með sérstakan hest fyrir sig þessar tvær vikur sem hvert námskeið stendur. Það hafi mikið að segja að þau geti hvert og eitt verið með „sinn“ hest.

***Margir nemendur halda áfram í hestamennskunni***

Edda Rún segir mörg dæmi um að krakkar sem stígi sín fyrstu spor í reiðmennsku hjá þeim haldi áfram í hestamennskunni.

„Sem dæmi þá er kennari hjá mér á byrjendanámskeiðinu búin að vera hjá mér frá upphafi. Hún kom hér sem nemandi 2001 og er orðin kennari í dag. Þó hún hafi valið þessa leið þá hafa hvorki foreldrar hennar né nokkrir aðrir í fjölskyldunni verið neitt í hestamennsku. Þannig er um mörg börn og unglinga sem komið hafa til okkar án þess að vera neitt tengd inn í hestamennskuna, en eru orðnir atvinnuknapar í dag. Það hefur verið mjög gefandi að fylgjast með þessu fólki.

Það er mjög gaman að hitta fólk á förnum vegi sem hefur fyrst kynnst hestamennskunni hjá okkur. Í gegnum okkur hefur því orðið mikil nýliðun í greininni og það má eiginlega segja að við séum að framleiða knapa,“ segir Edda Rún Ragnarsdóttir. /HKr.



Krakkarnir í Reiðskóla Reykjavíkur sýndu foreldrum sínum hvað þau eru orðin flink í meðhöndlun hesta.











---

## 134 MÆLT AF MUNNI FRAM

**Hjálmar Freysteinsson** læknir átti hólmalaust allan síðasta vísnaþátt. Andríki hans var slíkt á títtnefndu vísnakvöldi Karlakórs Eyjafjarðar, að ekki duga efni hans minna en þrír heilir þættir. Þó neyðist ég til að lauma inn einum kviðlingi eftir **Björn Ingólfsson** á Grenivík. Efnið á enda svo brýnt erindi við íslenska sauðfjárbændur einmitt nú. Björn sinnti sauðburðarvakt sl. vor. Þar tókst honum að setja sig svo kirfilega inn í hugsanir einnar ær sem svo lagðist og dó undir morguninn. Ef til vill er hér að finna orsök áadauðans sl.vor:

*Löglega heitbundin hrútnum Glám*
*ég horfði' á hann riðlast á 70 ám.*
*Í brjósti mér brast einhver strengur.*
*Og nú er ég ólétt og allt í skít,*
*ósofinn bóndann ég fyrirlít*
*og nenni ekki að lifa lengur.*

En höldum nú áfram með kveðskap **Hjálmars Freysteinssonar**. **Birgir** hafði í hugsunarleysi líkt **Pétri lækni Péturssyni** við „klettinn sem alltaf stæði uppúr“. **Hjálmar** gerði athugasemd við þá alhæfingu:

*Merking orða og málfar rétt*
*mjög er skrýtin fræðigrein.*
*Það sem sumir kalla klett*
*kalla aðrir bara stein.*

**Hjálmar** hafði fyrr í vetur fengið slæmsku í auga, og gekk um hríð með lepp fyrir því auga. Birgir stjórnandi vildi vita hverju það sætti:

*Fyrir auga leppur lá,*
*lýsir slægð og hugviti*
*að félaga mína suma sjá*
*ég síður vildi í tvíriti.*

Eins og fyrr er getið, þá kom **Jói** á Gunnarsstöðum heim af þorrablóti með gat og kúlu á hausnum og glóðarauga að auki. **Hjálmar** orti þá:

*Ekki er Jói lukkulaus,*
*þó lendi oft í brýnum,*
*glóðarauga og gat á haus*
*gera hann fríðan sýnum.*

*Og þó ....*

*Fest hefur Jói í minni manns*
*marga vísu ljóta.*
*Fjölgun gata á höfði hans*
*er hreint ekki til bóta.*

Síðan spurði **Birgir Hjálmar** hvert honum þætti besta aprílgabbið:

*Umhleypingar slydda og slabb*
*sligar sálar krafta,*
*en ansi smellið aprílgabb*
*er afnám fjármagnshafta.*

**Birgir** vildi svo fá eina veðurvísu frá **Hjálmari**:

*Íslensk veðrátta er værukær*
*en vert er að gá að hinu;*
*illviðrin koma oftast nær*
*frá Evrópusambandinu.*

Tilvitnað hagyrðingakvöld Karlakórs Eyjafjarðar bar einmitt upp á 1. apríl sl. Því spyr **Birgir Hjálmar** í framhaldinu, hvort hægt sé að treysta hagyrðingum fyrir einhverju:

*Vitlausar hef ég vísur gert*
*en vara mig á einu:*
*Fyrsta apríl árið hvert*
*aldrei lýg ég neinu.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Landssamband veiðifélaga:

# Vill banna dróna við veiðiár

**Á aðalfundi Landssambands veiðifélaga, sem haldinn var á Breiðdalsvík dagana 12.–13. júní 2015 var eftirfarandi ályktun samþykkt.**

Aðalfundur Landssambands veiðifélaga, haldinn á Breiðdalsvík dagana 12.–13. júní 2015, vekur athygli veiðifélaga á að svokallaðir „drónar“ eru nú að verða algengir á Íslandi. Engar reglur hafa verið settir um notkun þessara flygilda. Fundurinn beinir því til veiðifélaga að settar verði reglur sem banna notkun „dróna“ við veiðiár á veiðitíma til að tryggja frið við árnar.

Um leið og við vekjum athygli á ofangreindri ályktun, þá bendum við á að frekari upplýsingar um efni hennar veitir formaður LV, Jón Helgi Björnsson, Laxamýri í síma 893 3778.

Þess má geta að á aðalfundinum var Jón Helgi Björnsson kjörinn formaður LV og tók hann við af Óðni Sigþórssyni sem var formaður LV frá árinu 2000 til aðalfundar 2015.

Árborg:

# Bæjarráð fagnar Hvammsvirkjun



Arna Ír Gunnarsdóttir

**Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, fagnar því að Hvammsvirkjun í Neðri-Þjórsá hafi verið færð úr biðflokki í nýtingarflokk.**

„Ljóst er að þessi niðurstaða er fengin eftir faglega og vandaða umfjöllun verkefnisstjórnar um rammaáætlun og faghóps á hennar vegum. Gera má ráð fyrir talsverðum beinum og óbeinum jákvæðum áhrifum á atvinnuuppbyggingu á Árborgarsvæðinu á framkvæmdartíma virkjunarinnar. Einnig er ástæða til þess að árétta, að stærri hluti þeirrar orku sem framleidd er á Suðurlandi verði nýttur til frekari atvinnusköpunar á svæðinu. Nú eru um 4% framleiddrar orku nýtt á Suðurlandi en um 50% af virkjuðu vatnsafli og 70% af virkjuðu afli frá háhitasvæðum koma úr þessum landshluta“, segir Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, í ályktun sem hún lagði fram á fundi bæjarráðs í síðustu viku. Fulltrúar B-, D- og Æ-lista tóku undir ályktunina. */MHH*



Við Reykjadalsá og bæinn Giljar í Reykholtsdal. Mynd / HKr.

Náttúruvernd og landgræðsla:

# Ráðherra skoðar sameiningu stofnana

## – breyttar áherslur í vernd og sjálfbærri nýtingu

**Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skipað starfshóp til að skoða leiðir til að samþætta eða sameina stofnanir á sviði náttúruverndar og landgræðslu, með það að markmiði að efla stofnanakerfi ráðuneytisins á sviði verndunar og sjálfbærrar nýtingar náttúru landsins.**

Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að mikilvægt sé að stofnanaumgjörð ríkisins endurspegli breyttar þarfir og hafi afl til að takast á við nýjar áskoranir.

Ljóst er að með auknu álagi á náttúru landsins vegna ferðamennsku mun verða vaxandi þörf á að efla getu á þessu sviði. Þar má sérstaklega nefna þær áskoranir sem tengjast mikilli þörf á verndaraðgerðum og uppbyggingu vegna hennar, á náttúruverndarsvæðum og almennt í íslenskri náttúru.

Starfshópnum er falið að kanna ávinning af því að sameina verkefni á þessu sviði og skulu eftirfarandi leiðir kannaðar í því sambandi: Sameining þess hluta starfs Umhverfisstofnunar sem snýr að ofangreindum verkefnum og Landgræðslu ríkisins með staðsetningu í Gunnarsholti. Sameining Umhverfisstofnunar og Landgræðslu ríkisins, en þá með innri aðskilnaði tilgreindra verkefna og stjórnsýslu. Áhersla verði á skilgreiningu kjarnaverkefna landsbyggðarstarfsstöðva.

Starfshópinn skipa Líneik Anna Sævarsdóttir, alþingismaður og formaður hópsins, Valgerður Gunnarsdóttir alþingismaður, Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Stefán Guðmundsson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri hjá Landgræðslu ríkisins.

Með hópnum starfar Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi auk ritara. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili greinargerð til umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir 1. nóvember 2015 og skal hann hafa samráð við helstu hagaðila. */ VH*



Alifuglar í Iowa urðaðir eftir slátrun vegna eins versta fuglaflensufaraldurs í Bandaríkjunum til þessa.

Versta tilfelli fuglaflensu í Bandaríkjunum til þessa:

# Fimmtíu milljónum alifugla fargað

## – í sumum tilvikum hefur verið beitt eldvarnarkvoðu við slátrunina

**Alifuglaræktendur í miðríkjum Bandaríkjanna hafa þurft að slátra tæplega 50 milljón kjúklingum og kalkúnum vegna fuglaflensufaraldurs sem herjar á 15 ríki Bandaríkjanna. Veiran sem veldur sýkingunni er stofn sem kallast H5N2.**



Í Minnesota hefur þurft að slátra nálega 9 milljón kalkúnum.

Iowa-ríki hefur komið verst út úr fuglaflensunni og þar hefur meira en 31 milljón alifuglum verið slátrað. Þar af eru um 40% af öllum varphænum í ríkinu.

Ástandið í Iowa vegna fuglaflensunnar var svo slæmt um tíma að ríkisstjórinn lýsti yfir neyðarástandi á tímabili. Starfsmenn hænsnabúa þar sem sýkingin hefur komið upp eru undir sérstöku eftirliti heilbrigðisyfirvalda hafi flensan borist í menn. Í Minnesota hefur þurft að slátra nálega 9 milljón kalkúnum.

Umfang slátrananna til að hindra útbreiðslu flensunnar er gríðarleg og í sumum tilfellum hefur kvoðu eins og er í slökkvitækjum verið dælt inn í fuglaeldishús til að drepa fuglana. Eftir slátrun eru fuglarnir urðaðir en magnið er slíkt að sumar urðunarstöðvar hafa neitað að taka við meira af dauðum fuglum en þegar hefur verið gert.

Líklegt er talið að draga muni úr útbreiðslu fuglaflensunnar á næstu vikum þar sem hægir á útbreiðslu veirunnar sem henni veldur í hita og þurrki. Sérfræðingar segja aftur á móti líkur á að ný tilfelli sýkinga brjótist út með haustinu þegar kólnar í veðri og loftraki eykst. Auk þess sem farfuglar á leið suður á bóginn til vetrarstöðvanna geti borið veiruna í sér og í eldisfugla. Sumir vísindamenn segja mögulegt að veiran sem um ræðir geti borist milli búa með vindi.

Verð á eggjum hækkaði um rúm 84% í mörgum ríkjum Bandaríkjanna í júní síðastliðnum vegna þessa eins versta tilfellis fuglaflensu sem herjað hefur á fuglabú þar samkvæmt því sem segir í yfirlýsingu frá landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna. Verð á alifuglakjöti hefur einnig hækka undanfarið vegna minnkandi framboðs í kjölfar sýkingarinnar.

Talsmenn dýraverndarsamtaka segja löngu tímabært að endurskoða hvernig eldi alifugla fer fram á stórum fuglabúum með velferð dýranna, afkomu bænda og matvælaöryggi neytenda að leiðarljósi. Einnig hefur verið bent á að endurskoða þurfi reglur og varúðarráðstafanir sem settar hafa verið til varnar útbreiðslu fuglaflensu, en þær hafa að mestu reynst gagnslausar. */VH*




Stórir trukkar eru notaðir við að flytja fuglshræin til slátrunar.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is





# LELY HEYVINNUVÉLAR

**Eigum mikið úrval LELY heyvinnuvéla til afgreiðslu strax**

Tæknilega framúrskarandi vélar þar sem **GÆÐI** og **GÓÐ ÞJÓNUSTA** er í fyrirrúmi

**Allar LELY heyvinnuvélar afhendast samsettar og heim á bæ**

**2 ÁRA VERKSMIÐJU-ÁBYRGÐ**

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Fréttir

## Vöktun á lúsmýi:
# Getur borið veirur milli dýra sem valda alvarlegum sjúkdómum

**Matvælastofnun hefur nú hafið vöktun á lúsmýi í samstarfi við nokkrar Náttúrustofur og Landbúnaðarháskóla Íslands. Gildrum hefur verið komið fyrir á nokkrum stöðum á landinu og fyrirhugað er að setja þær upp á hverju sumri héðan í frá.**


Lúsmý.

Það er áhyggjuefni ef þessi tegund nær fótfestu hér á landi þar sem nokkrar undirtegundir hennar eru þekktar fyrir að bera tilteknar veirur milli dýra, sem valda alvarlegum sjúkdómum í búfé. Meðal annars er um að ræða blátunguveiru sem hefur verið að færast norður eftir Evrópu á síðustu árum. Blátunga er sjúkdómur í sauðfé, geitum og nautgripum.

Helstu einkenni sjúkdómsins eru hár hiti, slefa, bólgur í andliti og tungu, og tungan verður í sumum tilvikum blá.

Annar sjúkdómsvaldur sem lúsmýið getur borið milli dýra er veira sem uppgötvaðist fyrst í Schmallenberg í Þýskalandi árið 2011 og hefur verið kennd við þann stað. Sú veira veldur vansköpun á fóstrum kúa, kinda og geita.

Til viðbótar dreifingu sjúkdóma er þessi flugnategund þekkt fyrir að valda ofnæmisviðbrögðum í húð hrossa, hinu svonefnda sumarexemi, sem hrjáir oft íslensk hross sem flutt hafa verið til útlanda.

Fram til þessa hefur ekki verið talin hætta á að upp kæmu faraldrar af völdum blátungu- og Schmallenberg veira hér á landi, jafnvel þótt þær bærust til landsins, þar sem talið hefur verið að flugurnar sem bera þær milli dýra hafi ekki náð að festa sig í sessi. /VH

## Skátar og skógrækt:
# Skógræktarnámskeið fyrir unglinga

**Skógræktarfélag Íslands og Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni bjóða upp á spennandi skógræktarnámskeið fyrir unglinga. Námskeiðið stendur í fjóra daga frá laugardegi til þriðjudags.**

Á námskeiðinu verður blandað saman fræðslu og kennslu um skógrækt og spennandi leikjum og ævintýradagskrá frá skátunum.

Farið verður yfir helstu þætti skógræktar á Íslandi og erlendis, meðal annars tegundagreiningu og helstu not, landval við plöntun, verkfæri og tæki, skógræktaráætlanir, skógarfánu og flóru og margt fleira.

Þess á milli verður farið í skemmtilega dagskrá þar sem að allt sem að Úlfljótsvatn hefur upp á að bjóða verður notað. Farið verður á báta, klifrað í klifurturninum og ýmislegt annað prófað.

Tilvalið námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á ræktun og skógrækt og vilja njóta þess að fræðast um leið og tækifæri er til að kynnast hressum krökkum með svipuð áhugamál.

Leiðbeinendur koma bæði frá Útilífsmiðstöðinni og Skógræktarfélaginu þannig að það verða sérfræðingar í öllum hlutverkum.

Dagsetningar í boði: 25. júlí–28. júlí 2015. Verð 26.500 á mann.

Allt er innifalið í gjaldinu nema rúta til og frá Úlfljótsvatni. Hægt er að bóka námskeið og rútu í bókunarforminu hér á síðunni.


Æðarbóndinn Sigurður Guðjónsson, Borgargerði í Skagafirði, með dótturdóttur sína, Katrínu Sif Arnarsdóttur, í fanginu.

# Leiðrétting

**Í síðasta blaði var rætt við Sigurð Guðjónsson, æðarbónda í Borgargerði í Skagafirði, í samantekt um æðarvarpið. Þar var hann ranglega sagður Guðmundsson og er beðist velvirðingar á því.**

Undir mynd af ungri stúlku sem fylgdi greininni var birt nafn Sólveigar, dóttur Sigurðar, sem ekki var á myndinni. Hið rétt er að stúlkan á myndinni heitir að sjálfsögðu Katrín Sif Arnarsdóttir og er dótturdóttir Sigurðar. Eru Katrín Sif og hennar aðstandendur beðin velvirðingar á þessum mistökum.


Katrín Sif hugar að kollu á hreiðri.



## Akureyri:
# Um 2.000 risahvannir innan bæjarmarkanna

**Náttúrufræðistofnun Íslands hefur lokið við að kortleggja útbreiðslu risahvanna innan bæjarmarka Akureyrar. Að minnsta kosti 2000 plöntur fundust á um 450 stöðum.**

Á Akureyri var gerð ítarleg leit að tegundum risahvanna og GPS-hnit allra fundarstaða skráð. Í ljós kom að risahvannir eru afar algengar í bænum, ekki aðeins í görðum þar sem þær hafa verið ræktaðar sem skrautplöntur, heldur eru þær víða utan þeirra. Fundarstaðirnir skiptu hundruðum og er talið að um fleiri en 2000 plöntur sé að ræða. Þannig hefur þessum ágengu plöntum tekist ágætlega að dreifa sér og vaxa upp, einkum á þéttbýlum svæðum. Á mörgum stöðum eru plönturnar vel þroskaðar og mynda þær þúsundir fræja árlega. Það stuðlar að aukinni og hraðari dreifingu tegundanna.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar sem þetta kemur fram, segir að risahvannir séu hættulegar vegna eitraðs safa þeirra sem getur valdið alvarlegum bruna á húð. Plönturnar eru sérstaklega hættulegar á heitum, sólríkum sumardögum þar sem sólarljósið veldur efnabreytingu í safa plantnanna sem veldur bruna. /MÞÞ


Síldarsöltun sett á svið fyrir gesti á Siglufirði. Þessi sýning er nú orðin útflutningsvara. Mynd / Síldarminjasafnið

## Síldarminjasafnið:
# Besti júnímánuður frá upphafi

**Sumarið fór vel af stað á Síldarminjasafninu en aðsóknarmet var slegið í júnímánuði þegar tæplega 4.000 gestir heimsóttu safnið.**

Er það um 40% aukning frá síðasta ári. Þá fjölgaði erlendum gestum sömuleiðis um rúm 15% á milli ára.

Mikil vinna hefur verið lögð í markaðssetningu á safninu og hefur það skilað sér í aukningu bæði í skipulögðum ferðum hópa sem og óskipulögðum ferðum, þar sem einstaklingar ferðast um landið á eigin vegum. Þá munar einnig um að alls hafa tólf skemmtiferðaskip haft viðkomu á Siglufirði það sem af er ári.

Júlímánuður er fullbókaður með fimm skipakomum.og fram undan er Síldarævintýrið á Siglufirði um komandi mánaðamót.

Þá stefnir síldargengið til Álandseyja þar sem settar verða upp fimm söltunarsýningar á þremur dögum. Er það hluti af norrænni strandmenningarhátíð. /MÞÞ

Þegar hefðbundin málning er ekki að duga
þá er S-26 málningarkerfið lausnin

Hér að neðan eru myndir sem sanna þessa staðreynd.
Þú þarft ekki lengur að mála á 3ja-4ra ára fresti.

10 ára ábyrgð



Þetta hús stendur við Tálknafjörð um 300 m frá ströndinni. Þrátt fyrir mikið veðurálag, særok og sandrok þá sér ekki á málningunni í dag - 6 árum síðar. Raki hvarf alveg úr húsinu á nokkrum vikum.



Máluð var prufa af S-26 Malis kerfinu á BYKO-vegginn árið 2008. Tveimur og hálfu ári síðar var veggurinn háþrýstiþveginn en prufan haggaðist ekki.

malis.is - vörn til framtíðar
MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS
Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

S-26 ÚTIMÁLNING - í eitt skipti fyrir öll
TEKNOS WOODEX



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki




12 kg
Þvottavél
· Tekur heitt vatn > sparneytin
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Þvotta og orkuklassi A
· Engin kol í mótor

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á 402 dreifingarstaði
og á yfir 5.000 lögbýli um allt land



GALLAGHER

Er kominn tími á að girða?

Eitt traustasta og öflugasta merkið í rafmagnsgirðingum um allan heim

Afl, áreiðanleiki, tækni!

KS Verslunin Eyri
Eyrarvegi 21, 550 Sauðárkróki
Sími 455 4610
Opið: 8-18 virka daga / 10-13 laugardaga

NÝPRENT





**CLAAS Uniwrap 375**, árgerð 2012, notkun 11.850, verð án vsk. 6.700.000 kr.



**Krone 130B**, árgerð 2001, notkun 9000, verð án vsk: 980.000 kr.



**NH TS110A**, notkun 9.700. Verð án vsk: 3.950.000 kr.



**CLAAS Uniwrap 255**, árgerð 2006, notkun 16.000, verð án vsk. 3.200.000 kr.



**CLAAS ARION 630**, árgerð 2012, notkun 3.500, verð án vsk. Fjaðrandi hús, fjaðrandi framhásing, 4 t framlyftubúnaður og aflúttak, 4ra hraða aflúttak aftan, 0,11 km super skriðgír, 650/65 R38 aftan, 480/70 R28, vökvayfirtengi, rafstýrt vökvakerfi með 100 l dælu, sæti með loftkælingu og hita, hiti í aftrúð og speglum (rafstýrðir), Xenon vinnuljós framan og aftan, ofl. ofl. TRIMA 6.1 ámoksturstæki.

VÉLFANG
Vélfang – Gylfaflöt 31 – Reykjavík
Sími 580-8200 – velfang.is

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



## Glæsilegt Íslandsmót í hestaíþróttum:

# Gústaf Ásgeir sigursæll

**Mikið var um dýrðir á Íslandsmóti í hestaíþróttum sem fram fór á félagssvæði hestamannafélagsins Spretts á Kjóavöllum í Kópavogi dagana 8.–12. júlí sl. Öll aðstaða á hinu nýja keppnissvæði Sprettsmanna þótti til fyrirmyndar og þótti gefa góð fyrirheit fyrir Landsmót sem haldið verður þar árið 2018.**

Um 1.300 skráningar voru á Íslandsmótið og þótti hestakostur góður og keppnin sterk í öllum flokkum.

Gústaf Ásgeir Hinriksson var sigursælasti keppandi mótsins en hann tryggði sér fimm Íslandsmeistaratitla. Gústaf, sem keppir í ungmennaflokki, sigraði slaktaumatölt á Skorra frá Skriðulandi, fjórgangskeppni sigraði hann á Þyt frá Efsta-Dal II og fimmgangskeppni ungmenna sigraði hann á Geisla frá Svanavatni. Hann skaut svo eldri og reyndari keppendum ref fyrir rass í opnum flokki í 250 metra skeiði þegar hann sigraði á Andra frá Lynghaga á tímanum 21,91 sekúnda.

Danmerkurfararnir Guðmundur Björgvinsson og Hrímnir frá Ósi sigruðu fjórgang meistara. Systkinin Heiða Rún Sigurjónsdóttir og Arnar Máni Sigurjónsbörn sigruðu fjórgangskeppni unglinga og barna.

Keppnin þótti hve mest spennandi í fimmgangi og tölti. Í fimmgangi sigraði Eyrún Ýr Pálsdóttir á Hrannari frá Flugumýri II eftir að hafa unnið sig upp úr B-úrslitum flokksins. Fimmgang unglinga sigraði Ásdís Ósk Elvarsdóttir á Villanda frá Feti.

### *Jöfn töltkeppni*

Í tölti urðu tveir keppendur jafnir að stigum í efsta sæti. Sigurbjörn Bárðarson og Jarl frá Mið-Fossum sigruðu eftir sætaröðun en Kristín Lárusdóttir og Þokki frá Efstu-Grund urðu að láta sér lynda silfrið. Róbert Bergmann sigraði töltkeppni ungmenna á Smið frá Hólum, Anna Bryndís Zingsheim sigraði í unglingaflokki á Degi frá Hjarðartúni en Glódís Rún Sigurðardóttir og Kamban frá Húsavík sigruðu í barnaflokki.

Keppnisgreinin slaktaumatölt nýtur vaxandi vinsælda hér á landi. Í meistaraflokki sigraði Reynir Örn Pálmason á Greifa frá Holtsmúla með glæsilega einkunn, 8,88, sem hlýtur að reynast gott veganesti fyrir þá félaga sem eru nú á leið á Heimsmeistaramót í Danmörku. Í unglingaflokki sigraði Eva Dögg Pálsdóttir á Brúney frá Grafarkoti.

Yngri knapar kepptu einnig í fimi og sigraði Súsanna Katarína Guðmundsdóttir í ungmennaflokki og Katla Sif Snorradóttir í barnaflokki. Þær Ásdís Ósk Elvarsdóttir og Annabella R. Sigurðardóttir urðu jafnar að stigum í unglingaflokki.

### *Vekringar á fullri ferð*

Gamla brýnið Sigurbjörn Bárðarson sigraði 150 metra skeið á Óðni frá Búðardal á tímanum 14,38. Í 100 metra skeiði sigraði Bjarni Bjarnason á Heru frá Þóroddsstöðum, Konráð Valur Sveinsson á Kjark frá Árbæjarhjáleigu II sigraði í ungmennaflokki og Guðmar Freyr Magnússon á Fjölni frá Sjávarborg í unglingaflokki. Þeir Guðmar Freyr og Konráð Valur gerðu sér svo lítið fyrir og sigruðu einnig sína flokka í gæðingaskeiði. Teitur Árnason á Tuma frá Borgarhól sigraði í meistaraflokki gæðingaskeiðs.

Samanlagður sigurvegari í barnaflokki var Glódís Rún Sigurðardóttir, í unglingaflokki varð Guðmar Freyr Magnússon Íslandsmeistari. Fjórgangssigurvegari ungmennaflokks var Jóhanna Margrét Snorradóttir á hestinum Stimpli frá Vatni, samanlagður fimmgangssigurvegari var Gústaf Ásgeir Hinriksson á Geisla frá Svanavatni. Í meistaraflokki urðu Kristín Lárusdóttir og Þokki frá Efstu-Grund samanlagðir fjórgangssigurvegarar og Reynir Örn Pálmason á Greifa frá Holtsmúla samanlagðir fimmgangssigurvegarar.



Íslenska landsliðið í hestaíþróttum.

## Íslenska landsliðið kynnt með 21 knapa:

# Þrír heimsmeistarar frá 2013 eru í liðinu

**Formleg kynning á landsliði Íslands í hestaíþróttum var haldin í verslun Líflands, Lynghálsi, miðvikudaginn 15. júlí sl.**

Liðsstjórinn, Páll Bragi Hólmarsson, kynnti þar fullskipað lið, en alls telur íslenska landsliðið í hestaíþróttum 21 knapa, þar á meðal eru þrír heimsmeistarar frá heimsmeistaramótinu í Berlín 2013 sem eiga keppnisrétt í ár.

Auk þess var tilkynnt hvaða sex hross koma fram fyrir hönd Íslands á kynbótasýningum á mótinu. Meirihluti hrossanna verður fluttur út á næstu dögum en nokkur þeirra eru þegar stödd í Evrópu.

Liðið mun halda út til Herning í Danmörku þann 29. júlí og taka til við lokaundirbúning fyrir heimsmeistaramótið, sem stendur yfir dagana 3.–9. ágúst.

VM 2015 WORLD CHAMPIONSHIPS FOR ICELANDIC HORSES



Mótssvæði heimsmeistaramóts íslenska hestsins sem fram fer í Herning á Jótlandi í Danmörku þriðja til níunda ágúst nk.

## Landslið Íslands í hestaíþróttum

| Íþróttaknapar | Hestur | Keppnisgreinar |
|---|---|---|
| Bergþór Eggertsson | Lotus fra Aldenghoor | Skeið |
| Eyjólfur Þorsteinsson | Oliver frá Kvistum | F1 |
| Guðmundur Björgvinsson | Hrímnir frá Ósi | T1, V1 |
| Jóhann R Skúlason | Garpur fra Højgården | T1, V1 |
| Konráð Valur Sveinsson | Vera frá Þóroddstöðum | Skeið |
| Kristín Lárusdóttir | Þokki frá Efstu Grund | T1, V1 |
| Reynir Örn Pálmason | Greifi frá Holtsmúla | F1, T2 |
| Sigurbjörn Bárðarson | Jarl frá Miðfossum | T1 |
| Styrmir Árnason | Neysla vom Schloßberg | Skeið |
| Teitur Árnason | Tumi frá Borgarhóli | Skeið |
| **Ungmenni** | **Hestur** | **Keppnisgreinar** |
| Guðmunda Ellen Sigurðardóttir | Týr frá Skálatjörn | V1, T2 |
| Gústaf Ásgeir Hinriksson | Geisli frá Svanavatni | F1 |
| Jóhanna Margrét Snorradóttir | Stimpill frá Vatni | V1, T2 |
| Konráð Axel Gylfason | Von frá Sturlureykjum 2 | Skeið |
| Róbert Bergmann | Smiður frá Hólum | T1, V1 |
| **Kynbótaknapar** | **Hestur** | **Keppnisgreinar** |
| Daníel Jónsson | Glóðafeykir frá Halakoti | 7 vetra+ stóðhestar |
| Árni Björn Pálsson | Svaði frá Hólum | 6 vetra stóðhestar |
| Árni Björn Pálsson | Andvari frá Auðsholtshjáleigu | 5 vetra stóðhestar |
| Agnar Snorri Stefánsson | Kengála frá Neðri-Rauðalæk | 7 vetra+ merar |
| Guðmundur Friðrik Björgvinsson | Garún frá Árbæ | 6 vetra merar |
| Guðmundur Friðrik Björgvinsson | Ríkey frá Flekkudal | 5 vetra merar |
| **Varaknapi** | | |
| Sigurður Sigurðarson | | |




45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ
HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.
HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

# Dekkjainnflutningur

**15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. ágúst 2015**

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33"-35" jeppadekk í úrvali á góðu verði.



**Vinsamlegast hafið samband við**

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is

Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

**Jason ehf.**

**Hafnarstræti 88**

**Akureyri**



# Sígildir klossar

**Ábyrgjumst gæði**

praxis ...þegar þú vilt þægindi



3ja laga Softshell fyrir dömur og herra í 5 litum
Verð 21.900



Teg. 45010
Litir: Blátt/Rautt/Silfur/Lilla
Str. 36-42
Verð 17.990

Teg. 01011
Litir: Hvítt
Str. 36-48
Verð 17.990

**Praxis.is**
**Pantið vörulista**



Teg. 00045
Litir: Hvítt
Str. 35-42
Verð 13.900



00314 - Boston
Litir: Svart/-Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900



Teg. 51143
Litir: Hvítt/Svart
Str. 35-46
Verð 16.900

**Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878**
**Opið mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.**



# Heyrakamælir

**Létt og handhægt tæki sem mælir hita- og rakastig rúllu/stæðu.**



- 68 cm spjóti er stungið í rúlluna.
- Rakastig birtist á skjá mælisins, mælt í prósentum.

- 9v rafhlaða.
- 100 cm kapall úr mæli í spjót.
- Mælir raka frá 10-80%.
- Mælir hita frá 1°-100°C.

Hafið samband við sölumenn Líflands fyrir nánari upplýsingar

Sala og ráðgjöf Sími: 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND



# Kjarni málsins
# Ekkert viðhald

REHAU



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða

gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN













# VANDAÐUR vinnufatnaður frá BULLDOG á góðu verði

BULLDOG

**Öryggisskór**
**Sýnileikafatnaður**
**Vinnufatnaður**
**Vinnuvettlingar**

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is



# BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

**Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum**



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

**Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi**

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

# Ár, vötn og veiði

– Sölvi Björn Sigurðsson




# Veiðimenn nema land

**Veiðimennska hefur fylgt Íslendingum lengur en byggð hefur verið í landinu. Fyrsta sagan er af Hrafna-Flóka, sem gleymdi sér svo við veiðiskap að hann komst ekki til að heyja og missti allan kvikfénað sinn um veturinn.**

Samferðamaður hans, Faxi suðureyski, var enn að dást að vatnsföllunum þegar síðasta skepnan gaf upp öndina og hafði þá aldrei séð önnur eins straumvötn á ferðum sínum um veröldina.

***Veiðikappið réð því að landið fór aftur í auðn***

Flóki sneri heim til Noregs og sá eyjunni flest til foráttu eins og sá einn gerir sem hefur allt á hornum sér í veiðitúr. Hann gleymdi alveg að rækta með sér jafnaðargeðið og því fór sem fór um sauðina hans og framrás Íslandssögunnar. Kannski hefði enginn treyst sér öðru sinni vestur um haf hefði Þórólfur smjör ekki slegið á létta strengi og deilt með veiðifélögum sínum í Noregi hinni unaðsríku reynslu sinni af reisunni. Það var eflaust ekki svo lítils vert fyrir síðari kynslóðir Íslendinga að þessi léttlyndi samferðamaður Hrafna-Flóka skyldi láta svo vel af landgæðunum. Ef herma ætti eina lexíu öðrum fremur af fyrsta íslenska veiðitúrnum er hún tvímælalaust sú að afstaðan skiptir öllu máli; sá einn kemur glaður heim úr veiðiferð sem ber sig eins og Þórólfur smjör, hvernig svo sem fræknast og fiskast.

Það var líka langt í frá að fólk missti trúna á veiðieyjuna í norðrinu. Ekki leið nema veturinn þar til Ingólfur kom með fylgdarliði og reisti súlur sínar í Kvosinni eftir heilmikið rangl um landið. „Til ills fóru vér um góð héruð, er vér skulum byggja útnes þetta,“ mælti Karli þræll hans og flúði til Þingvalla að sjóða sér silung svo reykinn lagði yfir Ölfusið. Þessi skynsami þræll var eflaust fyrsti veiðimaðurinn þarna í sveitinni. Við svo búið var byggð föst í landinu og fóru allir síðari landnemar að dæmi þeirra fyrstu. Þeir námu jarðir milli fallvatna og reistu sér hús á grösugum bökkum þar sem silungar vöktu í vötnum og laxar syntu í hyljunum.

Mesti laxabóndinn var Skalla-Grímur sem kom sér upp búi að Borg við Langárósa. Þaðan raðaði hann mönnum sínum skipulega í kringum gjöfulustu laxveiðiár héraðsins. Grímur háleyski fékk land milli Andakíls og Grímsár, Áni milli Langár og Háfslækjar, og þeir þursar, Þórir og bræður hans, fengu land ytra með Langá. Án veiðisældarinnar er óvíst hvort þessir menn hefðu nokkurn tíma látið sjá sig á Íslandi. Vatnsdæla segir að Grímur háleyski hafi látið tilleiðast vegna sagna um að þar væri „fiskur í hverju vatni, skógar miklir, en frjálsir af ágangi konunga og illræðismanna“.

Eins var um þá Björn austræna og Helga Bjólan, syni Ketils flatnefs, sem líkt og fleirum varð uppsigað við Harald hárfagra í Noregi. Þeir héldu til Íslands vegna þess að þar var hvalreki mikill og laxveiðar og hægt að veiða allan ársins hring. Þessir fornmenn notuðu spjót og skutluðu laxa af árbökkum en dorguðu líka í gegnum vakir þegar vötn lagði á vetrum. Það var eins og mönnum kæmi ekki í hug að nota öngul nema úti á ísbreiðunum, þegar ekki var hægt að komast öðruvísi að fiskunum. Þó voru þetta menn sem víluðu hvorki fyrir sér líf né dauða.

Þegar Þorsteinn þorskabítur Þórólfsson Mostrarskeggs, sem var afi Snorra goða, drukknaði ungur að aldri í fiskróðri gekk hann rakleiðis inn í Helgafell og hóf drykkju við mikinn fögnuð frænda sinna, sem voru líka dauðir. Um þetta vitnaði smalamaður hans og staðfesti um leið þau mikilsverðu sannindi að maður ætti aldrei að láta illa heppnaðan veiðitúr of mikið á sig fá.

Flestallar fornsögunnar fara einhverjum orðum um veiðimenn og er af bestu lýsingunum ljóst að góðir fiskimenn njóta gæfufylgdar landvætta þegar haldið er í veiðiferð. Þannig voru fyrstu Íslendingarnir í engu öðruvísi en fyrri landnemar norðan Kákasusfjalla, sem höfðu tálgað sér fiskispjót úr beini og skutlað laxa frá því að síðustu ísana leysti af norðurhvelinu. Þeir voru veiðimenn fremur en búmenn, komnir af þeim kynlega kvisti fólks er kaus að fara á sveig við frjósama hálfmánann og reika frekar um jörðina í leit að sportfiskum. Afkomendur þessara laxakerlinga og þorskbíta fara enn í stórum flokkum um landið á hverju sumri, hver og einn í leit að gleðinni sem forðum nam vit og rænu frá fyrsta landnámsmanninum í Vatnsdal.

*/Úr Íslenskri vatnabók*



Hrefna Halldórsdóttir hjá Veiðisporti með átján punda laxinn sem hún veiddi á stöng í Ölfusá. Myndir / MHH

# Góð netaveiði í Ölfusá

## – og stangveiði einnig góð og miklu betri en í fyrrasumar

**Það sem af er sumri hefur netaveiði í Ölfusá verið nokkuð góð.**

Það eru Selfossbændur sem leggja netin í ána og vitja þeirra tvisvar á dag. Fiskarnir eru að meðaltali fimm til sex pund. Þeir eru seldir á veitingastaðinn Tryggvaskála á Selfossi og til aðila á Suðurnesjunum.

Þá hefur stangveiðin í ánni einnig verið góð í sumar, miklu betri en í fyrrasumar. Þess má geta að Hrefna Halldórsdóttir hjá Veiðisporti á Selfossi setti þar í átján punda hæng á dögunum. */MHH*



Ægir Sigurðsson og Ívar Grétarsson með nokkra laxa sem fóru í netin í ánni rétt við Ölfusárbrú.

# Smákálfur í Landeyjunum

**Nýlega kom í heiminn smákálfur á bænum Búlandi í Austur-Landeyjum, agnarlítill og mikið krútt.**

Kálfurinn er sprækur, vekur mikla eftirtekt allra sem sjá hann og er í miklu uppáhaldi bændanna á bænum, eða þeirra Guðnýjar Höllu Gunnlaugsdóttur og Guðmundar Ólafssonar. Kálfurinn fékk strax nafnið Fingurbjörg, nafn við hæfi. */MHH*



Hér sést munurinn á tveimur kálfum á Búlandi sem fæddust á svipuðum tíma, Gúlliver er „venjulegur“ kálfur af hefðbundinni stærð en Fingurbjörg er agnarsmá.



Á minni myndinni er Guðný Halla með kálfunum tveimur, stærðarmunurinn er mjög mikill.

# Brennsluofn á sláturhús KS

**Auglýst hafa verið drög að breyttu starfsleyfi fyrir sláturhús KS á Sauðárkróki vegna starfrækslu brennsluofns.**

Á vef Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra má lesa drögin að starfsleyfisskilyrðunum. Í þeim kemur fram að gert sé ráð fyrir brennsluofni til að sláturhúsið geti brennt eigin úrgang. Samkvæmt drögum heilbrigðisfulltrúa gildir starfsleyfið fyrir kjötvinnslu og slátrun á allt að 50 tonnum af skrokkum á dag. Einnig til að starfrækja brennsluofn til að brenna allt að 6 tonnum af eigin úrgangi á dag, en leyfi til þess nær til dýrahræja frá sláturhúsi KS en ekki frá öðrum. Beitt yrði bestu tækni sem fáanleg er til að koma í veg fyrir mengun umhverfisins en heilbrigðisnefnd bæri ábyrgð á mengunareftirliti. Einnig yrði loftmengun frá starfsemi takmörkuð eins og kostur er. /MÞÞ


Færibanda-reimar



Eigum á lager færibandareimar í flestar gerðir rúlluvéla

GÚMMÍSTEYPA Þ. LÁRUSSON EHF.

Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · Fax 567 4766 · gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is








SÓLVARNARGLER OG ÚTSÝNI Í SKJÓLI

ispan@ispan.is • ispan.is

Íspan GLER OG SPEGLAR





SuperCut

FJÖLNOTAVÉL

Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, málarann



FM 14-180
Steinskurðarvél



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is



Veiðisett í úrvali

Stöng hjól og lína

Til veiða í ám og vötnum




Combo Alivio 2500 - 9 feta sett
Hjól Alivio 2500 FD +
Stöng Alivio DX Spinning 270 3-21g
Lína XL Strong 300m 0,25 mm 12 punda

Verð kr. 14.900

Fladen Xtraflex veiðisett
Stöng - Xtraflex mjúk og mjög sterk
Hjól - RD120 og RD130 með línu
Stettið er 7 feta eða 8 feta

Verð kr. 8.900

Einnig mikið úrval af öðrum veiðivörum

Vesturröst

Vesturröst - Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551-6770 - www.vesturrost.is

## STEKKUR

# Fylgjur og fyrirboðar

**Samkvæmt gamalli þjóðtrú eiga allir sér sérstaka fylgju sem fer með þeim hvert sem þeir fara.**

Fylgja á sér reyndar tvær merkingar í íslensku, þ.e.a.s. ósýnileg vera, maður eða dýr, sem fylgir fólki eða ættum, og hins vegar barnsfylgja eða fósturhimna. Þrátt fyrir merkingarmuninn eru fyrirbærin skyld.

Hér á landi hefur því lengi verið trúað að ósýnilega veran ætti uppruna sinn í barnsfylgjunni og að það þyrfti að koma henni sérstaklega fyrir.

Í Þjóðháttum Jónasar á Hrafnagili segir að það megi alls ekki kasta barnsfylgjunni á víðavang því þá gátu illir andar náð valdi á henni eða dýr étið hana og átti andinn eða dýrið síðan að fylgja barninu. Ekki þótti heldur ráðlegt að grafa hana í jörðu nema fergja hana með grjóti því annars gátu hundar eða önnur rándýr grafið hana upp og étið. Einnig var sagt að það dýr sem fyrst stigi yfir staðinn sem fylgja var grafin á mundi fylgja barninu.

Öruggast þótti að brenna fylgjuna og þá átti ljós eða stjarna að fylgja viðkomandi einstaklingi.

Samkvæmt fornri trú átti fylgjan að vera eitthvað í líkingu við lundarfar þess sem hún tilheyrði. Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnari segir að hyggnir foreldrar hafi grafið barnsfylgjuna undir þröskuldi þar sem móðir barnsins gekk mest yfir.

Upphaflega voru fylgjur eins konar verndarar mönnum til heilla. Eftir að kristni var lögtekin í landinu og kirkjunnar menn fóru að atast í fornum vættum fór að dofna yfir heillafylgjunum og þær breyttust í uppvakninga, afturgöngur eða ættarfylgjur, móra og skottur.

Í seinni tíð eru fylgjur draugar sem fylgja ákveðnu fólki eða ákveðnum ættum og láta gjarnan vita af sér á undan heimsóknum. Það er gömul trú að hver og einn eigi sína fylgju sem gerir vart við sig áður en viðkomandi kemur í heimsókn.

Flestar fylgjur sem eru í dýralíki þykja illar nema ef um bjarndýr er að ræða. Þar að auki er sagt að þeir sem hafa kvikindi eða skrímsli sem fylgju séu af óhræsisættum.

Samkvæmt Þjóðsögum Jóns Árnasonar gat deyjandi maður gefið þeim sem hann vildi fylgju sína. Þetta er reyndar í ósamræmi við þá hugmynd að fylgjan deyi um leið og húsbóndi hennar. Sumir segja aftur á móti að þegar menn nálgast dauðann nálgist fylgjurnar þá og á dauðastundinni er sagt að þær séu komnar aftur fyrir þá. Einnig er sagt að ef fylgja manns gerir vart við sig eftir að viðkomandi kemur í heimsókn sé hann feigur.

Fólk telur sig stundum verða vart við fylgjur þótt það sé ekki skyggnt né að það dreymi fyrir gestakomu. Verður fólk þá vart við einkennilega lykt sem sumir segja að líkist súru smjöri og heitir það fylgjulykt. Ef óvenjulegur drungi eða þreyta leggst yfir fólk um miðjan dag er það kallað aðsókn og getur hún bæði verið góð eða slæm. Áður fyrr var talið gott ráð að skyrpa í allar áttir og fussa og sveia til að hrekja í burt slæmar fylgjur.

/VH

---

**Kristján Gunnarsson, nýr formaður Parkinsonfélags Akureyrar og nágrennis:**

# Læt ekki sjúkdóminn eyðileggja lífsgleði mína

**„Þegar ég fékk minn endanlega úrskurð fannst mér lífið vera búið. Ég fór heim, sagði konu minni tíðindin og brotnaði svo bara saman og fór að gráta. Ég hélt ég myndi ekki framar líta glaðan dag,“ segir Kristján Gunnarsson, sem nýlega var kjörin formaður Parkinsonfélags Akureyrar og nágrennis.**



Kristján segir að það sem einkum hrjái sig nú sé að fingur hans eru stigvaxandi að stirðna. Það fari illa í hann, einkum þar sem hann hafi „verið þokkalegur píanóleikari, en er nú bara sæmilegur „dinner“, „fingur á hægri hendi hlýða mér verr en áður og það skapraunar mér einna mest að eiga við þessi einkenni sjúkdómsins,“ segir hann.

Myndir / MÞÞ

Kristján starfaði í alls 32 ár sem mjólkureftirlitsmaður og ráðgjafi mjólkurframleiðenda. Hann byrjaði 1. nóvember árið 1981 og lét af störfum vegna sjúkdómsins um mánaðamótin ágúst-september fyrir tveimur árum. Hann sinnir nú hlutastarfi hjá Bústólpa á Akureyri við ráðgjöf til kúabænda.

Kristján greindist með Parkinsonveiki árið 2011, en hafði ári fyrr fengið langt og óþægilegt skjálftakast þar sem hann var um borð í skemmtiferðaskipi. Hægri hönd hans fór þá allt í einu og upp úr þurru að skjálfa.

„Ég man að einn ferðafélagi minn tók eftir þessu og það hrökk upp úr honum með það sama: Hvað, ertu nú komin með Parkinson?“

Eftir þetta atvik gerðist það æ oftar að Kristjáni fannst hann eitthvað undarlegur á hægri hliðinni, fékk stundum verki á þeirri hlið líkamans, það á bæði við um hönd og fót. Hann fór til heimilislæknis, fór í vandlega skoðun og var sendur í nokkrar rannsóknir en í fyrstu var ekki vitað hvað var að. Þremur mánuðum síðar grennslaðist heimilislæknir fyrir um hvort ástandið væri með sama hætti og reyndist svo vera. Hann ráðlagði Kristjáni að fá tíma hjá Gunnari Friðrikssyni taugasjúkdómafræðingi.

„Gunnar hefur unnið gott starf hér fyrir norðan og er Parkinsonsjúklingum á svæðinu ómetanlegur, það væri illa komið fyrir mörgum ef hans þekkingar og ljúfmennsku nyti ekki við,“ segir Kristján.

### *Einkennin sjást lítið ef ég fer vel með mig*

„Gunnar var strax við fyrstu skoðun og próf sem hann gerði nokkuð viss um að þetta væri Parkinson, en staðfesti það ekki fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum og undangengnum fleiri rannsóknum. Hann tilkynnti mér jafnframt, þegar endanleg niðurstaða lá fyrir, að ljósi punkturinn væri sá að ég var ekki langt genginn með sjúkdóminn, lyfjameðferð gæti því orðið áhrifarík og lyfin myndu að líkindum tefja framgang hans,“ segir Kristján.

Þau 3 lyf sem hann tekur daglega fara ekki illa í hann, ólíkt því sem sumir sjúklingar upplifa, „ég er stundum svolítið slappur, en ef ég fer vel með mig sjást einkenni sjúkdómsins lítið, í það minnsta þegar miðað er við augljós einkenni margra Parkinsonsjúklinga,“ segir Kristján. Margir telji að allir Parkinsonsjúklingar séu með skjálfta og ýktar hreyfingar, hendist til í allar áttir, „en það er alls ekki rétt, vissulega eru til þannig verulega slæm tilfelli, en eru ekki endilega algeng.“

### *Fannst ég kominn á endastöð og lífið búið*

Kristján segir að þegar greining hafi legið fyrir hafi hann upplifað sig kominn á endastöð, allt væri búið.

„Ég vorkenndi sjálfum mér lifandis ósköp og féll saman þegar ég sagði konu minni tíðindin, fór bara að gráta eins og barn. En svo leið tíminn, mín einkenni voru ekki sérlega slæm miðað við það sem margir búa við og ég tók mig bara saman í andlitinu og ákvað að það væri ekki annað í boði en halda lífinu áfram eins og ekkert hefði í skorist. Fyrst örlögin höguðu því svo að ég þyrfti að fá einhvern sjúkdóm, þá er Parkinson ekki það versta sem hægt er að hugsa sér, þessi sjúkdómur er skárri en margir aðrir. Vissulega er hann mörgum mjög þungbær, en enn sem komið er hef ég sloppið þokkalega. Því er auðvitað ekki að neita að sjúkdómurinn hefur marga leiðinda fylgifiska og þar er skjálfti eða og stífnun einna verst,“ segir Kristján.

### *Stirðari nú en fyrir fjórum árum*

Hann segir að nú, rúmum fjórum árum eftir að greining lá fyrir, hafi sjúkdómurinn herjað á sig hægt og bítandi.

„Ég er því miður talsvert verri en ég var þegar hann greindist, þrekið hefur t.d. minnkað til muna og ég þarf að gæta sérlega vel að því að hreyfa mig eins mikið og ég mögulega get, annars er hætta á að ég stirðni. Ég er mjög stirður þegar ég fer fram úr á morgnana, verkjar í fætur og bak og er eiginlega eins og spýtukarl þegar ég tek fyrstu skrefin,“ segir hann. Kristján gengur til vinnu og hefur tekið eftir að hann er stirður og stífur framan af gönguferðinni „ og ég finn að tekur sífellt lengri tíma að komast í gang“.

### *Lengi að sætta sig við starfslok*

Kristján starfaði í alls 32 ár sem mjólkureftirlitsmaður og ráðgjafi mjólkurframleiðenda. Starfinu fylgdi mikill akstur, hann lagði gjarnan að baki um 40 þúsund kílómetra á ári, en svæði sem hann sinnti náði frá Holtavörðuheiði í vestri að Berufjarðarbotni í austri, að meðtöldum öllum fjörðum eystra.

„Ég var orðinn mjög þreyttur á akstrinum og varð því að segja upp mínu starfi. Ég var mjög lengi að sætta mig við það, þetta var vissulega erilsamt starf en afskaplega gefandi. Oft sakna ég bændanna minna alveg óskaplega mikið, þeir voru góðir vinir mínir, allur hópurinn má segja, en ég sinnti um 250 bæjum og hvarvetna var úrvalsfólk sem gott var að sækja heim. Á milli mín og þeirra skapaðist gott og gagnkvæmt traust, bændur eiga heiður skilinn fyrir þá trúmennsku og almennilegheit sem þeir hafa alla tíð sýnt mér,“ segir Kristján.

Hann var ekki mikið fyrir að sitja auðum höndum og kveið starfslokum, en þá hljóp á snærið. Framkvæmdastjóri Bústólpa bauð honum starf hálfan daginn við ráðgjöf til kúabænda. „Og það hreinlega bjargaði mér frá því að drepast úr leiðindum heima. Ég hef alltaf verið frekar ofvirkur og kann bara ekki að sitja með hendur í skauti,“ segir Kristján.

### *Nota góðu dagana sem gefast*

Skuggahliðar Parkinsonsjúkdómsins eru margar, einkennin sem af hans völdum verða eru sjúklingum þungbær.

„Parkinson getur lagst ótrúlega þungt á suma á meðan aðrir sleppa með smá nart hér og þar og einnig er það svo að meðölin virka vel á suma



Kristján starfaði í rúma þrjá áratugi sem mjólkureftirlitsmaður, hér er hann í fjósi á Breiðabóli á Svalbarðsströnd.

einstaklinga á meðan aðrir eru verr staddir í þeim efnum. Flestir þeirra sem barist hafa við sjúkdóminn í tugi ára eru verulega illa farnir, eðlileg hreyfigeta þeirra takmörkuð, hreyfingar ýktar, handaskjálfti mikill og tal óskýrt,“ segir Kristján og neitar því ekki að sjálfur hugsi hann af og til um hvernig sitt eigið ástand verði að nokkrum árum liðnum.

„Ég hugsa stundum um það hvernig ég verði, 75 eða 80 ára gamall, en það hefur auðvitað lítið upp á sig. Ég tók þá ákvörðun að láta ekki sjúkdóminn eyðileggja lífsgleði mína, ég reyni hvað ég get að njóta góðu daganna sem gefast. Lífið heldur áfram og ég reyni að lifa því á sem bestan hátt miðað við hvað ég get hverju sinni. Þetta er minn fylgifiskur, það er engin lækning til á þessum sjúkdómi svo hann mun fylgja mér ævina á enda. Hins vegar minni ég mig oft á setningu sem læknir einn sagði við mig: Parkinson er leiðinda fylgifiskur, en þú deyrð úr einhverju öðru.“

*Stigvaxandi stirðnun í fingrum*

Kristján segir að það sem einkum hrjái sig nú sé að fingur hans eru stigvaxandi að stirðna. Það fari illa í hann, einkum þar sem hann hafi „verið þokkalegur píanóleikari, en er nú bara sæmilegur „dinner“, fingur á hægri hendi hlýða mér verr en áður og það skapraunar mér einna mest að eiga við þessi einkenni sjúkdómsins,“ segir hann. Trúlega sé þó ekki til betri æfing til að halda liðleika í fingrum en píanóleikur. Því lætur Kristján ekki deigan síga og reynir hvað hann getur að leika á píanóið sitt, enda áminni Gunnar læknir hann um að halda iðjunni áfram í hvert sinn sem þeir hittast.

Kristján hefur einnig um tíðina haft gaman af að þeysast um á mótorhjóli en varð að losa sig við hjólið þar sem hann gat ekki hjólað lengur.

„Það var eins og að losa sig við góðan vin, en var óhjákvæmilegt, ég hélt illa orðið jafnvægi á hægri ferð og því er ekki neitt vit í því að taka þá áhættu að velta á hliðina með 350 kílóa ferlíki yfir sig. Það er ávísun á meiðsli og brot, skemmdir á hjóli auk þess sem ég er ekki maður til að reisa hjólið við hjálparlaust.“

*Parkinsonsjúklingar láta oft illa í svefni*

Kristján nefnir einnig að margir Parkinsonsjúklingar láti illa í svefni, ósjálfráðar hreyfingar magnist upp og þeir séu gjarnan mikið á ferðinni í rúmi sínu.

„Konan mín á ekki sjö dagana sæla á nóttunni, ég á það til að láta illa, tala, hrópa og baða út höndum og fótum. Tvívegis hef ég hent mér úr rúminu. Í annað skiptið fannst mér ég vera að stinga mér til sunds í draumi og gerði það bókstaflega, henti mér úr rúminu og hafnaði á flísalögðu gólfi. Það hafði ýmsa áverka í för með sér, ég var margar vikur að ná eðlilegri mynd í framan. Konan hefur tekið það til bragðs að raða púðum á gólfið svo lendingin verði mýkri næst,“ segir hann.

Af öðrum einkennum sem gera Kristjáni lífið leitt nefnir hann að skriftin hafi með árunum orðið æ ólæsilegri, hann ráði vart við að skrifa og þá hafi borið á talerfiðleikum, einkum eigi það við sé hann staddur úti við í kulda. „Þá er ég ferlega óskýr í máli,“ segir Kristján.

*Var að hrista kokteil ...*

Af og til fær hann skjálfta í hægri hönd, einkum á það við í afslöppun, þegar streitu verður vart eða hann er illa upplagður.

„Það bregst eiginlega ekki að þegar ég fer að hugsa um að nú megi ég alls ekki fá skjálftakast þá fæ ég eitt slíkt og yfirleitt þegar verst á stendur,“ segir hann og rifjar upp að hann hafi eitt sitt flutt ræðu í afmæli, rétt kominn af stað þegar slæmur skjálfti hófst.

Blöðin hafði hann í hægri hendi og hljóðnema í þeirri vinstri, ræðupúlt var ekki fyrir hendi og góð ráð dýr, því „djöfulgangurinn í hægri hendinni var slíkur að ég gat ekki lesið af blaðinu, þegar ég reyndi að skipta um og færa hljóðnemann þá skildist ekki nema annað hvert orð. Veislugestir, sem ekki vissu að ég var með Parkinson, voru orðnir ansi toginleitir af undrun,“ segir Kristján sem greip til þess ráðs að henda gaman að og hóf upp raust sína og sagði: Ágætu veislugestir, fyrirgefið skjálftann, ég var að hrista kokteil í gærkvöld og get ekki hætt ...“ Við það að gestir duttu í hláturskast slaknaði á streitunni og þar með skjálftanum.

*Losnaði við mígreni*

Kristján segir að stífleiki sé þó meira vandamál hjá sér en skjálftinn, en hann eigi það til að festast í erfiðri stöðu með handlegginn og eins eigi hann til að festa fingur í haldi á kaffibolla.

„En þetta venst allt, maður lærir að þekkja sín takmörk. Lífið er langt í frá búið, það er bara aðeins öðruvísi. Eftir að hafa séð slæm tilfelli sjúkdómsins er ég þakklátur fyrir það sem ég hef,“ segir hann og bætir við að ein af jákvæðu hliðarverkunum Parkinson í sínu tilfelli hafi verið að losna undan hvimleiðu mígreni sem hrjáð hafði hann um áratugi. Á fáum mánuðum hafi hann einnig misst fjölda kílóa, en vera megi að áhyggjur af konu sinni sem greinst hafi með krabbamein um svipað leyti og hann hafi átt sinn þátt í því.



Kristján fyrir utan höfuðstöðvar MS-Akureyri, þar sem hann starfaði lengst af sínum starfsferli.

„Fyrst það átti fyrir mér að liggja að fá úthlutað einhverjum sjúkdómi er ég þeirrar skoðunar að ég geti þakkað fyrir að hafa fengið Parkinson, en ekki t.d. Alzheimer, MS eða MND svo dæmi séu tekin, það eru mun verri sjúkdómar við að eiga.“ /MÞÞ


# Kornrakamælir

- Lítið og handhægt tæki.
- Auðvelt í notkun inni og útivið.
- Afar hraðvirkt.
- Vottað af DLG í Þýskalandi.
- Mælir nákvæmlega raka í byggi með 8 - 35% rakainnihaldi.
- Hægt að mæla raka í 30 tegundum korns og fræja.



Hafið samband við sölumenn Líflands fyrir nánari upplýsingar.

*DLG: Prófunarstöð á landbúnaðartækjum og - búnaði.

Sala og ráðgjöf Sími: 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND

KRONE
COMPRIMA CF155XC

Eigum örfáar vélar eftir til afgreiðslu strax.
Verð aðeins kr. 9.500.000 án vsk.

- Breytileg baggastærð, hægt er stilla baggastærðina í 5 cm þrepum frá 1,25 m upp í 1,50 m
- Comprima rúlluvélarnar eru búnar öflugum söxunarbúnaði og þjappa vel sem skilar enn meiru í rúllurnar og meiri fóðurgæðum
- Við kjöraðstæður getur rúllunum fækkað um allt að 30% og þar með eykst sparnaður í flutningum, plasti, neti og vinnu.




KRONE
Hverrar krónu virði

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500 | Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555 | Vefsíða: www.thor.is

## Verkefnið Rabarbaraverksmiðjan fær góðar viðtökur:

# Enginn kemur upp iðnaði af þessu tagi einn og óstuddur

## – segir Edda Kamilla Örnólfsdóttir sem ræktar rabarbara og vinnur að vöruþróun og framleiðslu á afurðum hans

**„Það er alveg magnað hvað allir hafa tekið rabarbaranum vel. Hugmyndir mínar varðandi vöruþróun og framleiðslu á rabarbaraafurðum hafa hlotið góðan hljómgrunn og mikinn byr. Það er alveg ómetanlegt að fá svona vind í seglin fyrir verkefni sem þetta,“ segir Edda Kamilla Örnólfsdóttir, sem ræktað hefur rabarbara í hálfum hektara lands skammt ofan við Hólavatn í Eyjafjarðarsveit undanfarin þrjú sumur.**

Hún fór af stað með verkefni sem nefnist Rabarbaraverksmiðjan og hlaut það önnur verðlaun á atvinnu- og nýsköpunarhelgi sem haldin var í Háskólanum á Akureyri á liðnum vetri. Verkefnið hefur síðan fengið styrki bæði frá Rannís og Impru - Átaki til atvinnusköpunar. Styrkurinn frá Rannís er unninn í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Matís, en styrkurinn frá Impru í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Edda segir að styrkirnir verði nýttir til rannsókna á rabarbaranum og til vöruþróunar.

„Við munum leggja áherslu á blöðku rabarbarans, en það er hráefni sem fram til þessa hefur verið hent,“ segir hún.

### *Passar ekki í ferðatösku*

Hún segir að þátttaka stofnana á borð við Háskólann á Akureyri, Matís, Rannís og Impru séu verkefninu ómetanleg.

„Það er gríðarleg viðurkenning að fá þessar stofnanir til liðs við verkefnið og ég er afskaplega þakklát fyrir að það er komið í þennan farveg. Það kemur enginn á fót iðnaði sem þessum einn og óstuddur. Ég gæti ekki unnið að þessu verkefni án þeirrar þekkingar og þess styrks sem stofnanirnar búa yfir. Nálægðin við þá þekkingu sem þarna er að finna er mér sem frumkvöðli gríðarlega mikilvæg. Ef ég þyrfti að sækja alla aðstoð vegna þessa verkefnis suður gengi það ekki upp. Rabarbaragarðurinn minn passar bara ekki í ferðatösku,“ segir Edda.

### *Rannsóknir í samstarfi við Háskólann*

Á liðnum vetri skoðaði Sara Björk Gunnarsdóttir, líftækninemi við Háskólann á Akureyri, lífvirkni rabarbarans.

„Ég hlakka mjög til að sjá hvaða niðurstöður koma úr úr hennar rannsóknum. Það er alveg magnað að fá utanaðkomandi aðila með allt annan bakgrunn en ég hef til að vinna að þessu verkefni. Möguleikarnir margfaldast og fjöldi hugmynda kviknar við hvern þann sem tekur þátt í þessu með mér, möguleikar rabarbarans eru endalausir.“

Dr. Rannveig Björnsdóttir hefur farið fyrir rannsóknum á rabarbaranum innan veggja HA og segir Edda það mikilvægt að hafa tækifæri til að byggja upp þekkingu með rannsóknum á rabarbaranum heima í héraði.

„Ég sé fyrir mér að þá þekkingu sem við erum að afla með rannsóknum verði hægt að nýta t.d. á þann hátt að koma upp klasasamstarfi bænda, rannsakenda og framleiðenda ýmissa afurða sem búa má til úr rabarbaranum. Slíkt samstarf kemst eflaust á í framtíðinni og ég sé fyrir mér að um atvinnuskapandi verkefni verði að ræða sem eflir og styrkir okkar nærumhverfi,“ segir Edda.

### *Blöðkurnar virka hægðalosandi á sauðfé*

Hún hefur sem fyrr segir til umráða um hálfan hektara lands í Eyjafjarðarsveit undir rabarbararæktun og hefur komið honum upp af fræjum. Í fyrra forsáði hún um 400 fræjum, en fékk einungis upp um 100 til 120 plöntur.

„Það var talsverður skellur að fá svona mörg skemmd fræ, því ef sáningin heppnast ekki þarf að bíða í ár eftir næsta tækifæri,“ segir hún en bætir við að ræktunin hafi að öðru leyti gengið áfallalaust utan stöku ágangsfénaðar.

„Kindurnar eiga það til að fara í garðinn og gera sér blöðkurnar á rabarbaranum að góðu. Það kom mér á óvart því blaðkan er rík af oxalsýru og ekki talin æskileg til fóðrunar. Eitthvað virðist hún þó virka hægðalosandi á blessaðar ærnar, þær fá nánast undantekningarlaust skitu eftir að hafa heimsótt hjá mér rabarbaragarðinn,“ segir Edda.

Lítið þarf að hafa fyrir rabarbararæktun eftir að hann er





Edda ræktar rabarbarann frá grunni, eða upp frá fræjum og er með tvö yrki, annað breskt, hitt þýskt.

„Það er alveg magnað hvað allir hafa tekið rabarbaranum vel,“ segir Edda Kamilla Örnólfsdóttir, sem ræktað hefur rabarbara í Eyjafjarðarsveit. Verkefni hennar, Rabarbaraverksmiðjan, hefur fengið viðurkenningar og styrki sem nýttir verða til rannsókna meðal annars í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Myndir / MÞÞ



Um 50 til 60 tonn af rabarbara eru árlega flutt inn hingað til lands. Plantan sér að mestu um sig sjálf, hún er upprunnin í Síberíu, er harðger og nægjusöm og þrífst best í köldu loftslagi.



Rabarbarablöðkur hengdar upp til þerris áður en þær voru sendar í rannsóknir hjá Háskólanum á Akureyri.



Edda hefur til umráða um hálfan hektara lands í Eyjafjarðarsveit þar sem hún stundar rabarbararæktun, fjórða sumarið er fram undan.



Edda er með rabarbara úti á svölum heima hjá sér á Akureyri en flytur plöntuna síðan í garð sinn í Eyjafjarðarsveit. Um er að ræða plöntur sem hún forræktaði af fræjum.

kominn í jörðina, að vori og hausti segist hún færa honum duglega af hrossaskít, en að öðru leyti sér hann um sig sjálfur. Kostnaður við ræktun rabarbara er ekki mikill og mesta vinnan felst í uppskerustörfum þegar að þeim kemur.

***Hvet bændur til að skoða þennan möguleika***

Edda segir að arðbærni rabarbararæktunar sé virkilega fyrir hendi, „og þegar hjólin verða farin að snúast þarf mun meira af rabarbara en ég get framleitt. Ég hvet bændur hér í kring að skoða þennan möguleika sem fyrir hendi er í rabarbararæktun, en við megum aldrei gleyma því að ræktun er maraþon, ekki spretthlaup.“

Varðandi næstu skref við verkefnið segir Edda að fylgja þurfi eftir þeim rannsóknum sem gerðar verða í sumar. „Við munum svo ákveða framhaldið þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.“ /MÞÞ



**Eftirspurn eftir rabarbara er mun meiri en framboðið og segir Edda að hún fái af og til fyrirspurnir frá fólki sem er að leita eftir honum. Nýlega fékk hún t.d. símtal frá japanska sendiráðinu sem óskaði eftir að kaupa rabarbara.**


Belgagri

**Twenty-One flugnaeitur**

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu




**Sölustaðir:**
KVH | Verslunin Eyri | Bústólpi | Búrekstrardeild Borgarnesi

STREYMI heildverslun

**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



# Sumarhús/gestahús til flutnings



**Sumarhús/Gestahús til flutnings. Húsið er staðsett í Reykjavík.**

Um er að ræða 15 m² vel byggt hús. Timburgrind 2"x 4", einangrað og panelklætt að innan. Að utan er það klætt með rásuðum organ pine krossvið. Ál-sink er á þaki. Húsið er fullinnréttað, fjórar kojur, skápar, borð og stólar, eldhúsbekkur með vaski og gashellu.

Kamínustrompur og kamína er í húsinu. Sér inngangur er á salerni, þar er vaskur, skápur og geymslupláss.

Húsið er byggt á H stálbitum 20x20 cm, það er hífanlegt og fylgir herðartré til hífingar með.

Steyptar undirstöðu einingar fylgja með og

**Ásett verð er 5.800.000.- eða tilboð.**

**Nánari upplýsingar veitir Fasteignamiðlun Grafarvogs í símum 575-8585 og 824-0610 eða á fmg@fmg.is, og Friðrik í síma 896-4111.**



**REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is**

# LELY ASTRONAUT A3

**Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn Lely Astronaut A3 mjaltaþjónn. Árgerð 2007**

- **Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.**
- **Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.**
- **70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.**
- **Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.**
- **Hentar líka sem mjaltaþjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).**
- **Fyrst settur upp í nóvember 2007.**
- **Tilbúinn til afhendingar.**




**Verð kr. 12.200.000 án vsk.**

**Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka**

**Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866**

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd. www.VBL.is

**REYKJAVÍK** Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

**AKUREYRI** Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300






VERUM VIÐ ÖLLU BÚIN

BYKO

# Íslenska landnámshænan

**Áætlað er að íslenski hænsnastofninn hafi verið um 20-30 þúsund fuglar fyrstu aldirnar eftir landnám. Líkur eru á að íslenska landnámshænan sé afkomandi þess hænsnastofns, sem barst til landsins með landnámsmönnum fyrir um ellefu hundruð árum, þó eru fáar heimildir til um upprunann.**

Talið er að móðuharðindin hafi síðan gengið mjög nærri íslenska hænsnastofninum og heimildir eru um að aðeins hafi örfáar hænur verið í nokkrum sveitum undir lok 18. aldar.

Síðan eftir að farið var að flytja inn til landsins erlend hænsnakyn til eggjaframleiðslu var íslenski stofninn aftur kominn í útrýmingarhættu á miðjum áttunda áratugnum. Því er stofn íslensku landnámshænunnar í dag kominn af tiltölulega fáum fuglum sem safnað var saman víða að af landinu á árunum 1974–1975 af dr. Stefáni Aðalsteinssyni. Stefán valdi fugla sem hann taldi vera af gamla upprunalega stofni íslensku hænsnanna, með það fyrir augum að bjarga stofninum. Fuglarnir voru fyrstu 10 árin hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins að Keldnaholti en svo var afkomendum þeirra fyrst komið fyrir að Bændaskólanum á Hvanneyri og síðar á tveimur bæjum í Borgarfirði, að Syðstu-Fossum og að Steinum II.



Hani úr íslenska landnámshænsnastofninum.

Ekkert skýrsluhald er yfir stofnstærð íslensku hænunnar en áætlað er að stofninn telji í dag um það bil 3.000−4.000 dýr. Virk stofnstærð íslensku hænunnar er því lítil, eða 36,2 einstaklingar (BS. Ó. Guðmundsdóttir 2011) en til samanburðar er hún á bilinu 70–3.000 einstaklingar fyrir ýmsa aðra hænsnastofna í Evrópu.

Töluverður erfðafjölbreytileiki virðist þó vera til staðar í stofni íslensku hænsnanna. Það er því mikilvægt að fylgjast með stofnstærðinni og reyna að stuðla að því að hún fari ekki minnkandi. Eins þarf að hvetja eigendur til að lágmarka skyldleikaræktun svo virk stofnstærð minnki ekki frekar. (BS. Á. Stefánsdóttir 2012)

Árið 2003 var stofnað félag til verndar íslensku hænunni, Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna. Félagið stuðlar að fræðslu fyrir eigendur og ræktendur landnámshænunnar, stendur fyrir hænsnasýningum, gefur út blaðið Landnámshænuna, einu sinni á ári og heldur úti vefsíðu (www.haena.is).

Íslenska hænan er landkyn en það er skilgreint sem kyn sem hefur fengið að aðlagast og þróast á náttúrulegan hátt. Landkyn eru yfirleitt aðgreind frá sérstökum ræktunarafbrigðum og frá strangt stöðluðum kynjum, því þau hafa fengið að aðlagast án mikillar aðkomu mannsins, til dæmis með að velja fugla til undaneldis eftir eggjaframleiðslu, stærð fugla eða öðrum áberandi eiginleikum. Ræktaðar tegundir hafa því tilhneigingu til að verða erfðafræðilega einsleitar en landkyn eru erfðafræðilega fjölbreytt. Markvisst valin dýr til ræktunar í fjölda kynslóða framleiðslustofna hefur til dæmis leitt til lækkunar á líffræðilegum fjölbreytileika og þar með minna viðnámi gagnvart sjúkdómum. Landkyn eru því „lón erfðaauðlinda“ og mjög mikilvægt að blanda þeim ekki við önnur kyn í ræktun.

Árið 1994 var gerð rannsókn af dr. Stefáni Aðalsteinssyni, þá voru blóðsýni tekin úr 50 hænsnum af gamla íslenska hænsnastofninum og þau greind eftir vefjaflokkum. Í ljós kom að alls voru 28% af



gömlu íslensku hænsnunum með vefjaflokka sem þekktir voru í helstu varphænsnastofnum í nágrannalöndunum en 72% þeirra voru með vefjaflokka sem voru að mestu óþekktir.

Í rannsókn sem gerð var 2011 af Ólöfu Ósk Guðmundsdóttur um erfðafjölbreytileika innan íslenska hænsnastofnsins kom í ljós að íslenski hænsnastofninn stendur nokkuð vel hvað erfðafjölbreytileika varðar. Meðalskyldleikarækt í stofninum er 12,5% sem er mun lægra en sést í mörgum framleiðslustofnum. (BS. Ólöf Ósk Guðmundsdóttir 2011)

Í erlendri rannsókn sem gerð var 2014 segir að þótt íslenski stofninn sé staðsettur í meira en 2000 km. fjarlægð frá meginlandi Evrópu, þá sé athyglisvert að hann hafi mestan skyldleika með hænsnastofnum í Norðvestur-Evrópu. Íslenski stofninn er skyldastur tveimur gömlum þýskum stofnum, Bergische Schlotterkaemme og Ostfriesche Mowen, og svo þeim ítalska sem kallst Svartir Ítalir, þó engar sögulegar skýringar séu til á þeim skyldleika. (C.M.Lyimo 2014)

Erfitt er að fullyrða að íslenski hænsnastofninn sé kominn af hænsnum sem bárust hingað með landnámsmönnum en hvort sem íslenska landnámshænan er stofn upprunalegra hænsna eða ekki, þá er hún samt partur af íslenskum búfénaði og erfðaauðlind sem Íslendingum ber að varðveita.

Það eru nokkuð mörg ár síðan stjórn Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna fór að taka eftir fótafiðruðum hænsnum á landinu.



Ekkert skýrsluhald er yfir stofnstærð íslensku hænunnar en áætlað er að stofninn telji í dag um það bil 3.000−4.000 fugla.



Í fyrstu voru félagar ekki vissir um hvort þetta væri innblöndun í stofninn eða hvernig ætti að standa gagnvart þessu. Mikið var rætt um þessa uppákomu og ekki allir félagar sammála, sumum fannst þetta „krúttlegt“ og fundu enga ástæðu til að fetta fingur út í þetta, aðrir fundu til ábyrgðar sinnar sem ræktendur og verndarar landnámshænunnar og vildu vita hvaðan þetta hefði borist í stofninn eða hvort þetta hefði alla tíð verið til staðar í stofninum og enn er þetta dálítið umdeilt innan félagsins. Á meðal félagsmanna var það rætt að ekki væri lengur hægt annað en að setja saman helstu útlits- og atferliseinkenni landnámshænunnar, líkt og gert hefur verið á Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu, til að vernda gömul landkyn gegn innblöndun. Það var svo á aðalfundi árið 2011 sem sett var á stofn nefnd sem átti að vinna að lýsingu á helstu útlits- og atferliseinkennum landnámshænunnar og meðal annars að afla sér upplýsinga um fótafiðruð hænsnakyn og hvort það gæti verið, að fótafiður hefði alla tíð verið til í íslenska stofninum. Niðurstaða nefndarinnar var ótvíræð gegn fótafiðruðum hænsnum og var upplýsinga leitað víða, bæði frá Norræna genabankanum varðandi önnur landkyn á Norðurlöndunum og útlit þeirra, myndir af þeim hænsnum sem dr. Stefán Aðalsteinsson safnaði saman 1974 og viðtöl við fólkið sem umgekkst fuglana að Keldnaholti og Hvanneyri og hirti um þá þar. Nefndina skipuðu: Júlíus Már Baldursson, þáverandi formaður ERL, Jóhanna G. Harðardóttir, fyrrverandi formaður, og dr. Ólafur R. Dýrmundsson, ráðunautur lífræns búskapar og landnýtingar hjá Bændasamtökum Íslands og einn af stofnfélögum ERL. Varamenn voru þeir Jónas Pétur Hreinsson og Bjarni Eiríkur Jónsson. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar félögum ERL og eftir umræður og minni háttar breytingar á þeim niðurstöðum var lýsingin samþykkt samhljóða á aðalfundi 2012 og kynnt rækilega, svo sem á vef- og fésbókarsíðum, í tölvupósti til ræktenda eftir föngum og í fjölmiðlum.

*Útlitseinkenni landnámshænunnar*

1. Fremur lítill haus miðað við búkstærð og goggur stuttur, breiður og boginn fremst.
2. Misstórir fjaðratoppar á haus algengir.
3. Kambar af ýmsum gerðum, einfaldur; annaðhvort beinn eða lafandi, rósakambur, blöðrukambur, kórónukambur og krónukambur.
4. Eyru hvít eða fölgul.
5. Separ langir á hönum en misstórir á hænum.
6. Augu gulgræn eða gulbrún/orange.
7. Háls fremur stuttur og sver.
8. Búkur þéttvaxinn, stutt bak sem mjókkar aftur og breið, hvelfd bringa.
9. Þyngd: hænur 1,4–1,6 kg og hanar 2,1–2,4 kg hjá fullvöxnum fuglum.
10. Fiðurhamur þéttur og sléttur.
11. Vængir breiðir og stuttir, mjókka aftur með búknum.
12. Stél hátt sett, mjög hreyfanlegt. Hanar með nokkrar langar og bognar stélfjaðrir.
13. Litafjölbreytni mjög mikil, allir litir leyfðir.
14. Leggir langir og í mörgum litum.
15. Hænur venjulega með litla spora, en hanar með langa og uppsveigða spora.
16. Klær fjórar, afturkló eilítið innanfótar.
17. Leggir berir.

*Atferliseinkenni*

1. Mannelsk, forvitin og sjálfbjarga.
2. Heldur góðu jafnvægi.
3. Hænurnar hafa sterka móðurhvöt og vilja gjarna liggja á.
4. Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika.
5. Frjósemi góð hjá báðum kynjum.

## Leitað alþjóðlegrar viðurkenningar á landnámshænsnunum

**Fyrir rúmlega þremur árum sendi áhugafólk um verndun erfðaefnis landnámskynjanna beiðni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um skráningu landnámskynja íslenskra húsdýra á lista yfir íslenskar menningarerfðir á Heimsminjaskrá UNESCO.**

Var það gert með tilvísun í samning um varðveislu menningarverðmæta hjá Sameinuðu þjóðunum frá 2003. Landnámshænsnin eru þar með en þau, eins og önnur landnámskyn, eru þekkt fyrir mikla erfðafjölbreytni og hafa tvímælalaust sérstöðu, m.a. vegna einangrunar í landinu um aldir. Í raun er um að ræða þjóðargersemar sem ber að varðveita óspilltar af blöndun við erlend kyn samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Mál þetta er í vinnslu en ferlið getur tekið mörg ár.

Fyrir rúmum áratug tókst samstarf við Slow Food samtökin, alþjóðleg en upprunnin og með höfuðstöðvar á Ítalíu, um viðurkenningu íslensku geitarinnar í Bragðörk samtakanna (Ark of Taste). Slow Food leggur m.a. áherslu á að vernda líffræðilegan fjölbreytileika í dýrum og plöntum, þar með verndun sérstæðra búfjárkynja og afurða þeirra, einkum matvæla. Nú hefur geitin einnig fengið hina eftirsóttu Presidia-viðurkenningu samtakanna og nýlega voru lagðar fram umsóknir í Bragðörkina fyrir fleiri íslensk búfjárkyn, þar með íslensku landnámshænuna. Fulltrúar frá Slow Food voru hér á ferð fyrir skömmu og kynntu sér m.a. ræktun og nýtingu þessara sérstæðu hænsna.

Þannig er með tvennum hætti stefnt að því að renna styrkari alþjóðlegum stoðum undir varðveislu landnámshænsnanna.

*Ólafur R. Dýrmundsson*
*(oldyrm@gmail.com)*

## Fjölmennur aðalfundur 2013:

# Samþykkt að skrá vottaða ræktendur

**Í rökréttu framhaldi af fyrri aðgerðum var lögð fram tillaga á aðalfundi 2013 um að ERL komi upp skrá yfir viðurkennda ræktendur landnámshænsna, samkvæmt gildandi reglum um útlits- og atferliseinkenni.**

Fundur þessi var óvenju fjölmennur, enda verið að halda upp á 10 ára afmæli félagsins, og kom fram í líflegum umræðum nær einróma álit á því að brýnt væri að koma betri reglu á ræktunarmálin. Var tillagan samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum og hefur núverandi stjórn unnið ötullega að því að koma upp skránni, hún er nú aðgengileg öllum á heimasíðu félagsins www.haena.is sem hefur nýlega verið uppfærð og meðal annars verið komið upp góðum myndabanka auk annarra gagnlegra upplýsinga. Einnig hafa Bændasamtökin gefið út veggspjöld í tveim stærðum af landnámshænunni sem er hægt að panta í gegnum heimasíðu samtakanna www.bondi.is

*Stjórn ERL gefur út þessa ræktendaskrá í tvennum tilgangi:*

1. Að koma reglu og festu á ræktunarstarfið með því að varðveita sem best hina miklu erfðafjölbreytni sem einkennir kynið.
2. Að tryggja kaupendum landnámshænsna fugla sem falla að viðurkenndum útlits- og atferliseinkennum ERL til hænsnanna.

Borið hefur á því að verið sé að selja fugla sem ekki falla að viðurkenndri lýsingu landnámshænsna, annaðhvort með fiðraða leggi eða vangaskegg. Bæði eru þetta ríkjandi eiginleikar sem sennilega hafa blandast inn í stofninn á seinni árum. Þessir eiginleikar voru ekki í upprunalega stofninum, það sýna bæði myndir og umsagnir fólks sem umgekkst þá fugla. Því miður er blöndunin í stofninum orðin það útbreidd að þessir óæskilegu eiginleikar geta komið upp á ólíklegustu stöðum, því þurfa allir ræktendur að vera vel vakandi yfir sinni ræktun.

*Könnun á stofnstærð*

Í umræðum um varðveislu og innblöndun landnámshænunnar fyrir stuttu, komst ég yfir áhugaverða rannsókn sem gerð var af Hallgrími Sveini Sveinssyni fyrir Rannsóknarstofnun landbúnaðarins árið 1998, „Könnun á stofnstærð íslenska hænsnastofnsins“.

Tilgangur verkefnisins var að kanna stofnstærð og dreifingu íslenska hænsnastofnsins og að athuga hvort tekist hafi að bjarga honum frá útrýmingu með aðgerðum Stefáns Aðalsteinssonar árið 1974. Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar yrði síðan ákveðið næsta skref í því að auka útbreiðslu stofnsins og að halda honum hreinum. Verkefnið var unnið á vegum erfðanefndar búfjár.

Athyglisverðast fannst mér að lesa, að aðeins var getið um fótafiður á 7 stöðum af 213 og ekkert getið um karlmannlegar hænur (skeggjaðar). Ég er því miður hrædd um að niðurstöðurnar yrðu aðrar og verri ef sambærileg könnun yrði gerð í dag.

*Auðveldara að skiptast á hreinræktuðum fuglum*

Betri samgöngur milli landshluta hafa gert ræktendum auðveldara að skiptast á fuglum og því hefur fótafiður og vangaskegg breiðst hratt út á undanförnum 17 árum. Þeir eigendur sem vilja vernda stofninn sinn fyrir innblöndun þurfa að vara sig á þessu og passa að taka ekki nýja fugla inn í hópinn án þess að kanna hvaðan fuglarnir koma og í hvernig ástandi stofninn er sem fuglarnir koma frá. Í samtali nýlega við trúnaðarmann ERL á Norðurlandi kom fram að ástand stofnsins er verulega slæmt í þeim landshluta og fáir hafa staðist úttekt og fengið skráningu ræktunarstofns. Það vakti athygli mína að flestir þessara blönduðu fugla komu frá einum stórum ræktanda sem var staðsettur norðanlands til margra ára. Við ræktun landnámshænunnar þurfa stórir afkastamiklir seljendur að passa sérstaklega vel upp á stofninn sinn, því ábyrgð þeirra er meiri en annarra sem selja ekki eða lítið sem ekkert. Að dreifa og selja blandaða fugla sem landnámshænur er ábyrgðarlaust gagnvart stofninum og ekki síður eru það svik við kaupendur ef þeir eru ekki upplýstir um þessa innblöndun. Því miður er ástand stofnsins orðið þannig að hver sem er getur lent í því að fótafiður dúkki upp hjá þeim en ef einhver óæskileg innblöndun á sér stað, þurfa ræktendur að vinna að því að hreinsa hana til hjá sér og grisja þetta út úr stofninum, sérstaklega þeir sem selja og dreifa fuglum, þeirra ábyrgð er stærst! Með því að skipta við viðurkennda ræktendur, sbr. meðfylgjandi skrá, verður lítil hætta á að fólk sé að kaupa „köttinn í sekknum“ en nokkuð er um að ERL hafi borist kvartanir um slíkt.

ERL vill þakka þeim sem sótt hafa um vottun og vilja taka þátt í þessu vandasama starfi.

*Ása Lísbet, ritari ERL*
(asalisbet@hotmail.com)



***Skrá vottaðra ræktenda með landnámshænur af hreinum stofni***

*Ræktaðar samkvæmt útlitseinkennum ERL.*

| | | |
|---|---|---|
| Brynhildur Inga Einarsdóttir<br>Sögusteinn, Ölfusi | Frjóvguð egg | borg1@centrum.is |
| Þórey Pálsdóttir<br>Norðurbraut, 21 Selfossi | Frjóvguð egg | phoreyp@simnet.is |
| Kolbrún Júlíusdóttir<br>Kolsholti 1, Flóahreppi | Frjóvguð egg<br>Ungar | kolsholt@islandia.is |
| Magnea og Sigurbjörn<br>Ásamýri, Hellu | Frjóvguð egg<br>Ungar | asamyri@hotmail.com |
| Agnar Berg Sigurðsson<br>Kotvelli 3, Rangárþingi | Frjóvguð egg | agnarbs@mi.is |
| Erna Árfells<br>Berjanesi, Hvolsvelli | | |
| Jóhanna Harðardóttir<br>Hlésey, Hvalfjarðarsveit | Frjóvguð egg<br>Ungar | johanna@hlesey.is |
| Magnús Ingmarsson<br>Kjalardal, Hvalfjarðarsveit | Frjóvguð egg<br>Stundum ungar | m.ingimars@gmail.com |
| Ingi Vignir Gunnlaugsson<br>Hrannarbyggð, 12 Ólafsfirði | Frjóvguð egg | ingivg@simnet.is |
| Valgerður Auðunsdóttir<br>Húsatóftum 1, Skeiðum | Frjóvguð egg<br>Ungar/Stundum unghænur | valhus@uppsveitir.is |
| Vala Andrésdóttir Withrow<br>Redmond, Washington USA | Frjóvguð egg<br>Stundum ungar | vala.andres@gmail.com |
| Máni Hákonarson<br>Dalsgarði 1, Mosfellsbæ | Frjóvguð egg<br>Ungar | hallafroda@yahoo.com |
| Hilmar og Salvör<br>Bolaklettum 1, Kjósahreppi | Frjóvguð egg | hilmaraegir@simnet.is |
| Dóra Aðalsteinsdóttir<br>Eyrarvegi 12, Grundarfirði | Frjóvguð egg<br>Ungar | bardal63@gmail.com |
| Þórarinn Sighvatsson<br>Léttahlíð 3, Helgafellssveit | Frjóvguð egg<br>Ungar | sumarbustadir@simnet.is |
| Þorvarður Jóhann Guðbjartsson<br>Naustabúð 6, Hellissandi | | |
| Sigríður og Sveinn Þórðarson<br>Trabuco Canyon, California USA | | |
| Anna Sigríður Helgadóttir<br>Brúnagerði, Þingeyjarsveit | | |
| Fanney og Trausti<br>Einholti, Ásahreppi | Frjóvguð egg<br>Ungar | fanneybk@gmail.com<br>traustith@simnet.is |
| Agnes Geirdal<br>Galtalæk, Biskupstungum | Frjóvguð egg<br>Ungar | agnesg@simnet.is |
| Egill Rafn Sigurgeirsson<br>Melahvarfi 2, Kópavogi | Frjóvguð egg | egillrs@hotmail.com |
| Dísa Anderimann<br>Skeggjastöðum, Mosfellsbæ | Frjóvguð egg | disaand@gmail.com |
| Björk Bjarnadóttir<br>Brennholti, Mosfellsbæ | Frjóvguð egg | illugaskotta@gmail.com |
| Björn Mikaelsson<br>Furuhlíð 1, Sauðárkróki | Frjóvguð egg<br>Ungar | bmikk@simnet.is |
| Hulda Leifsdóttir<br>Brekkubyggð 24, Blönduósi | Frjóvguð egg | Sími: 452-4303 |
| Áslaug Lárusdóttir<br>Blómsturvöllum 46, Neskaupsstað | Frjóvguð egg | aslaugl@gmail.com |

**Heimildir**

- *Friðrik G. Olgeirsson (2003). Alifuglinn. Reykjavík: Félag eggjaframleiðenda.*
- *Sveinn Pálsson (1791). Ferðabók Sveins Pálssonar. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.*
- *Stefán Aðalsteinsson (2004). Sérstaða íslenskra húsdýra. Freyr, 5(100), 27.*
- *Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (2011). Erfðafjölbreytileiki innan íslenska hænsnastofnsins metinn með greiningu örtungla. BS-ritgerð. Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.*
- *Ásta Þorsteinsdóttir (2012). Afurðir og einkenni íslenska hænsnastofnsins BS-ritgerð. Landbúnaðarháskóli Íslands Hvanneyri.*
- *C. M. Lyimo*, A. Weigend*, P. L. Msoffe, H. Eding, H. Simianer and S. Weigend*. Global diversity and genetic contributions of chicken populationsfrom African, Asian and European regions. www.academia.edu/9110645/Global_diversity_and_genetic_contributions_of_chicken_populations_from_African_Asian_and_European_regions*
- *Hallgrímur Sveinn Sveinsson (1998). Könnun á stofnstærð íslenska hænsnastofnsins. Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins, Erfðanefnd búfjár.*

**Veggspjald af íslensku landnámshænunni**

Litaveggspjöld af íslensku búfé hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin. Þau eru fáanleg hjá BÍ og í bókaverslunum víða um land. Nú er landnámshænan komin í hóp með geitum, hrossum, sauðfé, kúm og íslenska fjárhundinum.

**Tvær stærðir eru í boði, A3 og stór veggspjöld í stærðinni 61 x 87 cm. Minni gerðin kostar 900 kr. og sú stærri 1.500 kr.**

Tekið er við pöntunum í netfangið jl@bondi.is eða í síma 563-0300.




BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
www.bondi.is

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*
**Næsta blað kemur út 13. ágúst**

**nuddpottar.is**






Kanadísku Coast Spas nuddpottarnir eru komnir aftur! Þeir fengust lengi vel hjá Poulsen og eru nú til á lager hjá okkur.

Við erum sérfræðingar í heitum pottum og erum með landsins besta úrval af aukahlutum og rekstrarvöru fyrir potta.

Komið við hjá okkur í Kópavoginum eða kíkið á www.nuddpottar.is til að finna ykkur frábæran og vandaðan nuddpott.

Við látum kassa af AquaFinesse Hot Tub fylgja pottunum í sumar.

AquaFinesse er milt og gott efni sem gerir viðhaldið á heita pottinum einfalt og þægilegt - langvinsælasta efnið okkar.



nuddpottar.is / Laugin ehf - Smiðjuvegi 4, 200 Kópavogi - S: 578 3030 - nuddpottar@nuddpottar.is



Pétur Jónsson sýndi gestum á Hvanneyrarhátíð hvernig slegið er á 70 ára gömlum Farmall með sláttugreiðu. Myndir / HKr.

## Vegleg Hvanneyrarhátíð á 70 ára afmæli fyrstu Farmall-dráttarvélanna á Íslandi:

# Hvanneyrartorfan friðlýst með 105 hektara landi, níu byggingum og ýmsum minjum

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra friðlýsti laugardaginn 11. júlí sl. gömlu bæjartorfuna á Hvanneyri og byggingar sem þar standa ásamt Hvanneyrarengjunum meðfram Hvítá þar fyrir neðan. Var þetta jafnframt í fyrsta sinn sem byggingar og náttúra eru friðuð sem ein heild hér á landi.**

Sigmundur Davíð sagði það sérstakan heiður að fá að lýsa yfir friðlýsingu níu bygginga ásamt minjum og 105 hektara landi á Hvanneyri.

„Þetta er í fyrsta skipti sem heilt svæði á Íslandi er friðlýst með þessum hætti.“ Sagði forsætisráðherra að þótt slík friðun hafi ekki verið gerð hér á landi áður, þá væri löng hefð fyrir slíku í nálægum löndum.

„Þetta er svo sannarlega verðugur staður til að ryðja brautina hvað þetta varðar. Þetta er alveg einstakt umhverfi.“

Eldri byggingarnar á Hvanneyri voru hannaðar af frumkvöðlum íslenskrar byggingarlistar á 20. öldinni, þeim Guðjóni Samúelssyni, Einari Erlendssyni og Rögnvaldi Ólafssyni. Má segja að í sameiningu hafi þeir skapað einstæða heild bygginga á Hvanneyri.

Ráðherra sagði að þessi friðlýsing kæmi Hvanneyri vonandi á kortið og gerði bæði Íslendinga og útlendinga meðvitaða um hversu merkilegur og fallegur staðurinn væri.

„Þannig vonast ég til að þetta verði til að styrkja ýmsa þá starfsemi sem hér fer fram.“

Afhenti Sigmundur Davíð síðan Birni Þorsteinssyni, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, innrammað skjal til staðfestingar friðun svæðisins og undirritað var 11. júlí. „Hér með lýsi ég því yfir að Hvanneyrartorfan, 105 hektarar, er friðuð og rektorinn er friðaður líka.“

Þakkaði rektor öllum þeim fjölmörgu sem unnið hafa að því að gera þessa friðun að veruleika, m.a. starfsmönnum Minjastofnunar og sveitarfélaginu Borgarbyggð sem fer með skipulagsvaldið á svæðinu. Sem þakklætisvott fyrir framtakið bað Björn rektor Bryndísi Geirsdóttur að afhenda forsætisráðherra og Þórdísi Jóhannesdóttur sveitarstjóra, fyrir hönd þeirra sem að málum hafa komið, körfur með margvíslegu góðgæti úr héraði. Að því loknu var kirkjuklukkum Hvanneyrarkirkju hringt, svona rétt til að innsigla gjörninginn.

Á Hvanneyri er nú starfrækt veglegt landbúnaðarsafn í gamla Halldórsfjósi sem Bjarni Guðmundsson á mikinn heiður af að koma upp, auk Ullarselsins sem orðið er rótgróin stofnun. Þá er þar ferðaþjónusta og unnið er að útvíkkun á þeirri starfsemi í tengslum við matartengda ferðaþjónustu. /HKr.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lýsti yfir friðlýsingu Hvanneyrartorfunnar og afhenti Birni Þorsteinssyni, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, innrammað skjal því til staðfestingar.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Þórdís Jóhannesdóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, tóku við körfum með margvíslegu góðgæti úr héraði sem þakklætisvotti fyrir að hafa stuðlað að friðlýsingunni. Bryndís Geirsdóttir, lengst til hægri á myndinni, afhenti þeim körfurnar, en í dyrum kirkjunnar stendur Björn Þorsteinsson rektor.









Gamli og nýi tíminn mættust á Búvélasafnshlaðinu á Hvanneyri. Þarna mátti sjá elstu farmall-vélarnar á Íslandi og nýjasta Farmallinn sem endurborinn er sem undirnafn CASE-dráttarvélanna.



Unnsteinn Ólafsson á Grund í Reykhólahreppi á glæsilega uppgerðum 70 ára gömlum Farmall.

# Á 70 ára gömlum Farmall frá Reykhólum

**Unnsteinn Ólafsson á Grund í Reykhólahreppi er eigandi glæsilegrar 70 ára gamallar Farmall-dráttarvélar sem átti afmæli á dögunum. Kom vélin ný að Mýrartungu í Reykhólasveit 13. júlí árið 1945.**

Unnsteinn sýndi vélina á Hvanneyrarhátíðinni, en hún var notuð við margvísleg landbúnaðarstörf fram yfir 1970. Þá var búskap hætt á bænum eftir margra mannsaldra búsetu. Var vélin þá seld að bænum Grund þar sem hún hefur verið síðan. Vélin hefur því einungis verið á tveimur bæjum alla sína tíð.

Unnsteinn segir að þegar vélin kom að Grund hafi hún verið ógangfær.

„Við gerðum hana gangfæra og notuðum hana svolítið, en síðan gerði ég hana upp.“

Unnsteinn segir ekki mikið mál að fá varahluti í þessar gömlu vélar frá Bandaríkjunum. Hann segir mikinn áhuga vera fyrir endursmíði gamalla dráttarvéla og bifreiða í Reykhólasveit. Á síðustu Reykhóladögum, sem er bæjarhátíð íbúa á staðnum, mættu bændur á einum 30 dráttarvélum, flestum uppgerðum af mikilli snilld.

*/HKr.*



Fjöldi fólks mætti til Hvanneyrarhátíðar og þeirra á meðal var Eiríkur Blöndal, bóndi á Jaðri, fyrrverandi framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, og eiginkona hans, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir landslagsarkitekt. Fremst við borðið er Lilja Guðrún Eyþórsdóttir, bóndi á Vestra-Reyni, ásamt eiginmanninum, Haraldi Benediktssyni, bónda og alþingismanni og fyrrverandi formanni Bændasamtaka Íslands.



Það eru varla margar rússneskar dráttarvélar til á Íslandi af þessari gerð. XT3 Karkov Ordzhonikidze.



Glæsilegt eintak af Ford AA 1928 með tréhúsi og trépalli sem Ford-umboðið Kristján Kristjánsson á Akureyri flutti til landsins.



Sveinn Hallgrímsson, fyrrverandi skólastjóri á Hvanneyri, fræddi gesti um sögu bygginganna á Hvanneyrartorfunni, en í baksýn er gamla skólahúsið þar sem heimavistin var á efri hæðum.

# Landnámsjörðin Hvanneyri

**Hvanneyri er talin vera landnámsjörð Egils Skallagrímssonar en hann nam land milli Borgarhrauns og Hafnarfjalls. Hann gaf síðar Grími hinum háleyska land milli Grímsár og Andakílsár og bjó hann á Hvanneyri.**



Kirkja var fyrst sett á Hvanneyri á 12. öld en hún er í dag bændakirkja og því í eigu Landbúnaðarháskólans. Kirkjan stóð á Kirkjuhól en árið 1903 fauk hún og lenti norðan við kirkjugarðinn. Því var ákveðið að færa kirkjuna og var hún sett á þann stað sem sú gamla lenti. Núverandi kirkja var vígð árið 1905.

Landbúnaðarháskóli Íslands á sér langa sögu í gegnum forvera sína, Bændaskólann á Hvanneyri og Búnaðarskólann sem stofnaður var í suðuramtinu árið 1889. Á staðnum var lengi stórbýli og taldist jörðin 60 hundruð.

Meðfram Hvítá liggja Hvanneyrarengjar sem fengu næringu úr ánni með áveitum. Þaðan kom lengi vel allur heyafli Hvanneyrarbúsins, eða þangað til farið var að rækta tún suður í mýrunum upp úr 1940. Meðfram engjunum liggur ás nokkur og snýr Kinnin, brekka, í átt að ánni. Ás þessi markar syðri hluta Borgarfjarðarsamhverfunnar en það eru hallandi jarðlög. Sunnan Hvítár halla jarðlögin til suðausturs en norðan ár til norðvesturs. Klapparholt þetta hindrar afrennsli af mýrunum fyrir sunnan.

Hvanneyrarhverfið samanstóð af höfuðbólinu Hvanneyri og þegar búnaðarskólinn var stofnaður voru jarðir og hjáleigur lagðar undir skólann. Voru þetta Svíri, Ásgarður, Tungutún, Bárustaðir, Staðarhóll, Kista og Hamrakot. Árið 1907 urðu breytingar á starfi skólans, námið varð fjölþættara og bóknám aukið og hét hann eftir það Bændaskólinn á Hvanneyri. Framhaldsnám í búvísindum hófst þar svo 1947 og myndaðist þar þéttbýli í kjölfarið. Bútæknideild Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins hafði þar aðsetur og aðstöðu síðan 1965 og í dag er eins og fyrr segir á staðnum Landbúnaðarháskóli Íslands og er aðal lífæð staðarins.

Fjöldi íbúðarhúsa er nú á svæðinu auk bygginga sem tilheyra skólanum og söfnum staðarins.



Erna Árfells og kýrin hennar Snúra sem staðið hefur sig afburða vel á langri ævi. Var hún búin að skila 97.292 lítrum af mjólk um síðustu mánaðamót og 15 kálfum. Myndir / HKr

### Kýrin Snúra í Berjanesi í Vestur-Landeyjum er í hópi afburða kúa í íslenska stofninum:

# Einstaklega ljúf og skapgóð

### – segir eigandinn Erna Árfells um kúna sem sannarlega er búin að skila sínu og komin á sautjánda aldursár

**Í Berjanesi í Vestur-Landeyjum er kýr sem Snúra heitir og er fædd í apríl 1999, eða fyrir rúmlega 16 árum. Þessi kýr þykir bera af og hefur enst með fádæmum vel, en ræktandi hennar er Erna Árfells.**

Á bænum eru 45 mjólkandi kýr og 90–100 aðrir gripir auk 400 sauðfjár og um 60 hrossa. Fyrir þetta þarf að heyja vel á annað þúsund rúllur auk kjarnfóðurs sem gefið er. Erna hefur alla tíð haft veg og vanda af nautgriparæktinni, en sambýlismaðurinn, Jón Guðmundsson, hefur aftur á móti haldið utan um sauðfjárræktina.

Erna segir þetta fyrirkomulag hafa hentað þeim ágætlega, Jón hafi alltaf haft meiri áhuga á sauðfjárrækt, en hún hafi verið meira fyrir kúabúskapinn. Þótt vinnan sé vissulega meiri að jafnaði við kýrnar, þá falli henni það betur í geð en sólarhringstarnirnar við sauðburðinn á vorin. Þar hleypur dóttirin, Gunnhildur, ásamt manni sínum undir bagga með föður sínum. Þykir því liggja beinast við að hún taki við sauðfjárræktinni á bænum, en sonurinn, Guðmundur, við kúabúskapnum. „Mér hentar miklu betur að hafa jafna vinnu eins og við kýrnar," segir Erna.

*Tók við af ömmu sinni og afa*

„Ég tók við kúabúskapnum eftir afa og ömmu árið 1975, en ég ólst að mestu leyti upp hjá þeim. Við vorum með básafjós hér áður og mjólkaði ég ein í marga áratugi. Þá var ég að jafnaði með 25–26 kýr.

Við fórum svo að skoða hvernig við gætum breytt þessu og vorum jafnvel með í huga að byggja mjaltabás. Svo sáum við auglýstan notaðan róbót (mjaltaþjón) í Bændablaðinu og Guðmundur sonur minn hringdi strax og bauð í hann. Við breyttum svo fjósinu í legubásafjós og vorum núna í mars búin að vera með róbótinn í notkun í fimm ár.

Við vorum líka með stóra flatgryfju sem við byrjuðum á að breyta í vetrungafjós. Þar undir fengum við haughús. Nú erum við að skoða hvort ekki þurfi að huga að því að fara að byggja við þar sem kröfurnar um dýravelferð eru alltaf að verða meiri og meiri. Svo er stöðugt verið að biðja um meiri mjólk."



Bærinn Berjanes í Vestur-Landeyjum.



Snúra í sólinni á túninu í Berjanesi með sjálfan Eyjafjallajökul í baksýn.

Erna segist ekki sjá fyrir sér að fyrirtæki með stórbú taki yfir hlutverk fjölskyldubúanna. Allt annað sé að reka bú með aðkeyptum starfskrafti sem engra hagsmuni eigi að gæta og hafi jafnvel litla þekkingu á því sem þar þarf að vinna. Nefnir hún nokkur dæmi orðum sínum til staðfestingar. Hins vegar séu líka nokkur dæmi um vinnufólk sem ráðið sé til afleysinga í sveitum sem reynst hafi afburðavel. Hún segist þó vera mjög kenjótt varðandi það að fá utanaðkomandi til að sinna sínum kúm.

*Leggur ekki í vana sinn að taka löng frí frá búinu*

Erna hefur svo sem ekki mikið verið að styðjast við afleysingafólk,


„Ég tók við kúabúskapnum eftir afa og ömmu árið 1975, en ég ólst að mestu leyti upp hjá þeim. Við vorum með básafjós hér áður og mjólkaði ég ein í marga áratugi. Þá var ég að jafnaði með 25–26 kýr."


Kýrnar í Berjanesi stilltu sér upp til myndatöku og virtust vel meðvitaðar um að kýrin Snúra, sem liggur makindalega í forgrunni, var sú sem allt snerist um í þetta skiptið.

nema þá soninn, enda eru frí frá búinu eitthvað sem hún þekkir helst af afspurn. Hún segist þó einu sinni hafa farið í langt frí, eða í þrjár vikur. Þá fór hún til Suður-Ameríku og var í hálfan mánuð á Galapagoseyjum. Þá fór hún einu sinni í tveggja vikna frí til Bandaríkjanna og Kanada. Annars hefur hún látið sér nægja að skreppa í nokkra daga í einu.

„Maður fer ekki mikið frá ef maður ætlar að hugsa almennilega um búið. Þetta gengur ekkert nema það sé hugsað vel um alla hluti og vakað yfir öllu. Auðvitað þurfa bændur samt að komast frá annað slagið.“

### *Sonurinn kom inn í reksturinn*

Nú er sonurinn, Guðmundur Jón Jónsson, að miklu leyti tekinn við kúastofninum, en hann býr á Hvolsvelli sem er í um tíu mínútna akstursfjarlægð frá Berjanesi. Kom hann inn í þetta fyrir nokkrum árum þegar stofnað var sameignarfélag um reksturinn. Hann var einmitt að hefja slátt heima við hús þegar tíðindamann Bændablaðsins bar að garði þann 11. júní síðastliðinn, þótt eiginlegur túnsláttur hæfist ekki fyrr en 25. júní. Þótti honum sprettan fara seint af stað sökum kulda þetta sumarið, en í fyrra var það óvenjumikil bleytutíð sem angraði bændur. Guðmundur segir að samt hafi heyskapurinn sloppið til á síðasta ári.

„Maður ætlaði þá að byrja að slá í byrjun sumars en þótti ekki alveg nógu vel sprottið. Við hættum því fljótlega og ætluðum að bíða í nokkra daga. Þá kom rigning sem stóð samfellt í tíu daga og þá var grasið farið að skríða meira en við helst vildum sætta okkur við. Seinni hluta sumarsins náðum við þó þokkalegum heyjum.“

### *Mikið ræktunarstarf unnið á sandinum*

Jörðin Berjanes er um 1.100 hektarar en þar ef eru túnin 120 hektarar beggja vegna þjóðvegarins. Nokkuð stór hluti af túnunum, eða um 40 hektarar, hafa verið græddir upp af svörtum foksandinum. Segir Erna að fyrir nokkur hundruð árum hafi bærinn reyndar verið færður ofar í landið vegna sandfoks. Hún segir að þótt mikil uppgræðsla hafi átt sér stað á jörðinni sé mikið af sandinum enn ógróið land, en fyrir nokkrum áratugum hafi 2/3 hlutar jarðarinnar verið svartur sandur. Hún segir þó tímafrekt að græða upp nothæf tún og mynda nægilega þykkan jarðveg. Slík tún vilji líka oft brenna illa í miklum þurrkum þar sem rakinn er fljótur að hverfa í sandinn.

### *Ekki tilviljanakennd ræktun*

Þótt Guðmundur sé nú orðinn öflugur liðsmaður í nautgriparæktinni á bænum er Erna þó enn að, enda nautgriparæktaráhuginn afar mikill alla tíð. Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur í nautgriparækt hjá Ráðgjafarþjónustu landbúnaðarins, segir að Erna hafi alltaf notað sæðingar og heimanaut nokkuð jöfnum höndum. Hún hafi ræktað liti (gjarnan hryggjótt) og fallegar kýr. Segir hann að Berjanes-kýrnar hafi yfir sér ræktarlegt yfirbragð og beri þess vitni að þar hafi verið stunduð markviss en ekki tilviljanakennd ræktun.

### *Snúra er einstaklega ljúf og skapgóð*

Erna segir það ekki verra að Snúra sé einstaklega ljúf og skapgóð. Samkvæmt skýrsluhaldi hennar hafði Snúra skilað þann 30. júní síðastliðinn samtals 97.292 lítrum af mjólk sem er með því besta sem þekkist á æviskeiði einnar kýr. Að meðaltali er fituinnihald mjólkurinnar 4,02 og próteininnihald 3,63.

Snúra hefur átt 15 kálfa, þar af 13 bolakálfa og tvær kvígur. Eignaðist hún tvo nautkálfa (tvíbura) árið 2008 og það ár mjólkaði hún mest á æviskeiði sínu, eða hvorki meira né minna en 8.694 lítra. Annar tvíburinn, Þáttur að nafni, fór til brúkunar á sæðingarstöð. Hinn var notaður á kvígur í Berjanesi.

Eftir síðasta burð hefur nytin heldur minnkað hjá Snúru og telur Erna ólíklegt að hún nái því að komast yfir 100 þúsund lítra markið úr þessu.

### *Hefur aldrei safnað spiki*

*– Hver er galdurinn við að rækta svona góða og fallega kú?*

„Ég get sagt þér hluta af því, en það er að hún hefur aldrei safnað spiki. Ég held að það hái einmitt mörgum kúm að þær verða of feitar.“

*– Stafar það af ofgjöf?*

„Bæði það og að þær mjólka ekki nóg. Snúra hefur aldrei á ævi sinni orðið feit og verið alveg óhemju hraust. Á síðasta ári, þegar hún átti fimmtánda kálfinn, fékk hún þó smá burðarslen sem hún hefur ekki fengið áður.

**– *Framhald á næstu síðu***



*- Hefur þú átt fleiri slíka gæðagripi?*

„Nei, enga sem hafa enst svona lengi. Hún er búin að eiga 13 naut og tvær kvígur, en önnur þeirra fékk beinkröm en var að öðru leyti mjög vel gerð. Ég hafði þá ekki áttað mig á því að hana skorti D-vítamín og kalk. Ég hafði líka lent í þessu með einn og einn vetrung og varð meira að segja að skjóta naut sem við ætluðum að nota og ég sá mikið eftir. Það var svo Grétar Hrafn Harðarson dýralæknir sem benti mér á þetta og sagði mér að gefa þeim lýsi og kalk. Hann sagði að nautin yxu svo hratt að þau væru ekki að ná úr heyinu öllum þeim næringarefnum sem þau þyrftu á að halda. Þessu mætti bjarga með aukagjöf á þeim næringarefnum.

Við höfum notað naut undan Snúru og erum með eitt núna inni í fjósi. Öll nautin undan henni hafa verið ágætlega holdi farin. Þetta hefur skilað sér í góðum gripum og ég hef aðeins fengið eina kvígu undan nauti Snúru sem ég hef ekki verið ánægð með.“

### *Væntumþykjan um íslensku kúna skín í gegn*

Það er greinilegt að Erna ber hag gripanna sinna mjög fyrir brjósti og væntumþykjan um dýrin skín þar berlega í gegn. Hún er líka stolt af íslenska kúastofninum og segist ekki mega til þess hugsa að menn taki inn nýtt kúakyn til mjólkurframleiðslu.

„Ég vil ekki sjá það, því þetta er auðlind sem við eigum. Okkur ber skylda til að vernda íslensku dýrategundirnar óblandaðar. Ég efast til dæmis um að hrossabændur yrðu kátir ef farið yrði að blanda erlendum stofnum saman við íslenska hestinn.“

Erna var reyndar ein af þeim 18 kúabændum sem stofnuðu Búkollu, samtök áhugamanna um íslensku kúna. Það var gert þegar upp kom áhugi meðal margra kúabænda um að koma hér upp nýjum og afkastameiri mjólkurkúastofni. Markmið félagsins var að standa vörð um íslenska kúakynið og verja það erfðamengun, efla kúabúskap og ræktun kýrinnar, hafa í heiðri sögu og menningu tengda kúnni og að tryggja velferð kýrinnar og hollustu afurða.

Ekki eru allir kúabændur sammála því að ekki sé hægt að verja íslenska kúastofninn samfara því að rækta við hlið hans mjólkurkýr af erlendu kyni. Fróðlegt verður því að fylgjast með til hvers nýsamþykkt lög um innflutning á erfðaefni, sem að vísu er eingöngu miðað við holdanautgripi, leiða í framtíðinni.

### *Nafngift skiptir máli*

Erna segir að nafngift skipti líka miklu máli í kúabúskapnum. Staðreyndin sé nefnilega að ósjálfrátt sé betur hugsað um kýr sem hafa eitthvert nafn, en þær sem eingöngu hafa númerið sem þær eru skráðar með.

„Umgengnin um þær verður persónulegri. Snúra skilur vel þegar ég tala til hennar, líka þegar ég kalla hana „Gömlu mína“. Í vetur var hún farin að verða svolítið löt að fara í heyið og lét hún mig vita af því. Murrar í henni þegar svo er og ef ég spyr; „á ég að gefa þér núna?“ þá murrar aftur í henni. Við tölum því saman og hún veit alveg hvernig hún á að haga sér til að ég komi með tuggu handa henni. Hún kemur yfirleitt alltaf upp á sama básinn og þá gef ég henni þar, en hún er sannarlega búin að vinna fyrir því. Sonur minn er þó ekkert sérlega hrifinn af þessu dekri.

Snúra hefur elst rosalega mikið eftir að hún bar síðasta kálfinum, enda komin á sautjánda árið. Þetta þykir hár aldur í dag, en ég man eftir því sem krakki að þá var kýr seld frá bænum Stíflu að bænum Skipagerði. Hún var þá 16 vetra gömul og var til í Skipagerði í að minnsta kosti þrjú ár eftir það. Þar sem ég er formaður Nautgriparæktarfélags Vestur-Landeyja þá gat ég flett upp í gömlum kúaskýrslum til að skoða hvort þetta væri rétt munað hjá mér. Þar stóð þetta allt saman svart á hvítu. Hverjum dytti í hug í dag að selja frá sér 16 vetra kú?“

### *Betur verði hugað að ræktun á háfættum kúm*

Erna benti á einn þátt sem skipt gæti máli í ræktun mjólkurkúa úr íslenska stofninum. Það er að hugsað sé meira um að rækta gripi sem eru sæmilega háfættir. Það skiptir t.d. miklu máli við innleiðingu á tækni eins og mjaltaþjónum. Þeir eru hannaðir fyrir mun stærra og háfættara kúakyn og ná því ekki alltaf að grípa síða spena eins og oft má sjá hjá íslenskum kúm. Til að mæta þessu hafa bændur víða sett sérstakar upphækkanir fyrir kýr sínar svo þær passi mjaltaþjónunum. Þetta skipti kannski ekki alveg eins miklu máli þegar notast er við mjaltagryfjur.

Í Berjanesi er De Laval mjaltaþjónn. Til að hann réði við lágfættar kýr með síð júgur, þá skar Guðmundur, sonur Ernu, út gúmmípúða sem upphækkun fyrir kýrnar til að standa á. Slíkt er jafnvel enn algengara þar sem Lely mjaltaþjónar eru notaðir.

### *Fljótar að aðlagast tækninni*

Það er annars alltaf jafn furðulegt að fylgjast með hversu fljótar íslensku kýrnar eru að aðlagast tækniundrum eins og mjaltaþjónum. Síðan umgangast kýrnar þessi tæki og láta mjólka sig, oftast sjálfviljugar og án vandræða.

„Þær fara í þetta sjálfar en við erum þó með eina sem aldrei fer í mjaltaþjóninn af sjálfsdáðum. Það er eins og hún sjái draug um leið og hún kíkir fyrir hornið. Það eru því alltaf einhver vandamál sem koma upp í búskapnum, sama hvaða tækni sem menn annars nota.“

Erna segir mjaltaþjónana vissulega oft vera til góðs.

„Fyrir kýr sem mjólka mikið munar auðvitað heilmiklu fyrir þær að komast oftar en tvisvar á sólarhring í mjaltir. Ég er viss um að það heldur slíkum kúm heilbrigðari að geta farið oftar í mjaltir.“

### *Mikil aukning á nyt frá því sem áður var*

Erna segir ekkert óalgengt að kýr í dag geti skilað 50 lítrum á dag, en það sé mjög ólíkt því sem áður var. Þá þótti líka gott ef sumar kýr fengju eitt kíló af mjöli á dag á meðan aðrar fengu ekkert. Þóttu það ofurkýr sem gáfu af sér 4.000 lítra af mjólk á ári. Þá voru heyin trúlega mun næringarefnasnauðari, oft úr sér sprottið grasi sem gjarnan var búið að liggja lengi á túnum. Talsvert var þá einnig um engjaslátt þar sem slegin voru stör í mýrlendi og þurrkuð á heimatúnum. Nú eru íslensku „ofurkýrnar“ af sama gamla stofninum gjarnan að skila 8.000 lítrum eða meiru. Sýnir það vel hvað hægt er að gera með ræktun, markvissri umhirðu og fóðurgjöf.

„Ég man að þegar ég var krakki, þá komst ein kýr, hún Skjalda, í 28 merkur í mál sem þótti einstakt og það var lengi talað um hana. Maður sér á þessu að það er ekki síst umhugsunin sem skiptir miklu. Að mínu mati skiptir fóðrunin samt mestu máli, þótt ræktunin sé auðvitað að gefa eitthvað líka,“ segir Erna.

Þótt kýrnar í gamla daga hafi kannski ekki verið að gefa ýkja mikið af sér voru bændur lítið að fárast út af því. Segir Erna það vera staðreynd að á árum áður hafi fólk oftar verið ánægðara með það litla sem það hafði en þekkist hjá fólki í allsnægtunum í dag. */HKr.*



Erna með gamlar skýrslur Nautgriparæktarfélags Vestur-Landeyja. Hún vill að þessar skýrslur verði varðveittar en þó þannig að hægt verði að skoða upplýsingarnar sem þar er að finna. Ekki að þær verði látnar rykfalla uppi á einhverju safnlofti engum til gagns.



Jörðin Berjanes er um 1.100 hektarar en þar ef eru túnin 120 hektarar beggja vegna þjóðvegarins. Nokkuð stór hluti af túnunum, eða um 40 hektarar, hefur verið græddur upp af svörtum foksandinum.




Fitumælingaskýrsla í Nautgriparæktarfélagi Vestur-Landeyja frá 1949. Þar má m.a. sjá að tíu kýr voru í Berjanesi. Í þá daga þóttu það ofurkýr sem gáfu af sér 4.000 lítra af mjólk á ári. Nú eru íslensku ofurkýrnar af sama gamla stofninum gjarnan að gefa af sér 8.000 lítra eða meira. Sýnir það vel hvað hægt er að gera með ræktun og markvissri umhirðu. Allt frá þessum tíma hafa slíkar skýrslur verið haldnar af mikilli nákvæmni og þar er því að finna mjög merkilegar heimildir um sögu nautgriparæktar á svæðinu.






# 100 ára ártíð Torfa í Ólafsdal (1838–1915)

*Torfi Bjarnason var fæddur að Skarði á Skarðsströnd 28. ágúst 1838 en fluttist ungur með foreldrum sínum að Bersatungu í Saurbæ og ólst þar upp. Torfi átti lítinn kost á bókmenntun í æsku en las flest sem hann náði í og töluvert hafði hann lært í reikningi tilsagnarlaust eða tilsagnarlítið af bókum. Þegar hann var innan við tvítugt hafði hann um hríð verið hjá Kristjáni kammerráði á Skarði og fengið hjá honum tilsögn í dönsku. 24 ára fór hann burt úr foreldrahúsunum og til Ásgeirs frænda síns Einarssonar á Þingeyrum. Voru þau systrabörn Ingibjörg móðir Torfa og Ásgeir.*

Þrjú ár var Torfi í vinnumennsku hjá frænda sínum á Þingeyrum og í Ásbjarnarnesi. Þótti Torfi mjög efnilegur í öllum bústörfum þannig að hugmyndir vöknuðu í sýslunni um að koma þar upp fyrirmyndarbúi sem hann myndi veita forstöðu. Til að undirbúa hann fyrir það starf ákváðu Húnvetningar að styrkja hann til náms í Skotlandi enda fjárrækt talin best þar í landi. Torfi fór suður til Reykjavíkur sumarið 1865 til að búa sig undir Skotlandsferðina. Lærði hann ensku hjá Oddi Gíslasyni er síðar varð prestur í Vesturheimi. Þá fékk hann tilsögn í dráttlist hjá Sigurði málara og í reikningi hjá Halldóri skólakennara Guðmundssyni. Dvaldi Torfi við nám og störf í Skotlandi í 1 1/2 ár, frá vori 1866 til hausts 1867, lengst af nærri Peterhead í norðaustanverðu landinu. Eftir námið í Skotlandi hóf Torfi innflutning á skoskum ljáum sem ruddu sér svo til rúms á 3 árum (1868–1871) að varla sást íslenskur ljár eftir það. Ekkert varð af fyrirmyndarbúinu í Húnaþingi en árið 1868 kvæntist hann Guðlaugu Zakaríasdóttur (1845-1937). Þau bjuggu fyrst að Varmalæk á Borgarfirði 1869-1871 en fluttu þaðan í Ólafsdal sem þau keyptu af Jóni Ólafssyni þingmanni Dalamanna. Árið 1873 fór Torfi vestur um haf til að kanna aðstæður til búskapar en ákvað að koma heim aftur um haustið. Tveir bræður Torfa sem urðu honum samferða fluttu til Vesturheims og einnig systir hans. Torfi fór að slétta túnið í Ólafsdal og notaði til þess plóg og önnur áhöld sem lítið var þá um. Sóttust ungir menn í að koma til Torfa til að læra á þessi tæki. Varð það orsök þess að þeir Sigurður sýslumaður Sverrisson í Bæ og Guðmundur prófastur Einarsson á Breiðabólsstað á Skógarströnd hvöttu Torfa til að bjóða amtsráði Vesturamtsins að koma á fót búnaðarkennslustofnun í Ólafsdal fyrir Vesturamtið. Tók það vel í erindið og fór svo að Ólafsdalsskólinn hóf starfsemi 1. júní 1880 og byrjaði með 5 lærisveina.


Torfi Bjarnason.


Guðlaug Zakaríasdóttir.


Séð heim að Ólafsdal um 1900.

Ólafsdalsskólinn var þar með fyrsti búnaðarskóli á Íslandi og var starfræktur óslitið undir stjórn Torfa til 1907. Í skólann innrituðust 156 skólapiltar af landinu öllu og lærðu þeir jafnt bókleg sem verkleg fög. Námsárið var frá vori til vors og námstíminn tvö ár. Áhersla var lögð á að kenna notkun hestaverkfæra við hin ýmsu jarðræktarstörf og heyskap. Nemendur skyldu aðstoða við smíði verkfæranna. Á veturna var m.a. bókleg kennsla í reikningi og efnafræði, grasa- og jarðræktarfræði, hagfræði og „uppdráttarlist“. Einnig húsdýrafræði og eðlisfræði. Nemendur gengu til búverka og þeir skrifuðu fyrirlestra kennarans. Segja má að skólinn hafi þróast upp úr hugsjón Torfa um stofnun og rekstur fyrirmyndarbús.

Á tímum Ólafsdalsskólans reis fjöldi bygginga í Ólafsdal. Þar á meðal skólahúsið sem enn stendur (frá 1896), smiðja, mjólkurhús og tóvinnuhús. Þá var mikið land brotið til ræktunar og fjöldi jarðvinnuverkfæra framleiddur í smiðjunni og seld víða um land (herfi, plógar, Ólafsdalskerrur, aktygi á hesta, undirristuspaðar o. fl. ). Ostagerð var lengi stunduð í Ólafsdal og var ostur gerður úr sauðamjólkinni en 170 ær voru mjólkaðar og 16 kýr þegar mest lét. Þá var Ólafsdalsvaðmálið þekkt fyrir gæði. Gjarnan dvöldu 30-40 manns í Ólafsdal á tímum skólans, þar af 12 skólapiltar eftir að nýja skólahúsið var tekið í notkun, fjölskylda Torfa og Guðlaugar, kennarar, vinnumenn, vinnukonur, kaupakonur o. fl. Heimilishaldinu stýrði Guðlaug síðan af mikilli röggsemi. Torfi og Guðlaug eignuðust 12 börn. Af þeim dóu þrjú ung og fimm komin á fullorðinsár en fjögur náðu hærri aldri. Auk þess áttu þau sex fósturbörn og fjögur er þau ólu upp að nokkru leyti.

Heimkomnir voru Ólafsdalssveinar iðnir við að breiða út lærdóm sinn. Þeir réðust á þúfurnar, mældu upp tún og gerðu flókin áveitukerfi. Þá voru þeir flestir áberandi í sínu samfélagi, stóðu að stofnun búnaðar-, jarðræktar-, lestrar- og framfararfélaga og margir urðu virkir í sveitarstjórnum. Ólafsdalsskólinn var jafnframt nokkurs konar kennaraskóli. Þannig stunduðu 43 skólapiltar þaðan kennslu í alls 570 vetur. Áhrif Ólafsdalsskólans á sviði landbúnaðar og menntunar á Íslandi voru því umtalsverð.


Ólafsdalsskólinn 1898. Torfi (til hægri), Benedikt Magnússon kennari og 11 nemendur.



## Erfiljóð Matthíasar Jochumssonar um Torfa

Hér að neðan er erfiljóð Matthíasar Jochumssonar (1835-1920) um Torfa Bjarnason (1838-1915) sem birtist í dagblaðinu Íslendingi á Akureyri, 38. tölublaði 1915. Þeir tveir voru samtíðarmenn og nágrannar og þekktust vel; Matthías alinn upp á Skógum í Þorskafirði í Austur-Barðastrandarsýslu en Torfi á Skarði á Skarðsströnd og síðan að Bersatungu í Saurbæ í Dalasýslu.

**Torfi í Ólafsdal**

*Þá er fallið þetta vígið,*
*- þrotlaust geysar alheimsstríð,*
*frá oss mesta höfuð hnigið*
*hér sem varði búandlýð.*
*Betra spor af bændum stigið*
*birst hefur ei am mína tíð.*

*Er sem dauðir gæti grátið -*
*grátið missi þvílíks manns.*
*Hvar er hringlið, fumið, fátið*
*fjölda niðja þessa lands?*
*Betur hefðum hundrað látið*
*heimalninga, en missa hans.*

*Lífið hans var langa æfi*
*landi sínu að vinna bót;*
*valdi fyrst hvað var við hæfi,*
*vildi sjá það festa rót, -*
*vakti æ þótt aðrir svæfi*
*uns það komst á styrkan fót.*

*Verk hans rétt að telja tölum,*
*trautt ég þekki nokkurn mann.*
*Búnað lands í bygð og dölum*
*bætti enginn jafnt sem hann.*
*Meðan feitu fé vér smölum*
*framkvæmd hann ei gleymast kann.*

*Í orði vann hann eins og verki,*
*aldrei þreyttist sál né hönd;*
*ótal rit og mannvits merki*
*minna á staka framtaks önd;*
*vitið, dáðin, viljinn sterki*
*vildi greiða sérhver bönd.*

*Sama snilld var úti og inni,*
*- öllum ljúf og hugum kær -*
*hvar sem hann með húsfrú sinni*
*hafði ráðin, nær og fjær;*
*sjaldar grær í manna minni*
*merkilegri rausnar bær.*

*Heiðrið, skáld, í skyldum óði*
*skörungmann í Ólafsdal,*
*þar sem hann með frægðar-fljóði*
*fræddi lengi snót og hal.*
*Nú er fallinn guminn góði;*
*grípið merkið, bændaval!*
*Matth. Jochumsson.*

Útgefandi: Ólafsdalsfélagið - www.olafsdalur.is - www.facebook.com/Olafsdalur - Ábyrgðarmaður: Rögnvaldur Guðmundsson - Umbrot: Prentsnið

# Skrúfuþjósljár Torfa frá 1874 – fyrsta einkaleyfi Íslendings

*Torfi Bjarnason kynnti Íslendingum nýja gerð ljáa, bakkaljáina, sumarið 1867. Nýjungin fólst í hinum bitgóðu ensku ljáblöðum (lénum) þeirra. Afköst við sláttinn uxu og ekki þurfti lengur að eldbera ljáina til dengingar eins og þá gömlu íslensku. Bakkaljáirnir ullu byltingu í heyskap hérlendis.*



**Ensku ljáblöðin (í bakkalja), sem Torfi Bjarnason kynnti Íslendingum, urðu til mikilla framfara. Hann taldi að bæta mætti ljáina enn frekar. Því hannaði Torfi skrúfuþjósljáinn.**



**Skúfuþjósljár Torfa gerður eftir lýsingu í hinu breska einkaleyfi nr. 1499. Uppfinningin lét ekki mikið yfir sér. Jóhannes Ellertsson vélsmiður útbjó ljáinn fyrir Landbúnaðarsafn Íslands.**

Þótt út hafi runnið hin ensku ljáblöð hélt Torfi, þá orðinn bóndi í Ólafsdal, áfram að hugleiða umbætur á ljáum. Athygli hans beindist að því hvernig útbúa mætti þjóið á lánum þannig að betur færi og að auðveldara væri að leggja ljáinn rétt. Óneitanlega var sú aðferð frumstæð sem notuð var bæði fyrr og síðar að sveigja þjóið með töng eða spenna það á annan hátt þar til réttri legu væri náð fyrir hlutaðeigandi sláttumann. Framfarir í járnsmíði og betra smíðaefni opnuðu nýja möguleika.

Haustið 1874 skrifaði Torfi grein í blaðið Ísafold um nýja gerð ljáa sem hann hafði hannað. Þar skrifaði hann m.a. :

*Eins og mörgum er kunnugt orðið, fór jeg til Englands á næstliðnu vori til þess að kaupa einkaleyfi fyrir smíði og sölu á nýjum ljáum, er jeg hefi fundið upp, og álít langtum hentugri fyrir oss, en hina ensku ljái, sem jeg fyrir 7 árum síðan lét smíða og innleiddi hér, og sem nú hafa í allmörgum héröðum landsins alveg útrýmt hinum gömlu ljáum vorum.*

*Jeg hef nú sent þessa nýju ljái víðs vegar um land til sýnis, en fékk þá of seint til þess að þeir yrðu reyndir í sumar, nema 1, sem jeg kom með í vor, og brúkaður hefir verið á mínu heimili.*

*Þessir nýju ljáir eru frá brugðnir hinum eldri í því, að bakkinn er sjálfgjörður, eða blað og bakki er einjárnungur úr stáli, eru þeir því miklu þýðari og talsvert léttari, en hinir eru venjulega með bakkanum, en eru þó nógu sterkir. Til þess að leggja ljáinn nær og fjær, án þess að vinda hann sjálfan er þjóið sérskilið, og smeygt upp á endann á þjóbugnum og fest með skrúf-ró, þarf ekki annað en losa um þessa skrúf-ró og snúa ljánum í þjóinu eptir þörfum, herða svo á henni aptur, og stendur þá allt fast sem einjárnungur væri [...]*

Þá mun Torfi, með bréfi frá Offices for Patents and the Registration of Design dags. 28. apríl 1874, hafa verið búinn að fá eins konar bráðabirgða-einkaleyfi á umbótum sínum á ljá. Það kostaði Torfa töluverða fyrirhöfn bæði að fá endanlegt einkaleyfi á hinum sérstæðu ljáum og síðan að fá þá smíðaða. Jón A. Hjaltalín, er seinna varð skólameistari Möðruvallaskóla, dvaldist þá í Edinborg og studdi Torfa með margvíslegum hætti. Fleiri höfðu trú á brasi Torfa og lögðu honum lið. Þannig skrifaði honum Eiríkur Magnússon í Cambridge vorið 1874:

*Eg þykist viss um að ljáirnir þínir munu verða arðsamt „patent," því þeir hafa verið reyndir og hafa gefist vel; enn það er einmitt skilyrðið því að patent beri og borgi sig.*

Eiríkur taldi ennfremur „mechanisk öfl verða að koma oss til liðs, í stað hinna lötu vinnumanna vorra, er slæpast nú brottu til Ameríku."

Haustið 1874 fékk Jón A. Hjaltalín bréf frá hinni bresku skráningarskrifstofu einkaleyfa, þar sem viðurkennd var móttaka greiðslu „[...]of our fee for Final (? ) Specification of M. Bjarnasons Patent for Improvment in Scythes for which we are obliged [...]" Virðist einkaleyfið þá hafa verið komið í höfn. Það fékk númerið 1499 undir titlinum An Improvement in Scythes – endurbætur á ljáum.

Þannig varð Torfi Bjarnason fyrstur Íslendinga til þess að fá einkaleyfi á uppfinningu. Hins vegar gilti einkaleyfið ekki hér á landi því nauðsynlega löggjöf til verndunar hugverkaréttindum skorti hérlendis á þeim tíma.

Þá var næst að finna einhvern er smíðað gæti ljái í samræmi við hina viðurkenndu hugmynd. Eiríkur Magnússon skrifaði Torfa að erfitt væri að fá góða járnsmiði og áleit menn oft gabbaða af vondum smiðum þar í landi; taldi það raunar „mesta lán að hitta á ærlegan mann í þeim efnum." Torfi leitaði til þekktra ljáasmiða í Sheffield, m.a. William Tyzack, Sons & Turner, smiðjunnar sem hvað helst sá Íslendingum fyrir ljáblöðum. Tyzack-menn voru tregir til en skömmu fyrir jól 1874 svöruðu þeir þó Torfa, kváðust ekki hafa gleymt honum, báru við önnum en væru nú tilbúnir til framleiðslu ljáanna og lokasamninga um það.

Tyzacks-mönnum hafði sýnilega þegar til kom litist á ljá-hugmyndina og virtust vera tilbúnir með nokkur eintök til sendingar. Þeir skrifuðu Torfa aftur og kváðust hafa haft samband við W. O. A. Lowe kaupmann í Liverpool, sem Torfi hafði verið í sambandi við vegna viðskiptatengsla hans við Ísland. Kváðu þeir hjá þeim liggja pöntun á „18 Doz of his Patent Scythes" – á ríflega 200 ljáum eftir einkaleyfi Torfa. Ekki slæmar horfur fyrir hina nýju ljái. Kynningarstarf Torfa á þeim virðist því hafi borið árangur.

Smiðirnir í Sheffield gerðu Torfa verðtilboð: Gerðu þeir ráð fyrir að hefðbundnu ljáblöðin væru á 10 skildinga tylftin en að tylft af hinum nýju ljáum með skrúfuþjói væri á 19 skildinga. Við verð ljáblaðanna átti þá eftir að bætast kostnaður vegna ljábakka og frágangs blaða á bakka. Ljóst er að nýju ljáirnir urðu samkvæmt þessu nokkru dýrari en bakkaljáirnir.

Um þetta leyti virðist Torfi hafa gengið frá formlegum samningi við W. A. Tyzack & Co. Samningurinn var dagsettur 23. febrúar 1875. Í upphafi samningsins er áréttað einkaleyfi uppfinningamannsins Torfa, staðfest af Viktoríu drottningu, númer 1499, frá „tuttugasta og níunda apríl á því herrans ári 1874 og á þrítugasta og sjöunda stjórnarári Hennar". Í samningnum gekkst Torfi undir það að láta ekki aðra framleiða téðan ljá í breska heimsveldinu næstu þrjú árin frá 1. janúar 1875 að telja. Þá voru ákvæði um framleiðslumagn og verð ljáanna. Fyrir allt að tvö hundruð tylftir á ári skyldi verðið vera 19 skildingar á tylftina en 18 skildingar færi framleiðslan yfir 200 tylftir á ári – af ekki lakari gæðum en reynst hefði í fyrsta hluta framleiðslunnar.

Í samningnum var gert ráð fyrir töluverðri ársframleiðslu á hinni nýju ljágerð: 200 tylftir, þ. e. 2400 ljáir – sýnist hafa verið einhvers konar viðmiðun hvað framleiðsluverð snerti. Gæti sá fjöldi hafa svarað til þess að einn nýr skrúfuþjósljár kæmi árlega á hér um bil þriðja hvert heimili í landinu. Þá má geta þess að árið 1876 voru tæplega 3000 ljáir (ljáblöð) flutt til Íslands.



Offices for Patents and the Registration of Designs.
GLASGOW, EDINBURGH AND LONDON.

J. HENRY JOHNSON, SOLICITOR, ASSOC. INST. C. E.
ST. JOHN VINCENT DAY, C. E. F. R. S. E.
BRITISH, FOREIGN & COLONIAL PATENT AGENTS.

No 2146 Glasgow 166 Buchanan Street 28th April 1874

Received from Torfi Bjarnason Esq the sum of Fifteen Pounds ten shillings Sterling in payment of Fees for Provisional Protection and giving Notice to Proceed with his Invention of Improvements in scythes

J. H. Johnson & Day
per

£ 15. 10. „

A.D. 1874. April 29. No 1499.
BJARNASON'S SPECIFICATION.
(1 SHEET)



**Skoskt einkaleyfisbréf Torfa Bjarnasonar frá 1874 vegna endurbóta hans á ljá. Teikning af ljánum fylgir. Þetta var fyrsta einkaleyfi sem Íslendingur hlaut.**

Frekari pantanir hlutu að ráðast af viðtökum markaðarins sem var fyrst og fremst sá íslenski. En ekki var þá fremur en í annan tíma nægilegt að dreifa nýjunginni heldur varð að fylgja henni eftir með sæmilega nákvæmum leiðbeiningum um notkunina. Hér átti það sama við og ljáblöðin sjö árum fyrr. Það gerði Torfi meðal annars með rækilegri grein er hann skrifaði í sunnanblöðin sumarið 1875 og nefndi Bending um meðferð hinna nýju ljáa. Í greininni lýsti hann ljáunum og þá sérstaklega meðferð þeirra og umhirðu er vera þurfti önnur en hinna hefðbundnu bakkaljáa.

Skrúfuþjósljáirnir virðast hafa verið komnir til Íslands sumarið 1875. Í bréfi Magnúsar Jónssonar í Bráðræði helsta umboðsmanns Torfa, til hans þá um sumarið, lýsir hann áliti sínu á hinum nýju ljáum. Kvartar hann raunar mjög yfir þeim; þeir séu

*. . . of þykkir, of krappir, of veikir í þjóbugnum og of lítið beygðir upp í oddinn og nokkrir vilja snúast í þjóinu sem á mörgum er ónýtt, sem reynslan hefur sýnt, því ekki allfá eru brotin sundur, mér sýnist þau vera steypt. Ef svo er ætla ég það bein svik í smíðum. Nokkrir ljáir eru einnig brotnir við þjóbuginn. Þetta mun hafa þá verkun á útsölu þeirra, að menn hér á Suðurlandi kaupa þá ekki framvegis, nema þessir gallar verði afnumdir.*

Magnús mun hafa fengið 58 tylftir ljáanna (696 ljái). Veturinn eftir lýsti hann enn vonbrigðum sínum með ljáina og segir í bréfi til Torfa: „en ljáunum þínum er ég reiður, því þeir hafa bæði rýrt mannorð mitt og efnahag." Fleiri lýstu svipaðri reynslu.

Ýmsir höfðu áhuga á að reyna hina nýju ljái. Það reyndist vandkvæðum bundið að dreifa þeim. Torfi átti sér umboðsmenn, auk þess sem menn sendu honum pantanir beint. Samgöngur og verslun voru lítt komnar til þroska og tilviljun réði miklu um dreifingu varanna og viðskipti með þær.

En líklega munaði mestu um reynsluna. Óneitanlega var skrúfuþjósljárinn snjöll lausn, líka í augum okkar nútímamanna: Ró á bolta aftur úr ljánum sem herða mátti með handhægum lyki eftir að hin rétta lega ljásins hafði verið fundin. En mikið reyndi á samskeytin svo búnaðurinn varð að vera vel smíðaður úr góðu efni til þess endast jafnlengi og ljárinn. Skrúfuþjósljáirnir tóku því ekki bakkaljáunum fram.

Uppfinningin sem Torfi Bjarnason hafði lagt svo mikið í og kalla má hinn eiginlega Torfa-ljá náði ekki fótfestu á íslenskum markaði. Hún varð engu að síður merkilegt dæmi um umbótalöngun og frumkvæði Torfa sem vel má minnast á 100 ára ártíð hans.

*Bjarni Guðmundsson*
*Landbúnaðarsafni Íslands*
*á Hvanneyri.*

# Aðdáunarverður sögustaður sem heillaði okkur

*Hjónin Elfa Stefánsdóttir tómstundafræðingur (f. 1962) og Haraldur Baldursson tæknifræðingur (f. 1961) eru staðarhaldarar í Ólafsdal í sumar en þau koma úr Hafnarfirði. Þau voru tekin tali af umsjónarmanni þessa Ólafsdalspósts og spurð nokkurra spurninga um starfið og staðinn.*

*- Hvers vegna tókuð þið að ykkur staðarumsjón með Ólafsdal í sumar?*

Okkur þykir vænt um staðinn þar sem að við höfum fylgst með uppbyggingunni frá byrjun. Við höfum komið hingað oft og tekið þátt í gróðursetningu og uppskerustörfum og erum að sjálfsögðu bæði Ólafsdalsfélagar nánast frá upphafi (2008). Þá höfum við gengið mikið um þær fjölmörgu gönguleiðir sem hér eru í boði. Saga dalsins heillar og finnst okkur hún aðdáunarverð. Þegar okkur bauðst að taka að okkur umsjón með staðnum þurftum við ekki að hugsa okkur lengi um.

*- Í hverju er starfið fólgið?*

Það felst einkum í umsjón með staðnum, móttöku gesta og fræðslu um sögu staðarins. Segja sögu fólksins sem bjó hér, lífsbaráttu þess og störfum. Einnig sjáum við um grænmetis- og kryddjurtagarðinn, sem hefur hlotið lífræna vottun, vökvun, uppskeru og sölu á afurðum, ásamt því að sjá um slátt og hirðingu á túnum við skólahúsið og í nágrenni þess. Jafnframt vinnum við ásamt stjórn félagsins að undirbúningi fyrir Ólafsdalshátíðina þann 8. ágúst. Og ekki má gleyma umsjón með Facebook síðu og heimasíðu Ólafsdalsfélagsins.

*- Hvaða þjónusta er í boði í Ólafsdal í sumar?*

Í Ólafsdal er opið fyrir gesti frá 12.00–17.00 alla daga fram til 16. ágúst. Hér er til sölu kaffi, rjómavöfflur og ís frá Erpsstöðum, auk þess sem börnin fá ókeypis svaladrykki. Við göngum með gestum um sýningarnar í húsinu og kynnum söguna ásamt því að fara með þeim fræðslustíginn sé þess óskað og tími okkar leyfir.

*- Eftir hverju eru gestirnir einkum að sækjast?*

Þeir eru mest að sækjast eftir að kynna sér söguna um Ólafsdal en einnig setjast niður með góðar veitingar



Haraldur Baldursson.



Elfa Stefánsdóttir.

á rólegum stað og njóta kyrrðarinnar. Þá kemur þó nokkur fjöldi göngufólks bæði í styttri og lengri gönguferðir um dalinn og út frá honum.

*- Hvers konar gesti eruð þið að fá?*

Mikill meirihluti þeirra ferðamanna sem hingað koma hafa áhuga á einstakri sögu staðarins. Margir hafa einhvers konar tengsl við Ólafsdal sem afkomendur Torfa og Guðlaugar eða síðari tíma ábúenda, afkomendur skólapilta eða jafnvel stúlknanna sem hérna dvöldu sem vinnukonur eða kaupakonur. Einnig kemur þó nokkuð af fólki sem var hér í skólaseli þegar Menntaskólinn við Sund var með húsið á leigu frá um 1975-1990 til að rifja upp gamla tíma.

*- Koma einhverjir erlendir gestir?*

Já það er nokkuð um það og hefur vaxið umtalsvert síðan í fyrra. Þeir koma aðallega til að fá sér veitingar í fallegu umhverfi. Ýmsir þeirra hafa sýnt sögunni áhuga og höfum við brugðist við því eins og kostur er.

*- Hvernig líkar ykkur dvölin?*

Okkur líður mjög vel í Ólafsdal því hér er góður andi. Fegurð náttúrunnar, sagan og minjarnar eru kjarni málsins. Auk þess er mjög gaman að heyra sögu gestanna sem koma og tengjast staðnum á einhvern hátt. Þá eru ýmsir vinir og ættingjar duglegir að heimsækja okkur hingað og verða undantekningarlaust hrifnir af staðnum. Við erum því daglega að upplifa ný og spennandi ævintýri í þessum fallega dal sem við hvetjum sem flesta til að heimsækja.

Það má taka fram að lokum að Elfa mun hefja nám í Leiðsöguskólanum í Kópavogi næsta haust og þar mun staðarumsjónin á vaxandi ferðamannastað í Ólafsdal örugglega nýtast henni vel.

# Ólafsdalur og hugmyndafræði Slow Food

*Frá því að ég kynntist starfsemi og sögu Ólafsdals hefur mér verið ofarlega í huga hversu margt væri hægt að yfirfæra af þessum merkilega stað frá því fyrr á árum til okkar tíma. Ætli við séum komin eitthvað lengra fram á veginn nú en þegar Torfi Bjarnason stofnaði bændaskóla á þessum afskekkta stað fyrir 135 árum? Svarið ætti að vera já – að sjálfsögðu – og margt vitum við betur og margt getum við betur. Þekkingunni hefur fleygt fram með fjölgun vísindamanna og tæknin gerir mönnum mögulega ótrúlegustu hluti sem Ólafsdalshjónin óraði ekki einu sinni fyrir. Er þá þessi starfsemi, sem þótti afar merkileg á sínum tíma, einskis virði nú á tímum? Á hún kannski einungis heima á safni og í nostalgíu borgarbarna sem láta sig dreyma um fullkominn heim, vafinn bláma sem gerir allt fagurt og gott, rétt eins og fjarlægðin sem gerir fjöllin blá?*

Slow Food er hugmyndafræði sem gengur út frá því að maturinn sem við leggjum okkur til munns sé góður – góður á bragðið, hreinn og ómengaður; sem sagt að hann sé ekki samansettur af aukefnum, erfðabreyttur eða fullur af eitur- og rotvarnarefnum til að hægt sé að geyma hann sem lengst. Þessi hugmyndafræði gengur líka út á að góður matur sé ekki forréttindi heldur mannréttindi og loks að hann sé sanngjarn – bæði fyrir þann sem kaupir hann og þann sem framleiðir hann. Bein afleiðing af þessu er að maturinn sé úr staðbundnu hráefni. Því minna sem hann þarf að fara á milli staða, því minna þarf að nota af aukefnum til að geyma hann. Önnur afleiðing af þessu er að neytandinn verður sjálfkrafa „með-framleiðandi" með því að beina viðskiptum sínum til



Ostanámskeið á vegum Ólafsdalsfélagsins. Dominique er fimmta frá hægri.



Lífrænt grænmeti frá Ólafsdal og söl úr Saurbænum, á námskeiði sem Rúnar Marvinsson hélt um söl og þara.



Með hnúðkál úr Ólafsdalsgarðinum.

þeirra sem standast þessar kröfur – og hann styrkir þá þar með. Með þessu móti er hægt að nálgast sjálfbærni, sem þýðir í raun fæðuöryggi fyrir okkur nú á tímum. Það að hugsa um plánetuna og Móður Jörð er það sama og að hugsa um okkur sjálf því að án hennar getum við ekki verið.

Ólafsdalsbúið og bændaskólinn er eitt af bestu dæmum sem hægt er að finna um sjálfbærni. Og það dæmi getum við notað í dag, við þurfum ekki að kalla það nostalgíu borgarbarna. Ræktunin í þá daga var lífræn – einfaldlega vegna þess að tilbúinn áburður var ekki til. Var það verra en það er í dag? Voru túnin verri? Nei, greinilega ekki, ef trúa má skýrslunum sem voru afar nákvæmar um rekstur skólans og búsins. Sóun var engin og allt var nýtt til hins ýtrasta á staðnum, einfaldlega vegna þess að langt og erfitt var að ná í aðföng. Mjólkin úr skepnunum var öll nýtt, og meira að segja voru ostar búnir til úr hrárri mjólk og seldir víða, ostar á borð við Roquefort og Gorgonzola, þó að ekki hafi raunar verið mikil framtíð í því. Sjálfsbjargarviðleitni gerði það að verkum að nýsköpun var ekki ríkisstyrkt fyrirbæri heldur lífsnauðsyn og verkfæra- og húsasmíði Torfa ber þess ríkuleg merki. Lífið var ekki auðvelt á þessum afskekktu stöðum og í dag vildi sennilega enginn feta í fótspor Torfa og erfiða eins mikið og hann og kona hans, Guðlaug, þurftu að gera. En þau skiluðu af sér bæði blómlegu búi og vel menntuðum piltum og stúlkum sem tóku með sér þessa hugmyndafræði um sjálfbærni – sem var þó ekki kölluð neinu sérstöku nafni í þá daga. Þetta unga fólk flutti með sér á heimaslóðir sínar þá vissu um að það væri einmitt þetta sem ætti að hafa að leiðarljósi í framtíðarlandbúnaði.

Vísindin hafa nú að mestu rutt nýsköpunargleði bóndans úr vegi. Ólafsdalur myndi líklega ekki fá starfsleyfi í dag til að framleiða osta og aðrar mjólkurvörur og verkfæri væru keypt fullþróuð erlendis frá. Maturinn væri keyptur í stórmarkaði í nokkurra kílómetra fjarlægð og margar vélar, sem kosta sinn skildinginn í kaupum og rekstri, væru í sérbyggingu einhvers staðar á jörðinni. Á hjara veraldar, eins og Ólafsdalur var – og er, er þó hægt að hafa hlutina öðruvísi – og það er vissulega gert úti í hinum stóra heimi. Það er hægt að rækta lífrænt og uppskera vel, uppskera fallegt grænmeti til manneldis og fóður fyrir skepnur. Það er hægt að framleiða góða osta úr hrárri mjólk, eins og var gert fyrir 100 árum, og nota einmitt þekkinguna sem við höfum í dag til að koma í veg fyrir skaðlegar bakteríur. Það er hægt að takmarka notkun vélknúinna tækja og þar með eldsneytis – sem fyrr en síðar fer hvort heldur er að verða af skornum skammti – og lifa samt góðu lífi. Það er hægt að gera heimaframleiðslu hátt undir höfði til að brauðfæða fólkið í landinu, ekki einungis með einum framleiðanda fyrir hverja vörutegund heldur með því að dreifa framleiðslunni um allt land og treysta um leið búsetu þar sem tekjurnar væru tryggðar til að geta einmitt haldið öllu landinu í byggð. Það er sjálfbærni. Og það er ekki svo erfitt að stefna að því. Við ættum að skoða betur það sem gert var í Ólafsdal…

*Dominique Plédel Jónsson,*
*blaðamaður og formaður*
*Slow-Food í Reykjavík*

# Fræðslu- og skemmtigöngur í Ólafsdal

*Margar skemmtilegar gönguleiðir eru tengdar sögustaðnum Ólafsdal við Gilsfjörð. Þær gefa bæði góða yfirsýn yfir það mikla verk sem Torfi Bjarnason vann á tímum fyrsta búnaðarskóla landsins og fjölbreytt og fagurt landslag svæðisins. Skráning gönguleiða og örnefna og skrifleg leiðsögn um fræðslustíg er meðal þess sem Ólafsdalsfélagið hefur unnið að til að gera staðinn og menningarminjar aðgengilegri almenningi.*

Fræðslustígurinn hefst við sjálft skólahúsið þar sem gestir geta fengið útprentaða leiðsögn. Fyrsti áningarstaðurinn er mjólkurhúsið eða vatnshúsið sem reist var rétt fyrir aldamótin 1900 og svo fylgja gestir merktri leið þar sem staldrað er við númeraða áfangastaði og geta lesið bæði um viðkomandi stað og örnefni mannvirkja og náttúruna í kring. Alls er stígurinn um 3 km og leiðir fólk um flestar af merkustu minjunum um skólahald og búskaparhætti í Ólafsdal. Meðal áfangastaða er grunnur Tóvinnuhússins, Lindin sem bæjarlæknum var veitt úr með undirhleðslum að bænum, Torfnátthaginn, flóðveitugarðarnir og Stekkurinn. Unnið er að því að gera stíginn enn greiðfærari.

Gönguferð upp í Skál er ómissandi hluti af heimsókn í Ólafsdal í hugum margra. Skálin er stór grasbali í fjallinu beint ofan við bæinn. Þaðan er mikið útsýni út Gilsfjörð, yfir Breiðafjörð og allt vestur í Stálfjall ofan við Skor í góðu skyggni. Þarna er líka gott að glöggva sig á Ólafsdalsjörðinni og þeim miklu görðum sem Torfi hlóð umhverfis túnin. Gönguleiðin upp í skál er rúmur kílómetri og liggur upp í rúmlega 200 metra hæð. Leiðin er nokkuð brött. Þegar upp er komið liggur leiðin gjarnan nyrst í Skálina þaðan sem víðsýnast er.

Hjá heimilisfólki í Ólafsdal var algengt að fara í skemmtigöngu með gestum með fjallsbrúnunum umhverfis dalinn. Þessi ganga er um 13 km og liggur leiðin hæst í rúmlega 500 metrum yfir sjávarmáli. Hringurinn var nær alltaf farinn réttsælis þannig að lagt var af stað frá bænum og upp í Skál. Þaðan var farið upp skarð fyrir miðri Skál og upp á Sandkúlu og á fjallsbrúnina. Margir kjósa að ganga nyrst út á Stekkjarhyrnuna til að njóta útsýnis yfir Gilsfjörð og Breiðafjörð. En hringleiðin liggur fyrst að Hvarfsdal þaðan sem sjá má ofan í Draugaskot. Draugarnir sjálfir eru klettadrangar sem eru beggja vegna fossins þar sem Hvarfsdalsáin steypist ofan í Draugaskotið. Þaðan er haldið yfir á Þverfjallið og loks fyrir Ólafsdalinn. Leiðin liggur svo áfram eftir brúnum Kragafjallsins að Lambadal og Lambadalsá. Þar er


Greinarhöfundur.


Hluti af gönguhópi fyrir ofan Ólafsdal.

gengið niður hrygginn bæjarmegin við Lambadalsána sem heitir Tagl.

Ýmsar lengri gönguleiðir tengjast Ólafsdal. Hægt er að ganga í fótspor Torfa Bjarnasonar milli Ólafsdals og Bersatungu sem stendur þar sem Svínadalur og Brekkudalur mætast og Hvolsdalur byrjar. Auðveldast er að fara upp á fjallgarðinn við Neðri Brekku, norðan í Brekkudalnum og ganga upp hrygg sunnan Brekkugils. Þaðan liggur leiðin í nær 600 metra hæð til norðurs eða norðausturs eftir því hvar ferðalangar vilja að koma að brúnum ofan við Ólafsdal og fara niður í dalinn.

Tvær megingönguleiðir tengja Ólafsdal og Bitru. Vörðuð póstleið liggur frá Gröf um Krossárdal í Bitrufirði og að Kleifum í Gilsfirði. Til að fara að Ólafsdal fara göngumenn til suðurs Mjóadal úr Krossárdal og yfir Snartartunguheiði. Önnur falleg og fáfarin gönguleið liggur um Norðdal frá Snartartungu innst í Bitrufirði. Þá er gengið upp með ánni sunnanvert í Norðdalnum. Þar er nokkuð jöfn hækkun upp dalinn en göngumenn eru hvattir til að gefa sér tíma til að skoða fossana í ánni. Þegar komið er upp úr Norðdalnum er farið sunnan við Torfalægðir og þaðan er stefnan tekin upp á Hvarfsdalshraun. Af Hraununum er mjög víðsýnt, m.a. yfir Húnaflóa.

Göngumenn sem vilja njóta útsýnisins geta farið tvær skemmri leiðir úr innanverðum Gilsfirði og ofan í Ólafsdal. Sú lengri liggur frá Kleifum, nyrsta bænum í Dalabyggð, upp kleifar vestan við ána með Gullfoss á vinstri hönd og áfram upp á fjall þar sem gengið er út að Stekkjarhyrnu. Skemmri hringur er að fara upp með Grjótánni, annarri á sem komið er að á leið inn frá Ólafsdal. Þar er farið upp í Grjótárlægðir og svo út á Stekkjarhyrnuna. Þá liggur þægileg gönguleið upp með Brunná í Saurbæ og svo austur yfir Hvolsfjallið þar til komið er að vestanverðum brúnum Ólafsdals.

Hvort sem gestir eru að leita sér fróðleiks og beinnar snertingar við söguna eða vilja njóta útivistar og hreyfingar í fögru umhverfi er af nógu að taka í Ólafsdal.

*Arnar Guðmundsson*
*stjórnarmaður í Ólafsdalsfélaginu.*


Séð heim að Ólafsdal nútímans. Mynd: Jóhann Páll Valdimarsson.

## Mikil uppbygging framundan í Ólafsdal á næstu árum

Ólafsdalsfélagið var stofnað í Ólafsdal í júní 2007. Nú eru félagar orðnir um 320 og fer enn fjölgandi. Félagið hefur fengið miklu áorkað með stuðningi fjölmargra aðila, auk mikillar sjálfboðavinnu félagsmanna. Framundan eru miklar framkvæmdir við endurbyggingu nánast allra húsa sem voru í Ólafsdal á blómatíma Ólafsdalsskólans í kringum 1900. Er stefnt að því að henni verði lokið fyrir 140 ára afmæli Ólafsdalsskólans árið 2020. Á næstunni mun gengið frá samkomulagi á milli fjármálaráðuneytisins, Ólafsdalsfélagins og Minjaverndar um þá endurreisn. Þar verður fastmælum bundið að sögu staðarins og menningarminjum verði áfram gerð góð og aukin skil og mun Ólafsdalsfélagið gegna þar lykilhlutverki. Jafnframt verður frjálst aðgengi almennings áfram tryggt, enda var Ólafsdalsskólinn þjóðskóli í þeim skilningi að þangað komu nemendur hvaðanæva að af landinu og áhrif hans voru mikil á landsvísu. Þær hugsjónir og trú á land og lýð sem endurspegluðust í allri starfsemi Ólafsdalsskólans eiga nú mikið erindi við íslensku þjóðina. Samkomulagið verður undirritað í Ólafsdal og kynnt nánar þegar þar að kemur.

# Áttunda Ólafsdalshátíðin 8. ágúst - allir velkomnir!

Ólafsdalshátíðir hafa verið fastur liður í starfsemi Ólafsdalsfélagsins frá árinu 2008 og munu verða svo áfram. Hafa þær verið vel sóttar. Að þessu sinni verður áttunda Ólafsdalshátíðin haldin laugardaginn 8. ágúst. Aðaldagskráin verður kl. 13.00-17.00 en fræðsluganga um Ólafsdal og inn í Draugaskot mun þó hefjast kl. 10.00. Aðalræðumaður verður Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis. Drengjakór íslenska lýðveldisins mun syngja. María Játvarðardóttir flytur erindi um föður sinn Játvarð Jökul Júlíusson frá Miðjanesi í Reykhólasveit sem setti saman bókina um Torfa og Ólafsdalsskólann og skólapiltatal allra nemenda við skólann þó hann væri þá lamaður frá hálsi (Útgefandi: Búnaðarfélag Íslands 1986). Hátíðarstjóri verður Ingi Hans Jónsson sagnamaður úr Grundarfirði og mun hann auk þess kynna Búkollusöguna fyrir börnunum. Margt fleira verður til skemmtunar fyrir börn og auk þess er enn að bætast við í dagskrána að öðru leyti. Lífrænt vottað Ólafsdalsgrænmeti verður til sölu, glæsilegt Ólafsdalshappdrætti og vandaður handverks- og matarmarkaður. Veitingar. Allir velkomnir.





Útskurðarmeistarinn Helgi Björnsson í Huppahlíð og dóttir hans.


Fylgst með leikhópnum Lottu á Ólafsdalshátíð.


Guðý Björg sér um að selja miða í Ólafsdalshappdrættinu.

## Helstu stuðningsaðilar Ólafsdalsfélagsins 2015

Bændablaðið
MENNINGARRÁÐ VESTURLANDS Culture council of West Iceland
FERÐAMÁLASTOFA ICELANDIC TOURIST BOARD
LANDBÚNAÐARSAFN ÍSLANDS
Dalabyggð
HÚSAFRIÐUNARNEFND

Stjórn Ólafsdalsfélagsins skipa: Arnar Guðmundsson (ritari), Halla Steinólfsdóttir (varaformaður), Ingveldur Guðmundsdóttir (gjaldkeri), Rögnvaldur Guðmundsson (formaður), Sumarliði Ísleifsson, Sólveig Ólafsdóttir, Svavar Gestsson, Torfi Markússon og Þórður Magnússon.



# GÆÐAHJÓL

*Kawasaki fjórhjólin eru tilvalin í bústörfin*

*Verðdæmi á* ***Kawasaki*** *hjólum:* ***KVF750*** *4X4- 2.160.000,-*
***KVF650*** *4X4 - 1.799.000,-* ***KVF300*** *fjórhjól - 939.000,-*

*Miðað við gengi 17.07.2015*

NITRO
*Þar sem ævintýrið byrjar*

Kirkjulundi 17 / 210 Garðabæ
Sími 557 4848 / www.nitro.is

Kawasaki

ChitoClear®
Einstaklega græðandi sárasmyrsl
primex

Sortimo







Innréttingar
Hillu- og skúffukerfi

Fyrir allar gerðir bíla

- Þrautreynt kerfi
- Öryggisprófað
- Tryggir þig gegntjóni

RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á 402 dreifingarstaði
og á yfir 5.000 lögbýli um allt land







Visqueen Polycrop er hágæða 5 laga plastfilma framleidd eftir ströngustu gæðakröfum. Með því að sameina fimm aðskilin lög af plastefninu polythene fæst einstaklega sterk filma sem bæði er loftþétt og veitir mikla vörn gegn götun.

Visqueen Polycrop er hannað til þess að standast kröfur afkastamikilla bindivéla nútímans, þar sem tími er peningar og ekkert má útaf bregða.

Bændur sem notað hafa plastið frá Visqueen þekkja gæði þess og kjósa að kaupa það ár eftir ár enda hefur reynslan sýnt það að gæðin eru ávallt þau sömu.

Visqueen Polycrop hentar jafnt á rúllur og sem stórbagga.

Afhendum frítt á afgreiðslur Samskipa-Landflutninga um land allt

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Vefsíða: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | www.thor.is |
| 110 Reykjavík | 601 Akureyri | |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |

Alþjóðasamtök bænda (WFO), Að brauðfæða jörðina – orka lífsins:

# Sjónarmið bænda

**Bændasamtök Íslands urðu á síðasta ári fullgildir aðilar að Alþjóðasamtökum bænda (WFO). Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, heimsótti allsherjarþing samtakanna í Milanó fyrir skömmu. Í lok þingsins sendu samtökin frá sér eftirfarandi ályktun:**

Við bændur heimsins, karlar, konur og æskufólk sem stundum búskap á litlum, meðalstórum eða stórum býlum, í samvinnufélagaformi eða með öðrum hætti gerum okkur grein fyrir að landbúnaður, þar með talið korn-, fóður-, grænmetis-, búfjár-, vín-, skóg- og fiskirækt er kjarni sjálfbærrar þróunar.

*Ábyrgð á fæðuöryggi*

Bændur og dreifbýlissamfélög bera ábyrgð á fæðuöryggi, fullnægjandi næringu og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni á jörðinni. Bændur brauðfæða jörðina, framleiða nauðsynlega orku til að samfélagið geti gengið eðlilega fyrir sig og eru undirstaða sjálfbærrar þróunar. Við gerum okkur ljóst að því fylgir mikil ábyrgð að tryggja fæðuöryggi heimsins og gæta að gæðum jarðarinnar.

Okkur bændum er ætlað að framleiða nægilegt magn öruggra matvæla af fullnægjandi gæðum og sanngjörnu verði til að tryggja fæðuöryggi jarðarbúa í stöðugt stækkandi heimi. Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) telur að landbúnaðarframleiðslan verði að aukast um 60% á heimsvísu til að fæða jarðarbúa árið 2050, sem áætlað er að verði 9,2 milljarðar að tölu.

*Fjölbreytt úrval matvæla*

Bændur framleiða fjölbreytt úrval matvæla til neyslu allt árið um kring. Þessi fjölbreytni gefur jarðarbúum kost á fjölþættu mataræði með háu næringargildi svo sem grænmeti, ávöxtum, kornvörum og dýraafurðum. Í því liggur lykillinn að því að koma í veg fyrir hungur og gefa öllum kost á að lifa heilbrigðu lífi.

Í þessu sambandi gegna samvinnufélög lykilhlutverki. Þau hafa verið skilgreind af SÞ sem „rekstrarform með samvisku“. Samvinnufélög geta vegið saman annars vegar markmiðið um að hagnast og hins vegar að uppfylla þarfir félagsmanna sinna og samfélaganna sem þeir byggja. Vegna þess er hlutverk samvinnufélaga afar mikilvægt við að tryggja fæðuöryggi og vinna að útrýmingu hungurs.

Við bændur sköpum hagvöxt og atvinnu með framleiðslu afurða til frekari vinnslu og viðskipta. Með því bætum við hag samfélagsins í heild auk okkar sjálfra. Til viðbótar þá framleiðir landbúnaðurinn ekki eingöngu matvæli og fóður til framleiðslu þeirra. Afurðir olíujurta, ólífuolíuframleiðsla og býflugnavax eru nokkur dæmi. Þar að auki þarf að framleiða fóður fyrir dýr sem eru nýtt til flutninga.

*Efla framleiðslu endurnýjanlegrar orku*

Landbúnaðurinn mun leggja sitt af mörkum til að efla framleiðslu endurnýjanlegrar orku svo sem með lífeldsneyti, orkuframleiðslu úr lífmassa og annarri nýsköpun. Í ljósi verðsveiflna og neikvæðra umhverfisáhrifa jarðefnaeldsneytis, er sífellt meiri áhersla lögð á að finna orkugjafa sem geta komið í stað þess.

Við bændur höfum fundið nýjar lausnir til að klæða mannkynið og útvega byggingarefni til að auka sjálfbærni. Það er vaxandi eftirspurn á heimsvísu eftir afurðum sem framleiddar eru með sjálfbærum hætti, með hráefnum sem aflað er með sjálfbærum hætti, svo framleiðslan í heild geti talist vera það.



Evelyn Nguleka, kjúklingabóndi frá Sambíu og nýkjörin forseti WFO, ásamt Sindra Sigurgeirssyni, formanni Bændasamtaka Íslands, á allsherjarþingi WFO í Mílanó.




Kynningarplakat þings WFO í Mílanó.

*Aukið hlutverk landbúnaðar*

Hlutverk landbúnaðarins við að klæða mannkynið, framleiða neysluvörur og byggingarefni mun aukast á komandi árum. Landbúnaðurinn, einkum þó skógræktin, framleiðir verðmæt hráefni til bygginga og annarrar iðnaðarframleiðslu. Samt sem áður hefur hráefnisframleiðsla byggð á jarðefnaeldsneyti, aukist á kostnað landbúnaðarins. Fyrir liggja staðfest dæmi þess að hægt er að breyta landbúnaðarúrgangi í eldsneyti og aðrar verðmætar afurðir. Sú framleiðsla er sjálfbærari en nýting sem byggir á jarðefnaeldsneyti.

Að rækta matvæli, eldsneyti og trefjar samhliða mun bæta auðlindanýtingu jarðarinnar og er lykillinn að því að berjast gegn loftslagsbreytingum. Fjölþætt hlutverk landbúnaðarins sýnir vilja greinarinnar til að stuðla að sjálfbærni, að standa vörð um landið og nýta auðlindir þess á hagkvæman hátt. Þörf er á auknum rannsóknum til að skoða betur áhrif loftslagsbreytinga á landbúnaðarframleiðsluna til að aðlagast sem best þeim breytingum sem í vændum eru svo sem á úrkomu, hitastig, veðursveiflur og kolefni í andrúmsloftinu. Ræktun skóga er eitt af því sem mun skipta verulegu máli til að vinna gegn loftslagsbreytingum og tryggja framboð á hreinu vatni.

*Takast á við loftslagsbreytingar*

Við bændur þurfum að takast á við loftslagsbreytingar í okkar daglega lífi. Bændur þurfa stöðugt að aðlagast óstöðugleika í loftslagi með því að finna og útfæra lausnir til að aðlagast og vinna gegn áhrifum breytinganna á búreksturinn.

Bændur og rekstur þeirra, sé hann sjálfbær efnahagslega, eru ómissandi við að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, bæði á héraðs-, lands- og heimsvísu. Bændur hafa sýnt einstaka aðlögunarhæfni vegna þessara breytinga, þar með talið veðursveiflna, en fleiri þurfa að leggjast á árarnar til að vinna að því að leysa þau umfangsmiklu vandamál sem heimsbyggðin þarf að kljást við vegna breytinganna.

Við bændur erum vörslumenn landsins. Landbúnaður hefur mótað landslag og menningu um allan heim. Eftir sem áður er jarðvegsauðlindum okkar ógnað vegna aukinnar eyðimerkurmyndunar, uppblásturs, útþenslu byggðar og fleiri neikvæðra áhrifa. Það eru sameiginlegir hagsmunir bænda að vernda jarðveginn, berjast gegn eyðimerkurmyndum, bæta gæði og meðferð vatns, tryggja búsvæði tegunda í útrýmingarhættu og efla líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu. Bændur hafa hag af því að halda landinu ræktanlegu og frjósömu, enda gengur landbúnaður ekki upp án þess.

*1,3 milljarðar tonna af matvælum*

Samkvæmt mati FAO fer árlega til spillis um 1,3 milljarðar tonna af matvælum sem ætlaður er til manneldis. Samvinnufélög í landbúnaði, í krafti skipulags þeirra og uppbyggingar, ættu að geta átt verulegan hlut að því að minnka orsakavalda matarsóunar svo sem offramleiðslu, ófullnægjandi geymslu matvæla og léleg flutningakerfi.

*Græn svæði efla tengsl manns og náttúru*

Landbúnaðarland býr til græn svæði, eflir tengsl manns og náttúru og getur átt þátt í að standa vörð um náttúrulega arfleifð heimsins. Landbúnaðarframleiðsla er undirstaða dreifbýlissamfélaga, bæði félags- og menningarlega um leið og þau samfélög geta boðið upp á sjálfbæra ferðaþjónustu. Til lengri tíma lítið þá gegna bændur, í gegnum samvinnufélög sín, lykilhlutverki við að skapa sjálfbæran hagvöxt, efla þróun samfélaga sinna og ábyrga meðferð umhverfisins.

Landbúnaðurinn hefur því bæði félagslegt og menningarlegt hlutverk. Að vera vörslumenn landsins er vissulega kostnaðarsamt fyrir bændur þó það sé í þeirra þágu, en ekki síður og enn frekar þjóðfélagsins í heild. Kostnaður bænda við að bæta nýtingu náttúruauðlinda, auka líffræðilega fjölbreytni, varsla landslags og menningar tengdri því, gætir ekki í tekjum þeirra.

*Almannagæði fyrir þjóðfélagið í heild*

Ásamt því að framleiða vöru og þjónustu fyrir markaðinn þá framleiðir landbúnaðurinn ýmiss konar almannagæði fyrir þjóðfélagið í heild. Sem markaðsdrifnir framleiðendur á heimsmarkaði leitast bændur sífellt við að framleiða meira með því að nota minna. Það að markaðurinn geti ekki tekið tillit til hins fjölþætta hlutverks landbúnaðarins við verðlagningu framleiðsluvara greinarinnar hamlar þróun hennar. Bændur leita sífellt leiða til hagræðingar í rekstri. Hagkvæm og skilvirk notkun aðfanga leiðir til aukinnar framleiðni og minni umhverfisáhrifa. En því miður er hlutverk og þýðing landbúnaðarins við framleiðslu og varðveislu almannagæða sjaldnast viðurkennt.

*Mæta þarf þörfum vaxandi fjölda jarðarbúa*

Til að mæta þörfum vaxandi fjölda jarðarbúa skiptir öllu máli að bændur hafi aðgang að aðföngum og innviðum sem eru nauðsynleg framleiðslu þeirra. Þar má nefna öruggt aðgengi að landi, auðlindum mörkuðum og fjármagni. Þar skipta einnig máli möguleikar á uppskerutryggingum, aðgengi að orku, vinnuafli, rannsóknum og þróun auk sí- og endurmenntunar. Þessi verkfæri munu gera bændum kleift að aðlaga framleiðslu sína að nýjustu tækni, til að auka sjálfbærni og framleiða matvæli og aðrar vörur til að mæta sívaxandi eftirspurn.

Aðgengi að fjármagni er höfuðatriði fyrir allan búrekstur, án tillits til stærðar eða staðsetningar. Mikil vinna hefur átt sér stað til að tryggja smábændum slíka þjónustu og hún þarf að halda áfram. En til að stuðla að áframhaldandi þróun landbúnaðarins þarf að tryggja greininni í heild nægilegan aðgang að fjármagni til að opna möguleika á auknu virði afurða í víðu samhengi. Sérstaka áherslu þarf að leggja á meðalstór bú.

Því til viðbótar verða bændur í auknum mæli fyrir áhrifum af verðsveiflum á mörkuðum og náttúrulegum áföllum sem hafa áhrif á aðfangaverð til þeirra, oft með neikvæðum afleiðingum á afkomu og rekstrarhæfi búanna. Stjórnvöld og úrvinnsluaðilar þurfa að taka tillit til þess til að tryggja að bændur geti stýrt áhættu sinni með ásættanlegum hætti svo framboð matvæla og annarra framleiðsluvara landbúnaðarins sé ávallt stöðugt og öruggt.

Við bændur höfum ávallt verið í fararbroddi nýsköpunar frá því að skipulegur landbúnaður hófst fyrr á öldum til dæmis með skipulögðum áveitum, kynbótum plantna með ágræðslu eða jafnvel með því faglegri hönnun umbúða til að kynna framleiðsluvörur landbúnaðarins. Í þessu samhengi er nýsköpun ávallt nauðsynleg bæði á vettvangi bænda sjálfra en hennar er á sama hátt þörf í allri virðiskeðju landbúnaðarins, þar með talið til að auka afurðir, skilvirkni, hagkvæmni og rekjanleika á öllum sviðum. Því til viðbótar má nefna mikilvæg svið eins og vöruþróun, markaðsmál, gæðamál, upprunamerkingar og aðra þýðingarmikla þætti sem hafa gildi innan virðiskeðjunnar.

*Aðgengi að mörkuðum*

Bændur þurfa aðgang að mörkuðum sem búa yfir nauðsynlegum innviðum til að viðskiptin gangi greiðlega fyrir sig. Með því er átt við innviði eins og flutningskerfi á lofti, láði og legi, nauðsynlegar vörugeymslur og fleira. Slíkt þarf helst vera í samvinnufélagaformi sem gera framleiðendum mögulegt að taka þátt í allri virðiskeðjunni. Þær aðferðir draga úr matarsóun og auka hagkvæmni frá haga til maga.

*Aukin sjálfbærni*

Við bændur þurfum aðgengi að nauðsynlegri þekkingu og verkfærum til að bæta sjálfbærni í landbúnaði. Fjárfestingar í menntun og þjálfun skila arði til framtíðar. Bændur þurfa að eiga möguleika til að afla sér þekkingar við hæfi og eflast þannig í starfi. Þetta er ekki síst nauðsyn því að efnahagslegir áhrifaþættir við uppbyggingu sjálfbærrar framleiðslu eru jafnmikilvægir þeim félags- og umhverfislegu.



**Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna FAO, segir að 43% vinnuafls í landbúnaði í þróunarlöndunums sé í höndum kvenna. Því sé fæðuöryggi framtíðarinnar í þessum löndum að stórum hluta undir konum komið. Í Afríku eru 80% starfsmanna í akuryrkju konur og þær eru 60% akuryrkjuvinnuaflsins í Asíu. Samkvæmt tölum Alþjóðabankans standa konur undir 90% fæðuframboðsins í fátækustu ríkjum heimsins, en fá aðeins 10% þeirra lána sem veitt eru til landbúnaðar í þeim ríkjum og hafa aðeins aðgengi að 5% þeirrar þjónustu sem til boða stendur í landbúnaði.**

### *Sanngjarnt afurðaverð*

Við bændur þurfum sanngjarnt afurðaverð. Í virðiskeðju þar sem bændur eru oft í þröngri stöðu á milli afurðastöðva og aðfangabirgja, hafa þeir oft lítið svigrúm til samninga. Ákvörðun um afurðaverð er oftast ekki í höndum bændanna sjálfra og þeir geta ekki mótað markaðinn. Við erum þakklát fyrir stuðning og traust neytenda og myndum vilja nánara samband þar á milli. Bændur sem vinna saman í gegnum samvinnufélög eru í betri stöðu til að nýta sér markaðstækifæri og aðlagast niðursveiflum á markaði eða á öðrum vettvangi.

### *Þörf á stuðningi til að styrkja stöðu bænda innan virðiskeðjunnar*

Frekari aðgerða er þó þörf á sviði stefnumótunar, lagaumhverfis og annarra þátta í starfsumhverfi bænda. Við þurfum allan þann stuðning sem mögulegt er til að styrkja stöðu bænda innan virðiskeðjunnar. Ef bændum er ekki umbunað á sanngjarnan hátt fyrir framleiðslu sína í formi afurðaverðs, þá verður ekki um neitt fæðuöryggi að ræða, engin framleiðsla endurnýjanlegrar orku og engin þróun í hinum dreifðari byggðum. Þangað verður ekkert að sækja.

Lykilatriðið til að mæta áskorunum okkar tíma er að bæta afkomu í landbúnaði. Með því er tryggt að starf í landbúnaði verði ábatasamur og sjálfbær valkostur fyrir ungt fólk og auðveldi nauðsynleg kynslóðaskipti í greininni.

### *Arðsemi nauðsynleg*

Arðsemi er nauðsynleg svo landbúnaður geti keppt um vinnukrafta við atvinnugreinar í þéttbýlinu og hægt sé að fjárfesta í þeim undirstöðum sem knýja áfram sjálfbæra og félagslega þróun landbúnaðarsamfélaganna.

### *Hvert svæði eða land hafi tækifæri til að þróa sinn landbúnað*

Að lokum þá verður rétturinn að stunda landbúnað að fela í sér að hvert svæði eða land hafi tækifæri til að þróa sinn landbúnað í ljósi þeirra möguleika sem fyrir hendi eru á hverjum stað. Áhersla á samkeppnishæfni má ekki koma í veg fyrir að hvert svæði geti nýtt tækifæri sín til landbúnaðar. Jafnræði á þessu sviði stuðlar að almennu jafnrétti milli landa. Það stuðlar einnig að fæðuöryggi, eykur fjölbreytileika, vöruframboð og stöðugleika landbúnaðarframleiðslunnar á heimsvísu. Þetta markmið ætti að vera sameiginlegt hverju samfélagi fyrir sig og ætti að viðurkennast sem almannagæði.

Á of mörgum sviðum, á héraðs-, lands- og alþjóðavísu eru bændur jaðarsettir og neitað um bæði tjáningarfrelsi og áheyrn. Við bændur þurfum að ná eyrum þeirra sem taka ákvarðanir. Stjórnmálamenn og aðrir stefnumótandi aðilar í hverju samfélagi þurfa að tala við og hlusta á bændur, en ekki ræða málefni þeirra að okkur fjarstöddum.

Við bændur höfum brauðfætt jörðina og munum halda því áfram. Við framleiðum lífsorkuna.

*Ályktun ársfundar Alþjóðasamtaka bænda, WFO í þýðingu Sigurðar Eyþórssonar. – Millifyrirsagnir eru blaðsins.*
***Frumrit.***
*http://www.nfu.org/wp-content/uploads/2015/06/WFO_GA2015_farmer_declarations_eng_print-1.pdf*













Gamli traktorinn



# Ransomes-smátraktor fyrir garðyrkjumenn

**Árið 1884 stofnuðu félagarnir Sims og Jefferies félag í þeim tilgangi að yfirtaka breskt fyrirtæki sem hét Ransomes, Head og Jefferies og framleiddi landbúnaðartæki. Með í kaupunum fylgdi framkvæmdastjóri þess, Robert Ransomes að nafni.**



Fjórum árum síðar framleiddi fyrirtækið meðal annars handsmíðaða plóga, gufuknúnar dráttarvélar, vindur, þreskivélar og vélar sem notaðar voru við vinnslu á te, pumpur og gírbúnað fyrir járnbrautalestir. Framleiðslan gekk vel og árið 1905 voru starfsmenn fyrirtækisins orðnir tvö þúsund. Í fyrri heimsstyrjöldinni framleiddi Ransomes, Sims og Jefferies Ltd. meðal annars flugvélar fyrir breska herinn.

### *Traktor fyrir garðyrkjumenn*

Hönnun á fyrsta smátraktor fyrirtækisins hófs 1902 en það var ekki fyrr en tæpum þrjátíu árum síðar sem fyrirtækið sendi frá sér fyrstu smádráttarvélina sem kallaðist MG2. Litla 20 hestafla beltadráttarvél sem var ætluð til að uppfylla þarfir



garðyrkjumanna. Græjan þótti góð til síns brúks og framleiðsla hennar var stöðug fram að seinni heimsstyrjöldinni. Eftir stríðið var eftirspurn eftir vélinni það mikil að framleiðsla hennar hófst aftur í óbreyttri mynd.

Ný týpa MG traktoranna kom ekki á markað fyrr en 1949. Sú vél kallaðist MG5 og í kjölfarið fylgd MG6 og að lokum MG40. Um 15 þúsund MG smátraktorar voru settir á markað, sem er met fyrir breskan beltatraktor, áður en framleiðslu þeirra var hætt árið 1966. Þrátt fyrir að markaðurinn fyrir MG-vélarnar væri mestur á Bretlandseyjum var talsvert af þeim flutt úr landi til Evrópu og Bandaríkjanna og þær nutu mikilla vinsælda í Ástralíu.

Af fylgihlutum sem mátti fá með MG-týpunum má nefna ýtublað að framan, plóg og valtara til að hengja aftan á traktoranna.

Markaðssetning MG5-vélanna var á þann hátt að einfalt og öruggt væri að vinna með þær og á færi hvaða drengs sem var. Reyndin varð önnur og mörg slæm slys urðu við notkun þeirra, ekki síst úlnliðsbrot. Sérstaklega á ungum drengjum sem einfaldlega réðu ekki við stjórntæki vélarinnar sem áttu það til að hrökkva til baka án skiljanlegra orsaka.



### *Sláttutraktorar*

Áhersla í framleiðslu fyrirtækisins breyttist um 1960 og meiri kraftur var lagður í framleiðslu á vélum til uppskeru, lyfturum og garðsláttuvélum. Þegar hér var komið sögu voru starfsmenn fyrirtækisins orðnir 3.200. Eftir það fór að halla undan fæti hjá fyrirtækinu og reksturinn varð þyngri með hverju árinu sem leið.

Árið 1989 seldi Ransome, eins og fyrirtækið var almennt kallað, framleiðslu sína á landbúnaðartækjum til Electrolux. Í framhaldinu sameinaðist Ransome fyrirtæki sem kallast Overrum og framleiðir plóga og önnur jarðvinnslutæki. Hlutverk Ransome í samstarfinu var framleiðsla á garðsláttuvélum.

Sögu Ransome lauk árið 1998 þegar fyrirtækið var yfirtekið af bandaríska fyrirtækinu Jacobsen og er í dag hluti af Textron, sem framleiðir meðal annars skriðdreka, þyrlur, smátraktora og garðsláttuvélar. Garðsláttuvélarnar og smátraktorarnir frá Textron eru framleidd undir heitinu Ransome og fáanlegar í ýmsum útgáfum, 18 til 45 hestöfl að afli. /VH

Utan úr heimi

## Ástir og ævintýri:

# Benjy tvíkynhneigður

**Tuddinn Benjy sem bjargað var frá slátrun á síðasta ári vegna þess að hann var talinn samkynhneigður er farinn að halla sér að kvígunum.**

Eins og greint hefur verið frá í Bændablaðinu var undaneldistuddanum Benjy bjargað frá slátrun eftir að kom í ljós að hann hafði meiri áhuga á mökum við önnur naut en kýrnar sem hann átti að kelfa.

Talsvert fár varð þegar fréttist að til stæði að slátra tuddanum og breyta honum í Benjy-borgara vegna kynhvatar sinnar. Hófst söfnun sem ætlað var að tryggja að nautinu yrði ekki slátrað og það endaði sem hamborgari en fengi þess í stað að eyða ævinni á friðlandi fyrir dýr.





Söfnunin gekk vonum framar og á skömmum tíma söfnuðust hátt í 9 þúsund pund fyrir Benjy og tuddinn var fluttur í ný heimkynni. Sögur herma að rómantíkin hafi blasað við Benjy strax efir að hann kom á nýja heimilið og hitti þar ársgamlan tudda sem kallast Alex.

Þrátt fyrir að klippt hafi verið á pípurnar og tuddinn þannig gerður ófrjór skömmu eftir að hann var fluttur í athvarfið hefur komið í ljós að hann er ekki við eina fjölina felldur og undanfarið hefur Benjy sýnt beiðandi kvígum mun meiri áhuga en Alex. /VH



## Undur náttúrunnar:

# Köngulær sigla á vatni

**Með því að teygja fæturna í sundur geta köngulær dreift þunga sínum og þannig flotið eða siglt yfir stóra vatnsfleti.**

Eins og margir vita geta köngulær ferðast langar vegalengdir í lofti með því að spinna vef sem þær síðan svífa á með vindi. Á íslensku kallast fyrirbærið vetrarkvíði og var einu sinni talinn fyrirboði um harðan vetur gerðu köngulær mikið af þessu á haustin.

Charles Darvin segir frá því í ferðalýsingu sinni frá 1832 að hann hafi séð þúsundir af litlum köngulóm koma svífandi á móti sér ekki langt frá Galapagoseyjum.

Auk þess að svífa með vindi geta sumar tegundir köngulóa siglt langar vegalengdir á vatni. Aðferðirnar sem mismunandi tegundir köngulóa nota til siglinga eru ólíkar. Sumar lyfta framfótunum upp fyrir höfuðið á sér og nota þær sem eins konar segl en aðrar lyfta upp afturbúknum og beita honum eins og um segl væri að ræða. Köngulær ganga einnig á vatni og enn aðrar spinna vef á yfirborð vatnsins og berast þannig með straumnum. /VH

## Alþjóða heilbrigðisstofnunin:

# Plöntueitrið 2,4-D krabbameinsvaldandi

**Alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir að plöntueitrið 2,4-D sé líklega krabbameinsvaldandi.**

Fyrir nokkrum vikum sendi WHO frá sér yfirlýsingu þar sem sagt er að yfirgnæfandi líkur séu á því að plöntueitrið Roundup, sem framleitt er af Monsanto, sé krabbameinsvaldandi í mönnum. Nú hefur WHO bætt efni sem kallast 2,4-D og efnaframleiðandinn Dow AgroSciences framleiðir á þann lista. 2,4-D er grunnefni í fjölda efnablanda sem notaðar eru í landbúnaði í baráttunni við illgresi.



Á eftir glífosat, sem er virka efnið í Roundup, er 2,4-D næstmest notaða plöntueitur í heiminum. Líkt og með glífosat hefur nytjaplöntum eins og soja, maís, korn og hveiti verið erfðabreytt til að þola 2,4-D sé því úðað yfir akra. Efnið hefur verið á markaði frá árinu 1945. /VH




## JÁ, VIÐ ÞURFUM GÓÐA SÓLARVÖRN!

**Langvirk - 6 klukkutíma sólarvörn.**
**Lyktarlaus og vatnsheld.**

**Sara Hrönn Viðarsdóttir**
**Búfræðingur og „kúahvíslari"**

Hef notað Proderm s.l. þrjú sumur á kýrnar og það virkar ótrúlega vel. Hef ég ekki verið í vandræðum með sólbrunna spena á kúm síðan ég prófaði fyrst og engin kýr sparkað eða verið með læti. Spenarnir haldast mjúkir og hreinir. Ber á eftir morgunmjaltir og það dugar. 1 brúsi dugar á 30 kýr í 4-5 daga.

Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð.

Pantanir: celsus@celsus.is - 551 5995
Fæst í apótekum, Nettó, Hagkaup og víðar.

Celsus ehf.
Hjúkrunar- og heilsuvörur

# Jörð til leigu

Jörðin Syðri–Brekka í Austur Húnavatnssýslu (fastanúmer 213-6112) er til leigu frá 25. okt. næstkomandi. Jörðin leigist með íbúðarhúsi, fjárhúsum og hlöðu ásamt fjárstofni, um 200 fjár. Fjárhús eru fyrir u.þ.b. 300 fjár.
Syðri-Brekka er við þjóðveg 1, um 14 km frá Blönduósi.

Allar nánari upplýsingar veitir Þórkatla í síma 8669092 eða á thorkatla@bhs.is

Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst n.k.

Umsókn sendist á netfangið thorkatla@bhs.is

Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um reynslu ásamt hugmyndum um rekstur búsins.

## Gólf - Einstök hönnun

**léttari - sterkari -**
**hreinsa sig betur - hálkuvörn**
**Þolir 4000kg öxulþunga**




**Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð**
**Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton**

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is










* Skinnsemi – fullorðinssirkus (18+) *
föstudags- og laugardagskvöld

* Heima er best – fjölskyldusýning *
fimmtudaga-sunnudaga

* S.I.R.K.U.S. – krakkasýning *
Sunnudaga

*** VESTMANNAEYJAR * REYKJAVÍK * BLÖNDUÓS ***
*** FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR * SIGLUFJÖRÐUR ***

TVG-ZIMSEN
Coca-Cola

* Miðasala á www.midi.is *
* Miðasölusími: 6593388 *
* www.sirkusislands.is *



Gróf áætlun gerir ráð fyrir að samanlögð neysla á kaffi í heiminum sé um 500 milljarðar kaffibolla á ári.

# Kaffi – svart og sykurlaust

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Á eftir hráolíu er kaffi verðmætasta varan í milliríkjaviðskiptum í heiminum. Gróft áætlað eru drukknir um 500 milljarðar kaffibolla í heiminum á ári. Mest er neytt af kaffi í ríkustu löndum heims en framleiðslan er mest í löndum sem flokkast sem þróunarríki.**

Kaffi er framleitt í nánast öllum löndunum í kringum miðbaug. Áætluð heimsframleiðsla á kaffibaunum árið 2014 var tæplega tíu milljón tonn. Stærstu framleiðslulöndin eru Brasilía 2,9 milljón tonn það ár, Víetnam 1,6 milljón tonn er í þriðja sæti með um helmings framleiðslu á við landið í öðru sæti sem er Kólumbía, 750 þúsund tonn. Indónesía er í fjórða sæti og framleiðir 540 þúsund tonn og Eþíópía er í því fimmta og framleiddi árið 2014 tæp 400 þúsund tonn af kaffibaunum. Í sjötta til tíunda sæti eru Indland, Hondúras, Mexíkó, Úganda og Gvatemala sem framleiddu frá 345 niður í 210 þúsund tonn árið 2014.



Í Brasilíu, þar sem framleiðslan er mest, er áætlað að um 27.000 hektarar lands fari undir kaffibaunaframleiðslu.

Í Brasilíu þar sem framleiðslan er mest er áætlað að um 27.000 hektarar lands fari undir kaffibaunaframleiðslu.

Kaffi er í tíunda sæti þegar kemur að magni í milliríkjaviðskiptum fyrir mat- og drykkjarvöru og mest verslaða drykkjarvara heiminum. Áætluð heimsvelta með kaffi er rúmlega 15 milljarðar bandaríkjadalir, eða rúmlega 2000 milljarðar íslenskar krónur. Til samanburðar er talið að bygging nýs Landspítala með öllum tækjum kosti minna en 100 milljarða króna.

Kaffi kemur næst á eftir hráolíu að verðmæti milliríkjaviðskipta í heiminum og verslun milli landa að verðmæti er meira í kaffi en með gull og sykur.

Mest er neytt af kaffi í ríkustu löndum heims en framleiðslan er mest í löndum sem flokkast sem þróunarlönd.

Stærsti útflytjandi kaffibauna í heiminum er Brasilía sem flytur út um 1,8 milljón tonn á ári en aðrir stórútflytjendur eru þeir sömu og í sömu röð og stærstu framleiðendurnir. Löndin sem tilheyra Evrópusambandinu sem heild flytja inn mest af kaffi en næst á eftir fylgja Bandaríkin og Japan.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam heildarinnflutningur á kaffi í öllum hugsanlegum myndum; brennt, óbrennt, koffínkaffi og koffínlaust, kaffilíki, kraftur eða seyði úr kaffi eða kaffirót, til Íslands árið 2014 tæpum 2.442 tonnum.

### *Finnar drekka mest kaffi*

Gróf áætlun gerir ráð fyrir að samanlögð neysla á kaffi í heiminum sé um 500 milljarðar kaffibolla á ári. Í heild drekka Bandaríkjamenn allra þjóða mest af kaffi. Heimildum ber ekki saman um hvort Finnar, Svíar eða Hollendingar séu þjóða öflugastir þegar kemur að kaffiþambi en neysla í þeim löndum er um 10 kíló af baunum á mann á ári sem er um 2,64 bollar á dag. Norðmenn neyta um 7,2 kíló á ári, Slóvenar 6,1 og Austurríkismenn nota að meðaltali 5,5 kíló af kaffibaunum á ári.

Dýrast mun vera að drekka kaffi í Japan, á Ítalíu, Portúgal, Kýpur, Austurríki og í Danmörku.

Mávastellskaffibolli heima í eldhúsi tekur um 100 millilítra af kaffi en fæstir láta sér nægja einn slíkan eða tíu dropa eins og stundum er sagt. Samkvæmt heimsmetabók Guinness innihélt stærsti skráði kaffibolli í heimi 14.228 lítra af kaffi. Bollinn var fylltur í Suður-Kóreu 17. júlí árið 2014.

### *Ættkvíslin Coffea*

Í ættkvíslinni Coffea finnast rúmlega 130 tegundir plantna sem flestar eru runnar eða smávaxin tré og vaxa í hitabelti Afríku og Asíu. Þrátt fyrir að allar tegundirnar þroski ber sem má þurrka og mala og búa til úr kaffi eru tvær tegundir algengastar til kaffiframleiðslu.

Ræktun á Coffea arabica stendur undir tæplega 80% af allri kaffiframleiðslu í heiminum, C. canephora / C. robusta um 20%, og þá aðallega sem skyndikaffi. Kaffi úr öðrum tegundum ættkvíslarinnar eru nánast aðallega framleiddar fyrir forvitni sakir.

Upprunaleg heimkynni C. arabica eru í Eþíópíu en C. canephora í löndunum við vestanverða Sahara.

### *Kaffi frá Eþíópíu*

Sagan segir að geitahirðir í fjalllendi Eþíópíu hafi fundið upp kaffi eftir að hafa fylgst með ærslagangi geitanna sinna eftir að þær borðuðu ber af kaffirunna. Í framhaldinu tíndi hann nokkur ber, sem við köllum í daglegu tali baunir, af runnanum og sauð í vatni. Þegar hann drakk seyðið fann hann þróttinn magnast og geðið lyftast. Kaffi var komið til að vera og í dag hefur kaffiplantan gert sig heimakomna víða í Afríku, Mið- og Suður-Ameríku, suðaustur-Asíu, Kína og á eyjum í Karíba- og Kyrrahafi.


Kaffitínsla í Gvatemala árið 1875.

*Grasafræði og útlit*

Eþíópíska kaffiplantan, C. arabica, er með trefjarót og getur náð allt að tólf metra hæð við bestu skilyrði en plöntur til kaffibaunaræktunar eru frá tveimur til fimm metra á hæð. Greinarnar eru útstæðar. Blöðin gagnstæð og aflöng, bylgjótt, heilrennd, stinn viðkomu og allt að tólf millimetra löng og átta millimetra breið, dökkgræn og gljáandi. Blómin ilmsterk, tvíkynja, hvít og vaxa út úr blaðöxlunum en standa stutt, blóm á fullvöxnu kaffitré í fullum blóma geta verið á fjórða tug þúsunda. Aldinið er samkvæmt grasafræðinni ber með tveimur fræjum, 10 til 15 millimetrar að lengd, fyrst grænt en roðnar við aukinn þroska. Aldin kaffiplöntunnar kallast baunir í daglegu máli og verður þeim vana haldið eftirleiðis í þessum texta.

Kaffiplöntur eru annaðhvort ræktaðar af fræi eða græðlingum þegar halda á við ákveðnum yrkjum.

Við miðlungsgóð skilyrði tekur það plöntuna fimm til sjö ár að ná þeim þroska að gefa af sér baunir. Tréð er langlíft og gefur af sér uppskeru í 50 til 60 ár að jafnaði en til eru plöntur sem gefa enn vel af sér eftir 100 ár. Það tekur níu mánuði frá því að plantan blómstrar og baunin nær fullum þroska. Baunirnar geymast vel eftir að þær hafa verið þurrkaðar.

*Ræktun og umhirða*

Kaffiplantan er ræktuð í hitabeltinu frá sjávarmáli upp í 2800 metra hæð en þrífst best í 1300 til 1500 metra hæð yfir sjávarmáli. Kjörhitastig plöntunnar er 15 til 24° á Celsíus og hún kýs að vaxa í hálfskugga og eilítið súrum jarðvegi. Hún er þurftarfrek á vatn og þrífst best þar sem meðalársúrkoma er einn til einn og hálfur metri. Samkvæmt útreikningum þeirra sem láta sig svokölluð vatnsspor varða þarf 140 lítra af vatni til að rækta kaffið sem fer í einn kaffibolla.

Þar sem hvert tré getur myndað tugþúsundir blóma og bauna eru þau grisjuð reglulega í ræktun til þess að koma í veg fyrir að hver baun verði of smá. Hæfileg uppskera af þurrkuðum baunum af einu tré er breytileg frá hálfu og upp í fimm kíló eftir yrkjum. Magn kaffeins í baunum villtra kaffiplantna í Eþíópíu er lágt en með framræktun hefur tekist að auka það töluvert.

Í löndum eins og Java gefur plantan aldin allt árið en við kaldari skilyrði er uppskeran árstíðabundin.

*Sjúkdómar og varnir*

Líkt og í annarri stórræktun herja alls kyns pöddur, jarðvegsormar, veirur, bakteríur og sveppir á alla hluta kaffiplöntunnar. Notkun á skordýraeitri við ræktunina er því gríðarlega mikil þrátt fyrir að notkun á lífrænum vörnum sé alltaf að aukast.

*Útbreiðsla og heimsyfirráð*

Heimildir eru til um ræktun á kaffi í Egyptalandi og Tyrklandi á 12. öld enda var neysla þess fyrst almenn meðal araba og barst frá þeim út til annarra landa heims. Fyrstu skráðu heimildirnar um brennt og malað kaffi eru á arabísku og þar er sagt að neysla þess geri fólki kleift að lengja vinnudaginn umtalsvert.


Mest tínsla af kaffibaunum er gerð með höndum en í stórræktun eru notaðar vélar þar sem hægt er að koma þeim við.

Fram á 15. öld var kaffi hluti af helgihaldi súfista í Jemen en þá bönnuðu kristnir valdhafar kaffidrykkju í landinu og stóð það bann fram á miðja 19. öld. Kaffi var einnig bannað á tímum Ottomanna í Tyrklandi á 17. öld af pólitískum ástæðum þar sem það var sagt valda óróa og uppþotum.

Arabar höfu fyrstir manna verslun með kaffi og á 15. öld höndluðu þeir með það frá Mið-Austurlöndum til Indlands. Kaffi sem þeir seldu voru baunir sem voru gerðar ófrjóar með suðu. Sagan segir að súfistinn Baba Budan hafi smyglað frjóum kaffibaunum til Indlands 1670 með því að líma þær undir handarkrikann á sér.

Ræktun kaffis hófst í Indónesíu 1699 og barst þaðan til eyjanna Súmötru og Java og varð smám saman algeng í löndunum allt í kringum miðbaug.


Kaffi geymist vel eftir að baunirnar hafa verið þurrkaðar.

Kaffi barst til Feneyja frá Norður-Afríku og þaðan hratt til Ítalíu og um Evrópu þrátt fyrir að Klemens VIII páfi hafi reynt að banna þann illa múslimadrykk árið 1600. Fyrsta kaffihúsið í Evrópu var opnað í Róm árið 1645.

Hollendingar voru þjóða fyrstir til að hefja innflutning á kaffi í stórum stíl árið 1711 og það gerðu þeir frá Java og Sri Lanka.

Kaffiplantan barst til Ameríku skömmu eftir að siglingar hófust þangað en í fyrstu voru vinsældir þess takmarkaðar. Eftirspurnin í Norður-Ameríku óx eftir frelsisstríð Bandaríkjanna 1775 til 1783.

Ræktun á kaffi hófst í Brasilíu 1727 en var takmörkuð fyrstu hundrað árin eða svo. Stórræktun á kaffi þar í landi hófst 1822 þegar fyrstu frumskógarnir voru ruddir í stórum stíl til að rækta kaffibaunir. Frá þeim tíma hefur gríðarlegt skóglendi verið rutt í Suður- og Mið-Ameríku og kaffiplöntum verið plantað í staðinn. Auk þess sem ræktunin hefur haft í för með sér eyðileggingu á búsvæði innfæddra.

*Kaffi á Íslandi*

Elsta þekkta heimild um kaffi á Íslandi er frá 1702 og er að finna í bréfi sem Lárus Gottrup, lögmaður á Þingeyrum, skrifaði Árna Magnússyni handritasafnara um haustið. Sumarið áður höfðu þeir átt samtal á Alþingi og Árni kvartað sárt yfir kaffileysi en hann mun hafa verið tíður gestur á kaffihúsum í Kaupmannahöfn þegar hann dvaldi þar. Á Kaupmannahafnarárunum lét Árni sérsmíða fyrir sig kaffikönnu úr silfri sem hann hafði með sér heim. Í böggli sem bréfi fylgdi sendi lögmaðurinn Árna fjórðungspund af kaffi.

Vitað er að danskir embættismenn hér á landi helltu reglulega upp á kaffi fyrir miðja 18. öld og að íslenskir samverkamenn þeirra tóku upp þann sið um 1760. Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson höfðu með sér kaffikvörn þegar þeir ferðuðust um landið 1752 til 1757.

Kaffibaunir koma fyrst fyrir í verðskrám árið 1776. Innflutningur á kaffi jókst lítið í fyrstu en á árunum 1819 til 1840 nífaldaðist hann úr tæpum 5 tonnum í 44 tonn á ári. Næstu árin jókst innflutningur enn meira og nam 152 tonnum árið 1849 og 213 tonnum 1855.

Séra Ólafur Sívertsen í Flatey sagði í bréfi árið 1849: „Nú er varla sá kotbær til vestra, að ei gángi kaffi svo að kalla jöfnum höndum með matarnautn, sumstaðar tvisvar, ef ei þrisvar, á dag, og eptir því sterkt. Allvíða er svo lángt komið kaffidrykkju, að vegfarendur eða sjófarendur þykja ósvinni, bíði þeir ekki eptir kaffi, hvernig sem stendur á sjó eða veðri. Bóndinn getur vart til verka sagt, fyrr en hann hefur hrest sig á drykk þessum, og verkamaðurinn því síður til vinnu geingið, fyrr en búið er að hýrga hann á kaffi-bollanum.“

Undir 1830 var farið að bera á að eignaminni bændur kaupi sér kaffistell og árið 1833 þótti sæta tíðindum þegar Arnfríður Guðmundsdóttir og Magnús bróðir hennar á Finnbogastöðum í Trékyllisvík sameinuðust um að kaupa kaffiketil og kaffikvörn.


Blóm kaffiplöntunnar eru ilmsterk, tvíkynja, hvít og vaxa út úr blaðöxlunum en standa stutt, blóm á fullvöxnu kaffitré í fullum blóma geta verið á fjórða tug þúsunda.


Kaffiplantan er mest ræktuð í hitabeltinu frá sjávarmáli upp í 2.800 metra hæð en þrífst best í 1.300 til 1.500 metra hæð yfir sjávarmáli.






Ef Pólverjar meta það til afreka að slá þetta tún sem þeir kalla óslétt, þá ættu þeir að kíkja á mörg íslensku túnanna. Ekki er ólíklegt að margir íslenskir bændur væru þá meira en tilbúnir að kenna þeim handbrögðin við slátt á túnum sem væru sjálfsagt metin sem torfærur miðað við þessa heimsmetstilraun. Þó er trúlega vafasamt að sláttuafköstin yrðu þau sömu og Pólverjarnir náðu í þessari heimsmetstilraun sinni.

## Heimsmetabók Guinness:

# Reynt við met í slætti á „óséttu“ túni

**Pólski landbúnaðartækjaframleiðandinn Samasz stefnir að því að komast í Heimsmetabók Guinness fyrir slátt á óslettu túni. Mettilraunin fór fram 2. júlí síðastliðinn, þegar slegnir voru 96,29 hektarar á 8 klukkutímum.**

Áskorunin var töluverð, þar sem um var að ræða óslétt tún. Verkið hófst klukkan 10 árdegis. Til verksins var notuð 9,4 metra breið sláttuvélasamstæða MegaCUT, sem samanstendur af einni KDF 340 framsláttuvél og tveimur KDD 941 afturvélum. Þetta er sláttusamstæða fyrir stór tún.

Við framkvæmd mettilraunarinnar var samstæðan frá Samasz tengd við Detuz-Fahr Agrotron 7250 dráttarvél rúmlega 250 hestöfl.



Við framkvæmd mettilraunarinnar var samstæðan frá Samasz tengd við Detuz-Fahr Agrotron 7250 dráttarvél, rúmlega 250 hestöfl.

### *Undirbúningurinn að mettilrauninni stóð í hálft ár*

Í upphafi var ætlunin að framkvæma slátt á sem mestum akstursshraða eingöngu, en frá því var horfið og ákveðið að horfa einnig til skilvirkni samstæðunnar og gæða sláttunnar. Haft var samband við Heimsmetabók Guinness um leið og leit að nógu stóru túni hófst.

Er þetta í fyrsta skipti sem svona mettilraun fer fram. Dómnefnd Guinness heimsmetabókarinnar setti fram ýmis skilyrði sem uppfylla yrði til að mettilraunin teldist marktæk. Skilyrði lutu meðal annars að sláttutíma, lágmarks graslengd og lágmarks flatarmáli sem slegið yrði. Við vali á túni var valið sem samsvaraði venjulegu túni hjá venjulegum bónda og valin sex samliggjandi tún, samtals 109 hektarar að flatarmáli.



Ekki er annað að sjá en að pólsku kapparnir hafi verið nokkuð ánægðir með það afrek að hafa tekist að slá hvorki meira né minna en 96,29 hektara á átta klukkustundum.

Mettilraunin byrjaði vel og var fyrsta túnið slegið á meðalhraðanum 17 hekturum á klukkustund en lágmarks krafa voru 12 hektarar á klukkustund.

### *Tvö óháð vitni*

Mettilraunin var gerð í viðurvist tveggja óháðra vitna sem sendu niðurstöðurnar til Heimsmetabókar Guinness til staðfestingar. Stærð slegins flatarmáls var mælt af viðurkenndum landmælingamönnum.

Mettilraunin gekk áfallalaust fyrir sig fram að síðasta korteri tilraunarinnar en þá lenti framsláttuvélin í stóru barði og menn hræddir um að vélin hefði skemmst og að ekki yrði hægt að klára tilraunina. Þjónustulið vélarinnar hreinsaði hana svo að hún gat klárað verkefnið.

Að tilrauninni lokinni sýndu mælingar að tekist hefði að slá 96,29 hektara á átta klukkustundum eða meðalhraðanum 16 hektarar á klukkustund. Skilvirknin reyndist vera 15,32 hektarar á klukkustund þegar dreginn hafði verið frá tími við snúninga og ferðir milli túna. Dráttarvélin eyddi 29,2 lítrum á tímann eða 1,9 lítrum á sleginn hektara.

Niðurstöður mettilraunarinnar hafa verið sendar til staðfestingar til Heimsmetabókar Guinness og er niðurstaðna að vænta fljótlega.

Í framhaldinu hefur sá möguleiki verið ræddur að setja met í 24 klukkustunda slætti. Sú tilraun þyrfti að fara fram annars staðar en í Póllandi þar sem tún eru ekki nógu stór þar. Yrði væntanlega að leita til Hvíta-Rússlands, en þar munu finnast tún sem gætu uppfyllt stærðarkröfur. /VH




**AÐSTÖÐUHÚS**

Til sölu þriggja ára 22 ferm. vandað hús með áfastri verkfærageymslu sem hægt er að taka af, enda húsið fullklætt undir.
Húsið er fulleinangrað og klætt með ídregnu rafmagni, eldhúskrók, svefnaðstöðu, kojum og klósetti.
Vatnshitari, rafmagnstafla, útitenglar og úti vatnsúrtak.
Húsið sem er staðsett í Eyjafirði er tilbúið til flutnings.

**Ásett verð 1.500.000.**

Nánari uppl. í síma 898-5243.
Hægt er að senda fleiri myndir.







Sauðfjárveikivarnargirðingar:

# Viðbótarfjármagn í varnargirðingar

**Matvælastofnun mun fá viðbótarfjármagn í sumar til viðhalds á sauðfjárveikivarnargirðingum. Varnargirðingar skipta landinu upp í 23 sóttvarnasvæði og er bannað að flytja sauðfé á milli þessara svæða nema með leyfi Matvælastofnunar.**



Matvælastofnun mun fá viðbótarfjármagn í sumar til viðhalds á sauðfjárveikivarnargirðingum. Varnargirðingar skipta landinu upp í 23 sóttvarnasvæði og er bannað að flytja sauðfé á milli þessara svæða nema með leyfi Matvælastofnunar.

Girðingarnar gegna lykilhlutverki í aðgerðum til upprætingar landlægra smitsjúkdóma á borð við riðuveiki og hjálpa að stemma stigu við útbreiðslu nýrra smitsjúkdóma.

Strangar reglur gilda um flutning á lifandi dýrum, tækjum og ýmsum varningi yfir varnarlínur. Samkvæmt lögum um dýrasjúkdóma nr. 25/1993 er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli eða innan sóttvarnarsvæða telji stofnunin að það valdi eða sé líklegt til að valda útbreiðslu sjúkdóma meðal dýra. Í lögunum segir ennfremur að óheimilt sé að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur, nema þegar um er að ræða endurnýjun bústofns vegna niðurskurðar af völdum sjúkdóma og eða vegna búháttabreytinga. Þar segir einnig að sleppi sauðfé yfir varnarlínur skuli því slátrað.

Nautgripi og geitur má aðeins flytja til lífs yfir varnarlínur að fram hafi farið sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra. Nákvæmari ákvæði um flutning yfir varnarlínur er að finna í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki (nr. 651/2001) og reglugerð um flutning líflamba (nr. 550/2008).

Á fjórða áratug síðustu aldar var landinu skipt upp í sóttvarnasvæði (varnarhólf), sem afmörkuð eru með girðingum ásamt náttúrulegum hindrunum.

Upphaflegur tilgangur þessa fyrirkomulags var að varna útbreiðslu sauðfjársjúkdóma sem borist höfðu með innflutningi á karakúlfé frá Þýskalandi árið 1933. Um var að ræða sjúkdómana garnaveiki og mæðiveiki (votamæði og þurramæði).

Varnarhólfin voru liður í aðgerðum sem ráðist var í til útrýmingar sjúkdómunum. Fé var fargað á sýktum svæðum og nýtt tekið í staðinn frá ósýktum svæðum. Votamæði var útrýmt árið 1952 en þurramæði 1965.

Ekki tókst jafn vel til með garnaveiki og er hún enn til staðar. Eftir að bólusetning var tekin upp hefur tíðni garnaveiki þó minnkað mikið og hefur henni verið útrýmt á nokkrum svæðum.

Riðuveiki er talin hafa borist til landsins með innflutningi á enskum hrúti árið 1878. /VH

# Ný reglugerð um plöntuverndarvörur

**Reglugerð um plöntuverndarvörur hefur tekið gildi. Markmið hennar er að gera notkun slíkra vara eins örugga og hægt er fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið.**

Sömuleiðis er markmiðið að bæta starfsemi innri markaðarins með því að samræma reglur um setningu plöntuverndarvara á markað. Um leið eru skilyrði við ræktun í landbúnaði og garðyrkju bætt.

Á heimasíðu umhverfisráðuneytisins segir að til plöntuverndarvara teljast efni sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju svo sem plöntulyf (skordýraeyðar/sveppaeyðar), illgresiseyðar og stýriefni. Plöntuverndarvörur eru notaðar við ræktun á korni, matjurtum, ávöxtum, skrautplöntum og öðrum nytjaplöntum til þess að koma í veg fyrir eða draga úr skaða af völdum sveppa, illgresis, skordýra og annarra meindýra. Stýriefni eru notuð til að hafa áhrif á vöxt og viðgang ákveðinna skrautplantna og fáeinna tegunda matvæla, til dæmis til að örva rótarmyndun hjá græðlingum og til að varna ótímabærri spírun kartaflna svo að geymsluþol þeirra aukist.

Með reglugerðinni eru reglur um markaðssetningu plöntuverndarvara samræmdar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Ísland verður fullgildur aðili að umfangsmiklu regluverki sem nær til setningar plöntuverndarvara á markað innan EES-svæðisins. Meðal helstu áhrifa reglugerðarinnar má nefna að hér á landi verður eingöngu heimilt að setja á markað plöntuverndarvörur, sem hafa farið í gegnum strangt áhættumat og fengið markaðsleyfi. Má ætla að með þessu verði aðgangur að plöntuverndarvörum greiðari hér á landi en undanfarin ár og á reglugerðin þannig að tryggja að framleiðendur í landbúnaði hafi aðgang að bestu fáanlegu lausnum til að beita við plöntuvernd þegar þörf er á notkun þessara efna.

Reglugerðin innleiðir í íslenskan rétt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og ESB gerða tengdum henni, í samræmi við EES-samninginn. /VH






Fróðleiksbásinn

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Myntur – undirheimaátök og mojito

**Grikkir og Íslendingar eiga ýmislegt sameiginlegt. Báðar þjóðirnar hafa auðgað heiminn með söguarfi sínum og hvorug þeirra hefur hundsvit á peningum. En um það fjallar ekki þessi pistill. Heldur mynturnar sem við getum ræktað í görðunum okkar okkur til gagns og gamans.**

Nafnið mynta hefur ekkert með mynt að gera og hefur því enga tengingu við peninga ef einhver hefur haldið það. Aldeilis ekki.

### *Goðafræðin*

Í grísku goðafræðinni er Hades guð undirheimanna og þykir ekki við eina fjölina felldur líkt og oftast er með undirheimahyski. Kona hans heitir Persefone. Hún gengur reyndar undir ýmsum nöfnum, eftir því hvert tilefnið er. En upphaflega hafði Persefone önnur áform, ætt og stöðu en að lenda í þessari hjónasæng. Hún er dóttir Seifs og Demeter, gyðju frjóseminnar og uppskerunnar. Og það par hefur líklega haft aðrar fyrirætlanir um fyrirhugaðan eiginmann handa dóttur sinni. Dóttirin er gyðja vorkomu og gróandinnar. Og óspjölluð mær þegar hér er komið sögu. En með klókindum og óheiðarleika, jafnvel helberum ruddaskap, hafði Hades rænt Persefone og gert hana nauðuga að brúði sinni. Við það að Persefone hvarf niður í undirheimana fór gróður að sölna, fuglar þögnuðu og uppsprettur þvarr. Þar við sat eða næstum því hefði Demeter ekki gripið inn í eftir bestu getu og beðið Seif bónda sinn að senda nú sendiboðann Hermes niður í undirheimana til að semja við Hades um að láta nú af þessu óþokkabragði og senda Persefone aftur upp á grænar grundir. Eftir japl og jamm féllst Hades þó á það að skila Persefone – og gaf henni, svo lítið bar á, granateplafræ í nesti. En þegar Persepone hafði gætt sér á granateplafræjunum féllu á hana álög Hadesar um að hún skyldi fylgja honum þriðjung ársins, ýmist um síðsumarið þegar þurrkar herjuðu í sveitunum við Miðjarðarhaf eða á veturna. Þannig eru nú þær veðurfarssveiflur komnar til.

En Hades hegðaði sér víst mest þannig að heimta og hrifsa allt það sem honum datt í hug að komast yfir. Meðal annars stúlkuna Minthe, eina vatnadísanna sem dvöldu við eitt af þeim neðanjarðarvötnum sem umlykja ríki hans, hið klakabundna Kokytos. En Persefone kom þar að og forðaði Minthe frá að Hades kæmi fram vilja sínum. Það gerði hún með því móti að breyta stúlkunni í lágvaxna, skriðula og ilmandi jurt. Þar með fengum við myntuna.

Aðrar heimildir segja að Minthe hafi verið ein af fjalladísunum sem héldu til við fjallið Ilia og að mæðgurnar Demeter og Persefone hafi breytt henni í jurtina, með samstilltu átaki, þegar Minthe hafði stært sig af því að vera í alla staði fremri Persefone. En hvort að sú frásögn sé eitthvað réttari kemur út á eitt.

### *Víðfeðm ættkvísl*

Sænski grasafræðingurinn Carl von Linné notaði goðsögnina þegar hann valdi ættkvíslinni heiti í nafnakerfi sínu. Ættkvíslarheitið Mentha er ritháttur hans og hver tegund hefur svo sitt viðurnefni. Og að við skrifum myntunöfnin með ypsilon-i en ekki einföldu er líka arfur frá Linné. Þótt skrifað sé „mint“ í öðrum málum, er sú hefð viðhöfð að nota ypsilonið í öllum Norðurlandamálunum.

Mynturnar mynda nokkuð stóra og víðfeðma ættkvísl umhverfis allt norðurhvel jarðar. Þær eru af Varablómaætt, Lamiaceae. Sú plöntuætt er þekkt fyrir fjölda plantna sem leggja okkur til sterkar, rokgjarnar olíur, oftast nokkuð velilmandi og mikið notaðar sem krydd eða ilmgjafar. Stundum sem skordýravarnir.

Ræktun á myntum er næsta auðveld. Þær kjósa flestar frjóa, jafnraka mold og setja það ekki fyrir sig þótt nokkurn skugga beri á þær lengi dags. En í görðum hafa þær orð á sér, og það ekki að ástæðulausu, að þær skríði óhóflega út um allt neðanjarðar og skjóti upp kollinum hvar sem er í beðinu. Algjörlega án tillits til þess hverju ræktandinn hafði gert ráð fyrir. Í veg fyrir þetta má koma með því að grafa niður botnlaus ílát, s.s. múrarabala, víð plaströr eða stóra blómsturpotta sem ná að minnsta kosti 30cm niður fyrir moldaryfirborðið. Síðan þarf bara að taka þær upp, skipta þeim og smækka þegar þörf er á og þær byrjaðar að láta á sjá í prísundinni. Þetta er best að gera á vorin í þann mund sem þær eru byrjaðar að bæra á sér. Og auðvitað þurfa þær þá líka að fá nýja mold í bólið sitt.

Myntur eru góðar tejurtir. Laufin má þurrka á stað þar sem loftar vel um án þess að sól skíni á. Þegar hægt er að mylja laufin milli fingranna er kominn tími til að koma þeim í þéttlokuð ílát, s.s. glerkrukkur eða blikkdósir með smelltu loki og geyma á dimmum, þurrum og svölum stað. Myntunum er auðvelt að fjölga með því að stinga greinum í glas með vatni. Þar róta þær sig á tæpri viku og eru þá settar í mold. Og svo má auðvitað fjölga þeim með skiptingu og rótarbútum.






Eplamynta.



Piparmynta.



Vatnamynta.

### *Nokkrar góðar*

Hér á Íslandi þekkjum við og ræktum nokkrar myntutegundir. Stórvöxnust og kröftugust er líklega eplamyntan, Mentha suaveolens. Viðurnefnið gefur til kynna að af henni leggi þokkafullan ilm. Eplamyntan er fremur blaðstór, blöðin ljósgræn og lóhærð. Vegna hæringarinnar eru þau lítt eftirsóknarverð í salöt eða ómatreidd. En þau eru góð að hafa með í ávaxtamauk af öllu tagi. Og svo má auðvitað fínsaxa þau. Bragðið er milt piparmyntubragð með eplakeim.

Hvítflekkótt afbrigði hennar er líka í ræktun og kallast ananasmynta. Af því er sætara bragð. Notað á sama hátt.

Eina myntan sem telst til íslensku flórunnar er vatnamynta, Mentha aquatica, sem eins og viðurnefnið bendir til vex helst á votum stöðum. Breiða af henni vex við hverasvæði á Reykjanesi við Djúp og hefur vaxið þar langalengi. Í það minnsta mundi afi minn, sem var fæddur 1888 og heimamaður á svæðinu, vel eftir henni frá unglingsárum sínum. Vatnamyntan er fremur lágvaxin, með lóhærð, tungulaga blöð. Hún er bragðsterk en bragðið nokkuð rammt piparmyntubragð sem kemur nokkuð á óvart séu blöðin tætt niður í hrásalat.

Nokkrir þekkja og rækta grænmyntu, Mentha spicata (viðurnefnið dregið af því að blómin eru saman í löngu axi). Hún er næstum hárlaus, en blöðin aflöng og afar bragðsterk. Í enskumælandi löndum er hún kölluð „spearmint“. Bragð sem við sem munum eftir Wrigleys tyggjói könnumst við. Afbrigði hennar með hrokknum, ögn breiðari blöðum finnst líka í ræktun. Það er kallað hrokkinmynta.

Akurmyntan, Mentha arvensis, er sjaldan ræktuð. Hún er afar hraðskreið og fljót að fylla alla bása sem henni eru úthlutaðir. Viðurnefni sitt fær hún af því að hún var algengasta myntan á slóðum og tímum Linnés. Hún vex eiginlega við allar akurreinar og bæjarhlöð í sænskum sveitum. Akurmyntan er bragðsterk, dálítið beisk samt, en lítið notuð í matargerð. Aftur á móti er gott að þurrka hana og nota sem tejurt.

### *Mojito - mohito*

Piparmynta, Mentha × piperita (viðurnefnið þarf varla að útskýra), er ófrjór blendingur milli akurmyntu og vatnamyntu. Þ.e. hún blómgast gjarna en myndar aldrei fræ. Því verður að fjölga henni með græðlingum eða rótarskotum. Nokkrir klónar eru í umferð en sá sem er langsamlega algengastur og vinsælastur er rauðleitur, allt að því rauðfjólublár. Úr honum er unnin piparmyntuolía sem nota má sem skordýrafælu eða bragðefni í ýmiss konar sælgæti, tannkrem og jurtalyf.

Í breskri matseld er piparmyntan talsvert notuð sem krydd með lambakjöti. Einnig í reyniberjahlaup og ýmsar sultur. Og eftir að drykkurinn mojito varð lífelexír lattelepjandi liðsins í hjarta Reykjavíkur er mikið farið að bera á piparmyntunni þar sem svo háttar til að horfa má inn á miðbæjarlóðirnar frá gangstéttum borgarinnar. Mojito- eða mohito-drykkurinn er upprunninn hjá ánauðugu fólki á eynni Kúbu á meðan þrælahald var þar enn við lýði. Menn kreistu einfaldlega læmaldinsafa út í vatnsblöndu með sykurreyrslegi. Krömdu út í það myntulauf og helltu smáskvettu af rommi saman við. Drykkurinn varð heimsfrægur meðal skálda og bóhema um leið og það fréttist að rithöfundurinn Ernest Hemingway lægi í þessu á kránum í Havana. Og vinsældirnar hafa ekkert hjaðnað þótt langt sé um liðið síðan Hemingway horfði á heiminn í hinsta sinn. Síður en svo. En hvað varðar nánari útlistanir á þessum drykk verður að virða íslensku áfengislöggjöfina og gæta að sóma Bændablaðsins með því að vísa bara til viskuveitunnar google punktur com.

Lesendabás

## Beitarpistill 1:

# Beit er nauðsynleg til að viðhalda fjölbreytileika vistkerfa

**Við höfum öll alist upp við þá ríkjandi hugsun að landið okkar sé illa farið, skógunum hafi verið eytt og landgæði tapast. Þar hefur beitinni – sauðfjárbeitinni – fyrst og fremst verið kennt um og nauðsynlegt verið talið að friða sem mest fyrir sauðfjárbeit og hefja skógrækt á sem flestum stöðum til að bæta fyrir skógarmissinn.**



Anna Guðrún Þórhallsdóttir.

Þannig hefur friðun fyrir beit samfara ræktun skóga verið talin af mörgum eitt aðal náttúruverndarverkefnið hérlendis í áratugi. Þó að ofbeit geti vissulega skemmt land eins og önnur ofnýting er hins vegar vert að rýna aðeins nánar í þessa hugmyndafræði. Í ljósi aukinnar þekkingar á vistfræði og náttúrufarssögu þá er þessi hugmyndafræði kannski ekki eins borðleggjandi eins og við höfum talið.

### *Opinn úthagi að hverfa*

Í nágrannalöndum okkar í Norður-Evrópu er skógur víðast ríkjandi í dag, meðan Ísland hefur innan við 4% skógarþekju. Sé hins vegar litið til sögunnar var stærð og útbreiðsla skóga þar mun minni en nú er, langt fram á 20. öldina.

Opinn úthagi, þar sem húsdýrum var haldið á beit var þá algeng sjón í landslaginu víðast hvar, ekki ósvipað og hérlendis. Þetta sést mjög greinilega á gömlum málverkum frá t.d. Norðurlöndum, Bretlandi og Þýskalandi og víða eru til gömul kort sem sýna það sama. Í doktorsverkefni sínu frá sænska Landbúnaðarháskólanum frá 2006 rýndi Anna Dahlström í kort frá Mið- og Suður-Svíþjóð frá því snemma á 17. öld til dagsins í dag og skráði breytingar á útbreiðslu skóga og úthaga.

Niðurstöður hennar sýndu að í dag er einungis um 1–2% eftir af þeim opna úthaga sem áður var á þessum svæðum og hefur skógurinn tekið yfir það land sem áður var notað til beitar og sláttar. Fremur litlar breytingar áttu sér stað fram til 1850, en á seinni hluta 19. aldar urðu stórtækar breytingar á landnýtingunni samfara breyttum búskaparháttum. Sú mynd sem verkefni Önnu Dahlström dregur upp er mjög dæmigerð fyrir öll Norðurlönd og norðanverða Evrópu. Frá seinni hluta 19. aldar og sérstaklega á fyrri hluta 20. aldar jókst skógrækt og akuryrkja til muna. Í stað þess að slá eða halda skepnum til beitar á úthaga var í auknum mæli skepnum beitt á ræktað land og kjarnfóðurgjöf aukin. Á sumum stöðum var úthaga breytt í tún en víðast hvar hefur skógurinn tekið yfir.

### *Úthagi til beitar hefur nær alveg horfið á Norðurlöndunum*

Eftir seinna stríð jókst síðan skógrækt til mikilla muna og í dag er stærsti hluti skógarins í þessum löndum ræktaður og höggvinn reglulega til nytja. Gamall, náttúrulegur skógur og úthagi til beitar hefur þannig nær alveg horfið á Norðurlöndunum. Afleiðingin er að fjölmargar plöntu- og dýrategundir sem finnast einungis í þessum vistgerðum hafa misst heimkynni sín og eru því komin í útrýmingarhættu. – Sumar þessara tegunda eru reyndar alveg horfnar. Þetta gildir ekki einungis um háplöntur, heldur einnig um fjölmargar lágplöntur, hryggleysingja, froskdýr, skriðdýr og fugla.

### *Fjöldi dýra í útrýmingarhættu vegna aukinnar skógamyndunar*

Í Svíþjóð tengist tæpur helmingur allra tegunda í útrýmingarhættu gömlum skógi, þar með töldum beittum skógi og hinn helmingurinn hinum horfna úthaga (http://www.artdatabanken.se). Nýr listi yfir tegundir í útrýmingarhættu kom út í vor og breytingin á þeim lista frá 2010 er sú að nær allar tegundir sem hafa bæst við eru úthagategundir. Í Noregi hefur úthagabeit haldist víðar, þar finnast t.d. enn sel í notkun á nokkrum svæðum. Þrátt fyrir það er um fjórðungur tegunda í útrýmingarhættu í Noregi bundinn úthaga; bæði plöntur og dýr (http://www.artsportalen.artsdatabanken.no). Það sem vekur athygli er að margar af þeim tegundum sem taldar er upp í útrýmingarhættu í Noregi eru tegundir sem eru algengar á Íslandi; t.d. kornsúra, mýrarsóley, beitilyng, engjavöndur, maríuvöndur, lokasjóður og smjörgras. Annars staðar í Norður-Evrópu er staðan mjög áþekk.



Hópur líffræðinga kannar tegundasamsetningu í beitilandi í Svíþjóð sem viðhaldið er með hjálp íslenskra hrossa.

### *Grænar eyðimerkur*

Er pistlahöfundur gerði sér ferð um drjúgan hluta Austur-Þýskalands fyrr í sumar var hvergi úthaga að sjá. Beitardýr, utan hrossa í þröngum hólfum, voru sjaldgæf sjón. Í landslaginu skiptust á einsleitir akrar og ræktaður skógur með einni eða mjög fáum trjátegundum. Á alþjóðlegum mælikvarða líffræðilegs fjölbreytileika eru slík svæði nefnd grænar eyðimerkur (sjá mynd 1).

### *Oft þrautinni þyngri að halda skóginum í skefjum*

Í N-Evrópu og á Norðurlöndum hafa menn vaknað upp við vondan draum og hafið verndarstarf þar sem enn er úthagi eftir og reynt að viðhalda honum með skipulögðum slætti og/eða beit húsdýra. Oft er slík vinna á höndum náttúruverndarsamtaka, auk opinberra aðila, sem hafa það að markmiði að vernda líffræðilegan fjölbreytileika og vernda tegundir í útrýmingarhættu. Hins vegar reynist það oft þrautinni þyngri að viðhalda úthaganum þar sem það er bæði dýrt og oft erfitt að nálgast beitardýr. Verndarsvæðin verða því oft mjög lítil og afmörkuð og mynda eyjar í annars skógi vöxnu landinu. Í vor var pistlahöfundur á ferð í S-Svíþjóð á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar að skoða slík verndarsvæði. Fimm svæði voru skoðuð, frá 0.1–10 ha að stærð, þar sem beit var notuð til að viðhalda opnu landslagi með tilheyrandi tegundasamsetningu. Íslensk hross voru notuð á einu svæðanna en nautgripir og sauðfé á öðrum (sjá mynd 2). Kostnaðurinn við slíka beit er mikill en fórnarkostnaður við að tapa fjölmörgum tegundum er metinn enn meiri.

Í dag er beit eitt aðalverkfærið í náttúruvernd í N-Evrópu og Norðurlöndunum til að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika og góðri heilsu vistkerfa; votlendis, þurrlendis og strandsvæða (sjá t.d. conservation grazing). Af fenginni reynslu hafa menn þar áttað sig á því að beit er nauðsynlegur þáttur í að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika og heilsu vistkerfa. Þannig hafa breyttir framleiðsluhættir sem lagt hafa af úthagabeit leitt til fábreyttara lífríkis.

### *Fjölbreytni búsvæða mikilvæg*

Á Íslandi telja enn margir að öll beit sé skemmd á landi og besta náttúruverndin sé að alfriða land fyrir beit. Íslensk vistkerfi fylgja sömu grundvallarreglum og önnur vistkerfi og því ættum við að læra af reynslu annarra þjóða hvaða afleiðingar það hefur að hætta að beita land. Mikilvægast í allri náttúruvernd og viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni er fjölbreytni búsvæða. Landslag á Íslandi hefur sérstöðu, ekki einungis vegna einstæðrar jarðfræði heldur einnig vegna þess að við höfum enn það opna landslag sem aðrar þjóðir hafa tapað á síðustu 100 árum. Viggó Mortensen, leikari og ljósmyndari, var eitt sinn spurður af hverju hann kysi að taka myndir á Íslandi. „The history lies in the landscape" var svarið sem hann gaf.

### *Sauðfjárbeitin viðheldur okkar sérstaka landslagi*

Landslag á Íslandi vitnar um menningu og sögu, samspil manns og lands og í því eru mikil verðmæti fólgin. Sauðfjárbeitin er stór hluti af menningunni, sögunni og landslaginu og hún viðheldur líffræðilegum fjölbreytileika íslenskra vistkerfa. Ísland hefur þá sérstöðu í Evrópu að framleiða enn matvæli af úthagabeit. Það viðheldur okkar sérstaka landslagi, sem erlendir ferðamenn kunna að meta, og það framleiðir líka einstaka landbúnaðarvöru sem ekki á sinn líka í Evrópu. Við skulum læra að meta það sem við höfum og gæta þess að viðhalda því.

***Anna Guðrún Þórhallsdóttir***
*Cand. Agric., M.Sc., PhD*
*Prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands*



Dæmigert landslag í Austur-Þýskalandi. Þaulræktuð akurlendi og einsleitir nytjaskógar.



Mengun:

# BP greiði stærstu sekt fyrir mesta olíumengunarslys sögunnar

**Stjórnendur BP olíufélagsins hafa samþykkt að greiða 18,7 milljarða bandaríkjadala, um 2.500 milljarða íslenskra króna, í sekt vegna olíuleka sem átti sér stað í Mexíkóflóa árið 2010.**

Fimm ríki í Bandaríkjunum, Louisiana, Mississippi, Alabama, Texas og Flórída, höfðuðu mál gegn fyrirtækinu vegna lekans sem er talinn einn sá versti í sögunni. Sektin verður greidd á 18 árum.

Í niðurstöðu hæstaréttar Bandaríkjanna segir ljóst að BP hafi gróflega vanrækt skyldu sína til að sinna mengunarvörnum á viðeigandi hátt og að með auknu eftirliti og viðhaldi hefði mátt koma í veg fyrir slysið. Af þeim sökum þótti hæfa að beita háum fjársektum vegna atviksins og féð notað til að reyna að bæta skaðann á náttúrunni sem af slysinu hlaust. Margir telja sektina allt of lága og að tjónið sem af slysinu hlaust sé óbætanlegt.

Undanfarin ár hafa innfæddir í Suður-Ameríku kært hvert olíufélagið á fætur öðru vegna olíuleka og olíumengunar í ám og á landi og ónógra mengunarvarna. Engin þessara kæra hefur enn sem komið er skilað árangri. */VH*



Umhverfismál:

# Geitur afkastameiri en plöntueitur

**Samkvæmt nýjum rannsóknum eru geitur afkastameiri í eyðingu á ýmsum gerðum af gróðri en þau plöntueitur sem mest eru notuð við slíkt.**

Í rúma tvo áratugi hefur margs konar plöntueitur verið notað í baráttunni við frekar innfluttar grastegundir sem eru að yfirtaka sjávarfitjar í Nýja-Englandi í Bandaríkjunum. Auk eiturs hefur verið reynt að grafa plönturnar upp með skurðgröfum og jarðýtum en án árangurs.

Nýjar tilraunir með stjórnaðri beit geita og annars búfjár lofar aftur á móti góðu við að halda grasinu niðri og eru geiturnar sagðar afkastamestar. Aðstandendur rannsóknanna eru himinlifandi með árangurinn og segja að geiturnar séu umhverfisvænni, afkastameiri, ódýrari en eiturefnahernaður og í ofanálag má nýta af þeim kjötið. *MH*

# Uppskerubrestur hjá ávaxtabændum í Noregi

**Ávaxtabændur í Vestur-Noregi sjá fram á mikinn uppskerubrest á þessu ári vegna þess hversu kalt vorið var og einnig framan af sumri en ásamt því voru miklar rigningar.**




Samvinnuráð grænna framleiðenda í Noregi hefur gefið það út í fjölmiðlum að eplauppskerutíminn verði mun seinna á ferð en venjulega og að uppskera verði lítil yfir allt landið en þó sýnu verst í vesturhluta landsins. Því verði áskorun að ná eplunum í ákjósanlegri stærð og sennilega útilokað að fá sömu niðurstöðu og undanfarin ár.




Bændamarkaðurinn við Edinborg er einstaklega vel staðsettur, rétt við hinn heimsfræga Edinborgarkastala.

Myndir / SS

# Skotlandsferð Félags vestfirskra sauðfjárbænda – *fyrri hluti*

**Í júní sl. héldu félagar í Félagi vestfirskra sauðfjárbænda í stutta fagferð til Skotlands. Megin tilgangur ferðalagsins var að fara á landbúnaðarsýninguna Royal Highland Show, en sýningunni sjálfri var gerð skil í 12. tölublaði Bændablaðsins.**

Auk þess að fara á sýninguna var farið í heimsóknir til bænda, á bændamarkað, á tilraunastöð skoska landbúnaðarháskólans og á uppboðsmarkað með búfé.

### *Um skoska landbúnaðinn*

Skotland er töluvert minna en Ísland, um 78.800 ferkílómetrar, en munurinn á löndunum liggur í nýtingarhlutfalli landsins þar sem 75% landsins er nýtt í landbúnaði. Sauðfjárræktin er afar umsvifamikil í landinu en alls eru 2,6 milljónir áa í Skotlandi á 12.700 búum.

Meðal bústærðin er því um 206 ær sem segir þó ekki allt enda afar mikill munur á bústærðinni. Þannig eru t.d. 30% ánna á 500 búum og er meðal bústærð þeirra því um 1.600 ær. Þó svo að sauðfjárræktin sé umsvifamikil þá er nautakjötsframleiðslan stærsta búgrein landsins enda eru 450 þúsund holdakýr í landinu á 9 þúsund kúabúum og er virði nautakjötframleiðslu Skotlands meira en tvöfalt virði lambakjöts og ullarframleiðslu landsins.

Meðal kúabúið er með um 130 kýr en skosku kúabúin hafa stækkað verulega á undanförnum árum. Árið 2011 var meðalbúið með 110 kýr og hafa þau því stækkað um 5 árskýr að meðaltali á ári! Alls eru í dag 1.500 kúabú í landinu og framleiða þau 1,3 milljarða lítra á ári og meðalnytin er því frekar lág, enda byggir framleiðslan oftar svo til eingöngu á beitarbúskap.

Annar landbúnaður er auðvitað einnig mikilvægur í Skotlandi s.s. svínakjötsframleiðsla, alifuglarækt, ávaxta- og grænmetisframleiðsla auk kartöfluræktar, en Skotland er langstærsti framleiðandi á kartöflum innan landa Stóra-Bretlands.



Á bændamarkaðinum mátti fá allt milli himins og jarðar, m.a. margs konar villibráð eins og hér má sjá.




Bændur á Gaindykehead-búinu, John Brown ásamt eiginkonu og sonur hans, Jim.

### *Bændamarkaðurinn við Edinborg*

Fyrsti dagur ferðalagsins, föstudagurinn 19. júní, hófst með heimsókn á Royal Highland Show en næsta dag var ákveðið að taka hvíld frá sýningunni og fara í aðrar faglegar heimsóknir. Byrjað var á því að taka hús á bændum sem selja vörur sínar á sk. bændamarkaði við Edinborg.

Markaðir sem þessi eru afar algengir víða um Stóra-Bretland og selja þar bændur margs konar vörur sínar allt frá handverki upp í kjöt og álegg. Á þessum markaði við Edinborg koma saman í kringum 40 bændur á hverjum laugardegi og selja vörur sínar. Margir þeirra flakka svo um og fara á aðra bændamarkaði hina dagana, en hver markaður hefur „sinn dag“ og geta bændurnir því boðið vörur sínar víða. Einkenni þessara markaða er að enginn má selja vörur frá öðrum en sjálfum sér, þ.e. umboðssala er ekki heimil og því er hér raunveruleg sala beint frá býli.

### *Mega slátra kjúklingum heima og selja*

Athygli vakti hinna íslensku gesta hve mikið og fjölbreytt úrval var af kjöti, bæði fersku og unnu. Þannig voru t.d. nokkrir að selja kjúklingakjöt en í Skotlandi má slátra kjúklingum heima, án vottunar og viðveru dýralæknis, og selja beint til neytenda. Þó eru reglurnar þannig að þetta er einungis heimilt sé fjöldi slátraðra kjúklinga að hámarki 9.999 stykki á ári. Virkaði afar skynsamlegt og gott kerfi sem Skotar hafa komið sér þarna upp.

Þá voru margir að selja bæði lamba- og/eða nautakjöt en ætli bóndi að selja slíkt kjöt beint þarf að slátra í sláturhúsi. Algengt verð fyrir slátrun á lambi í Skotlandi eru 8 pund eða um 1.700 krónur og fær bóndinn þá bæði fall og innmat en sláturhúsið heldur eftir gærunni sem viðbótargreiðslu við pundin átta. Reyndar er kerfið þannig að ef hærra verð fæst fyrir gæruna en ætlað var, lækkar sláturkostnaðurinn og öfugt fáist lægra verð fyrir gæruna.

### *Veiða með frettum*

Tveir bændur voru sérhæfðir í sölu



Á búi feðganna Jim og John Brown fer fram lokaeldi fyrir slátrun á kvígum og uxum. Stór hluti fóðursins í þessum síðasta hluta eldisins eru kartöflur sem feðgarnir fá frá stærstu kartöfluverksmiðju Stóra-Bretlands í nágrenninu.

og vinnslu á villibráð og afar fróðlegt var að sjá og heyra um vinnslu á þessum afurðum, en bæði var hægt að kaupa kanínur heilar eða í hlutum, sem og nokkrar tegundir fugla. Aðspurðir um slátrun á kanínum þá var það ekki sérlega flókinn ferill, þær eru veiddar í net með því að nota frettur (dýr af marðarætt) sem fara ofan í kanínuholurnar og reka þær upp. Síðan eru kanínurnar aflífaðar og verkaðar. Skinnin eru svo einnig nýtt og seld, svo ekkert fer til spillis.

***Eingöngu í lokaeldi nautgripa***

Að lokinni heimsókn á markaðinn við Edinborg var haldið á búið Gaindykehead við bæinn Airdire í Norður-Lanarkskíri, skammt frá Glasgow. Þar búa þeir John Brown og sonur hans, Jim, ásamt fjölskyldum sínum, en þeir feðgar voru áður í mjólkurframleiðslu en eru nú eingöngu í lokaeldi bæði á kvígum og uxum.

Móttökurnar sem íslenski hópurinn fékk á Gaindykehead voru einstakar, en hópnum var m.a. boðið í hádegisverð og svo farið í skoðunarferð um búið. Um bú þeirra feðga fara 2.500–3.000 gripir á ári en allir gripir eru keyptir á uppboðsmörkuðum u.þ.b. 3–4 mánuðum fyrir áætlaða slátrun. Þegar kemur svo að sölu á ný, fara gripirnir í slátrun en feðgarnir selja mikið af sínu kjöti beint til kjötvinnsla en einnig beint bæði til veitingastaða og smásöluaðila.

***Fá 50 kíló af kartöflum á dag***

Uppistaða fóðursins í lokaeldinu eru kartöflur, en það er einmitt sérstaða Gaindykehead-búsins og er fitusprenging kjötsins víst með eindæmum góð. Rétt í nágrenninu er nefnilega stærsta kartöfluverksmiðja Stóra-Bretlands og fá feðgarnir allar kartöflur sem ekki standast mál verksmiðjunnar. Fyrir tonnið þurfa þeir ekki að greiða nema 8 pund ef þeir sækja kartöflurnar sjálfir, eða rétt um 1,7 krónur á kílóið! Kartöflurnar þarf því alls ekki að spara og fá gripirnir frjálst aðgengi að kartöflum daginn út og inn og taldi John að líklega færu að jafnaði 50 kíló af kartöflum á dag í hvern grip, þegar afföll og moð væri tekið með inn í reikninginn. Þá er einnig gefið svolítið vothey og örlítið gerjunarhrat frá viskíverksmiðju í nágrenninu. Með aðgengi að þessu kraftmikla en ódýra fóðri ná gripirnir að bæta vel á sig síðustu mánuðina og þyngjast þeir að jafnaði um 1,3 kíló að dag. Auk þess að fóðra gripi inni eru nokkrir gripir hafðir úti á beit. Þeir gripir eru seldir á markaði með öðrum hætti, enda hafa þeir fengið annars konar eldi og því hægt að markaðssetja kjötið sem slíkt.

***Miklar breytingar á veðurfari***

Aðspurðir um ástæður þess að þeir hættu í mjólkurframleiðslu lá ekki á svari en John taldi að hann myndi ekki geta stækkað bú sitt nóg svo það gæti verið samkeppnishæft til lengri tíma litið. Því leitaði hann að öðrum leiðum sem gætu nýtt byggingarnar og landið en land hans, alls 106 hektarar, er afar grasgæft og sér í lagi nú síðustu ár.

Það hafa nefnilega orðið gríðarlega miklar breytingar á veðurfari á þessu svæði í Skotlandi undanfarin ár og hefur í raun ekki komið almennilegur vetur þarna nú í langan tíma. Fyrir vikið hafa bændurnir þurft að snarbreyta öllu skipulagi hjá sér, enda vex nú grasið einnig langt fram á vetur – nokkuð sem aldrei gerðist áður. Fyrir vikið þarf að halda grasinu niðri á þessum tíma og fá þeir John og Jim lánuð lömb til verksins.

Alls beita þeir á land sitt 600 lömbum á haustin í lokaeldi fyrir slátrun þeirra en beitina bjóða feðgarnir ókeypis, enda þeirra eigin hagur að grasinu sé haldið niðri svo það haldi orkugildi sínu vel á vorin. Þeir sjá svo sjálfir um stærsta hluta útiverka, en fá þó verktaka til þess að keyra skít og vothey heim í stæðurnar.

***Fjórir vinna á búinu***

Alls hafa fjórir atvinnu af Gaindykehead-búinu enda í mörg horn að líta á stóru búi. John sér að mestu um innkaup á lifandi gripum og fer á uppboðsmarkaði 2–3 í viku og krækir í álitlega gripi en Jim sér hins vegar um hinn daglega rekstur.

Eiginkona John sér svo um allt bókhald en auk þess hafa þau ráðið einn starfsmann að búinu. Sá vinnur einungis á virkum dögum og ekki nema 8 tíma á dag, enda má ekki vinna meira. Þau borga starfsmanni sínum góð laun á íslenskan mælikvarða, 25 þúsund pund á ári eða um 440 þúsund krónur á mánuði. John sagði þó að þetta væru einungis venjuleg laun í skoskum landbúnaði og að ekki væri um yfirborgun að ræða.

***Flestir gripir á legubásum***

Í eldisfjósum Gaindykehead-búsins eru flestir gripir hafðir á legubásum, bæði kvígur og uxar, en þegar eldistíminn er hálfnaður eru gripirnir oftast settir í stórar taðstíur. Taðinu er haldið þurru með sagi og er sagið fengið frá nálægri sögunarmyllu og kemur reglulega nýr bílfarmur af sagi til búsins. Sagið er svo borið undir gripina annan hvern dag en mokað út á sex vikna fresti.

***Ekki öll egg í sömu körfunni***

John sagðist ekki treysta á stöðugleikann í landbúnaðinum enda upplifað tímana tvenna með verðsveiflum á markaði svo dæmi sé tekið. Hann ákvað því að fjárfesta í vindmyllu, svo búið hefði tekjur úr a.m.k. tveimur áttum þ.e. bæði úr kjötframleiðslu en einnig raforkuframleiðslu.

Í Skotlandi geta bændur fengið styrki til þess að fjárfesta í endurnýjanlegum orkugjöfum og hefur átak skoskra yfirvalda gengið svo vel að Skotland er í dag það land í heiminum sem stendur einna fremst í nýtingu á vindorku! Vindmyllan sem er á jörðinni er 100 kW og kostaði bygging og uppsetning hennar 380 þúsund pund eða í kringum 80 milljónir króna.

Þetta kann að virka sem hreint ótrúlega mikil fjárfesting og er það vissulega en það sem er eiginlega ótrúlegt við þetta skoska kerfi er að hún nær að borga sig upp á einungis fimm árum! Styrkirnir til vindorkuframleiðenda eru nefnilega afar miklir en skoska ríkið greiðir 24–25 pens á hverja kílóvattstund í styrk.

Eftir afar fróðlega og áhugaverða heimsókn var svo haldið af stað upp í hálendi Skotlands, þar sem tekið var hús á fjárbónda en þeirri heimsókn og öðrum sem farið var í í þessari skemmtilegu ferð verður gerð skil síðar hér í Bændablaðinu.

***Snorri Sigurðsson***
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S*
*í Danmörku*

# Kreppa hjá sænskum mjólkurbændum

**Könnun sem sænska ríkissjónvarpið framkvæmdi fyrr í sumar meðal sænskra mjólkurbænda sýnir að sjö af tíu óska eftir að yfirgefa Arla eða myndu íhuga að hætta samstarfi við fyrirtækið ef þeir hefðu möguleika á því.**




Ört vaxandi óánægja er meðal sænskra bænda með alltumlykjandi stöðu risafyrirtækisins Arla í sænskum mjólkuriðnaði.

Könnunin er byggð á svörum frá sjö prósentum af öllum mjólkurbændum í landinu. Meirihluti þeirra sem spurðir voru, eða 56%, sögðust vera óánægðir með Arla. Það sýndi sig einnig að meðlimir í öðrum mjólkursamlögum voru mun ánægðari en meðlimir hjá Arla.

Stjórnarformaður Arla, Åke Hantoft, skýrir þessa óánægju með því að miklar breytingar hafi orðið á fyrirtækinu síðastliðin 15 ár en á þeim tíma hafa þeir farið á alþjóðlegan markað en að nú verði allir að hjálpa til við að komast út úr erfiðu tímabili fyrirtækisins. Bóndinn fær um einn þriðja af útsöluverði á mjólk sem seld er í sænskum verslunum og bendir samband kúabænda þar í landi á að kostnaður kúabænda við framleiðsluna sé um 30 aurum hærra á hvern lítra en í Danmörku og einni krónu hærra á hvern lítra en í Þýskalandi. /ehg






Lesendabás

# Gerjunargas

**Hver er tilbúinn til að trúa því að vatn er frumorsök þess að kindur á Íslandi veikjast af riðu, mæðiveiki og visnu? Vatn á réttum stað á röngum tíma framkallar atburðarás sem ég kalla hér; efni í gerjunargasi.**

Uppskriftin er eins einföld og hugsast getur. Blanda af kindaskít og vatni í réttum hlutföllum á réttum stað en á röngum tíma við rétt hitastig. Sakleysislegt fjárhús verður að efnaverksmiðju með afdrifaríkum afleiðingum fyrir dýrin í húsinu. Gamla kindalyktin verður að efnagasi við nánari skoðun og rannsóknir. Uppgerjaður skíturinn verður að góðu sprengiefni, ígildi dínamíts.

### *Biogasstöðin*

Ég er áhugamaður um það að safna saman dýraskít frá bændum á Íslandi og blanda í lífrænum úrgangi, í kerfi sem ég kalla biogasstöð. Stöðin framleiðir áburð fyrir ylrækt og orku fyrir aflvélar. Í forvitni minni lá leiðin inn í fjárhús og fjós, til að kanna flæði og atburðarás fyrir menn og tæki, hættur og vandamál, sem tengjast atburðarásinni í þessari efnaverksmiðju.

Það sem hefur hindrað framgang biogasmálsins er riðuveiki á landsvísu og rannsóknir á því vandamáli hérlendis. Ég skoðaði þetta á heimsvísu sem tilfelli TSE, riðuveiki. Fyrsta spurningin varð til við samanburð á Íslandi og Nýja-Sjálandi og sauðfjárrækt í þessum tveimur ólíku löndum. Hver var munurinn?

Það fyrsta sem kom fram var að kindur á Nýja-Sjálandi ganga frjálsar úti í girðingu allt árið, en á Íslandi eru kindur á húsi í 8 mánuði, en frjálsar í villtu umhverfi í 4 mánuði. Riðuveiki finnst ekki á Nýja-Sjálandi en kindur ganga út úr fjárhúsum á Íslandi, riðandi um, skjálfandi, slappar og sljóar, anda ótt og títt, sveiflandi augum til og frá og í hringi. Ég vildi forvitnast um það af hverju þetta var svona.

Ég bað landbúnaðarráðuneyti Íslands um rannsóknarskýrslur um riðuveiki en þær voru ekki til. Í 115 ÁRA SÖGU RIÐUVEIKI Á ÍSLANDI hefur enginn rannsóknaraðili svo mikið sem haft fyrir því að heimsækja fjárhús, sem hugsanlegan orsakavald að þessu vandamáli. Fjárhús á Íslandi hafa aldrei verið rannsökuð í tengslum við riðuveiki. Þetta þótti mér hið furðulegasta rannsóknarefni. Engar rannsóknarniðurstöður til.

### *Skítur á taði*

Taðskítur er einn elsti orkugjafi í landbúnaði á Íslandi frá landnámi ásamt mó. En það er mikill munur á því að í skítnum búa sofandi meltingarbakteríur.

Með tilkomu kola og kabyssu, hita og eldavélar, varð öllum sama um taðskítinn, nema lítið magn, til að framleiða hangikjöt. Þessi tæknibylting lengdi líf íslenskra kvenna í eldhúsi um 25 ár, því að í taðreyknum var eiturgas frá skítaorku, CO kolsýringur. Út á þetta hrannaðist upp taðskítur í fjárhúsum og nýtt vandamál varð til sem þróaðist upp í riðuveiki á taði. Þykkt lag af taðskít var eins og þerripappír að sumri, fyrir raka og vatn að safnast í, þegar kindur komu í hús að hausti hófst vandinn með vatnið, stundum frost, stundum ekki.

Það næsta í þróunarsögunni var að setja rimla og grindur ofan á skítinn og getur taðskíturinn orðið tvær skóflustungur niður á þykkt, stundum meira.

Í báðum þessum tilfellum ná bakteríur að hlaupa í gerjun og við þessar aðstæður eru kindurnar í mestri tengingu við gasið. Kindurnar liggja og jótra, við það kemur frá þeim hiti sem ertir upp gerjunarbakteríur og gasið streymir upp í vit dýranna, í litlu magni, en þó nóg til að pirra þær til að standa upp og færa sig, þá fer gasið á hreyfingu. Mest gasgerjun á taði er fyrir miðju húsi en minnkar til útveggja vegna hitastigs úti. Á taði nær eiturgasið NOx upp í vit dýranna þegar ástandið verður verst og þau drepast þannig í sporunum.



Greinarhöfundur bendir á að undir sakleysislegum grindum í fjárhúsum safnast skítur sem við vissar aðstæður getur framkallað mikla gaslosun og hættulegt efnaferli.

> **É**g bað landbúnaðarráðuneyti Íslands um rannsóknarskýrslur um riðuveiki en þær voru ekki til. Í 115 ÁRA SÖGU RIÐUVEIKI Á ÍSLANDI hefur enginn rannsóknaraðili svo mikið sem haft fyrir því að heimsækja fjárhús , sem hugsanlegan orsakavald að þessu vandamáli.

> **F**járhúsalyktin er ekki bara venjulegt andrúmsloft: Köfnunarefnið 78%. Súrefnið 21% og annað efni 1% því þegar vatnið tekur völdin umbreytist fjárhúsið í efnaverksmiðju vegna gerjunar í skít. Til að fá skít til að hlaupa í gerjun þarf hitastig að vera 3 gráður eða hærra. Vatnið sem er 6.7 að pH gildi, þynnir út pH gildið í skít sem er 4.4 og hlandi sem er pH 5.4, gerjun hefst við pH gildið 6.5. PH gildið þarf síðan að vera pH 6.5 eða hærra, það er jafnt framboð af vatni. Falli niður framboð af vatni á þessu gerjunarstigi verður til eiturgas við pH gildið 6.2 eða lægra og þá er hætta á ferðum í flórnum þegar eiturbakteríur taka völdin og framleiða NOx gasið og minna magn af brennisteinsvetni H2S.

### *Flórskítur*

Í þróun sem varð voru húsin stækkuð og horfið frá taðhúsakerfinu og yfir í stórhúsakerfi með haughúsi undir svo koma mætti við traktor til að ná með skóflu skítnum út og moka í þar til gerðan tætara og dreifara, en voru þó kindurnar þar fyrir ofan og meðferð á vatni alltaf sama vandamálið við brynningar, en gerjaðist skítur í vatnssulli, með tilheyrandi gasmyndun.

Það alvarlegasta í þessari þróun er tilkoma haugsugunnar því nú var steypt upp í gafla flórkjallara og úr varð flórgryfja. Til að geta dælt skítnum með haugsugu þurfti vatn í botn gryfjunnar allt upp í 50 cm og útkoman verður draumaaðstaða fyrir skít í gerjun. Enn eru kindurnar fyrir ofan. Því nær sem skíturinn er undir grindum, því meiri verður hættan frá gerjunargasi í uppstreymi frá innri hita. Þetta verður smitleiðin frá bakteríum í gerjun til dýranna, í öllum útgáfunum, á taði, taðgrindur, haugkjallari og hauggryfja, veikjast kindur á einn eða annan hátt vegna gerjunar í skít og hitauppstreymis frá rakagasi í flór.

### *Efni í fjárhúsi*

Fjárhúsalyktin er ekki bara venjulegt andrúmsloft: Köfnunarefnið 78%. Súrefnið 21% og annað efni 1% því þegar vatnið tekur völdin umbreytist fjárhúsið í efnaverksmiðju vegna gerjunar í skít. Til að fá skít til að hlaupa í gerjun þarf hitastig að vera 3 gráður eða hærra. Vatnið sem er 6.7 að pH gildi, þynnir út pH gildið í skít sem er 4.4 og hlandi sem er pH 5.4, gerjun hefst við pH gildið 6.5. PH gildið þarf síðan að vera pH 6.5 eða hærra, það er jafnt framboð af vatni. Falli niður framboð af vatni á þessu gerjunarstigi verður til eiturgas við pH gildið 6.2 eða lægra og þá er hætta áferðum í flórnum þegar eiturbakteríur taka völdin og framleiða NOx gasið og minna magn af brennisteinsvetni H2S.

Gerjunarbakteríur þurfa loftfirrtar aðstæður og eru ljósfælnar og dafna best í myrkri að nóttu og þá gerist þetta við brunann, niðurbrot mykjunnar í flór, í gerjun á 1. og 2. stigi, en þau eru 3. stökkbreytingarstig baktería í gerjun, CH4 methan í lokin á gerjunarstigi 3.

A. Bruni við loftfirrtar aðstæður í fjárhúsi er all sérstæður; Vatn plús skítur jafnt og rakagas.

B. Bruni við loftvænar aðstæður er þekktari sem; O2 og N2 og raki í blöndu við Carbona yfir í eldsneyti.

Eða í tilfelli A; H2O, plús efnin í skít: C , plús H2 ,plús S, plús O2, plús N2 ,plús H2O, gerjast saman í efnin; CO2, plús CO, NH3, plús CH4, plús H2S, plús CH4, plús SO2, plús O2 ,plús NOx plús N2, plús raki og sót. Útkoman er GERJUNARGAS.

Vatn og vatnsgufa (raki) blandast skít, innihald í skít eru efnin: C, carbon, H2, hydrogen, S, Sulphur, O2 oxygen, N2 nitrogen og vatn og útkoman verður: Raka eða gufugas með eftirfarandi gasgufur: CO2 , CO, NH3, SO2, O2, NOx, N2, H2S, CH4, vatnsgufa og sót.

Saklausa fjárhúsið með sína kindalykt verður hér að efnaverksmiðju eða biogasstöð. Í biogasstöð eru flest efnanna metin hættuleg efni fyrir vinnandi menn og þungaásið metið lífshættulegt mönnum, efnin NOx, H2S, NO og NO2. Þessi gasefni eru ofan á skít í gerjun, eru þyngri en andrúmsloftið og fara hvergi, bara liggja og bíða eftir fórnarlambi. Ekki dugar að nota gasgrímur á þessi efni og því á að nálgast þau með súrefnisgrímu tengda súrefniskút.

### *Kindur af fjalli*

Um leið og kindur koma af fjalli í haust, bíður þeirra vist í fjárhúsi með 50 cm af vatni undir, íblandað hættulegum gömlum gerjunarbakteríum frá árunum áður, í gang fer alveg ótrúlegt samspil á milli dýranna, bakteríuflóru í skít, súrefnis og súrefnisleysis, ljós og myrkur, loftfirrtar aðstæður og þvag. Síðan bæta haugsugueigendur gráu ofan á svart með íblöndun efnis í flórinn, svo kallaður stíflueyðir, sem er pent orð yfir hollenska skítabakteríublöndu, sem hindrar skítinn í því að kögglast, en um leið tvöfaldar allt efnaskiptastarf baktería í blöndunni, í þessari íslensku efnaverksmiðju, fjárhúsinu.

Þegar ég, fyrir hönd Saurbær Biogas, óskaði eftir því við landbúnaðarráðuneytið að fá að gera nákvæmlega það sama og haugsugueigendur, þá var erindið sent til dýratilraunanefndar sem sendi erindið áfram til umhverfisráðuneytis og óskaði eftir umsögn frá því ráðuneyti um erindi mitt, að láta 20 kindur standa fyrir ofan flór með vatni, míga þar og skíta í flórinn, ég vildi mæla gerjun og gasframleiðslu og áhrifin á dýrin mín og ætlaði þannig að framleiða riðuveiki í kindum. Svarið sem ég fékk var ekki gott. Formaður dýratilraunanefndar hótaði mér því að allar kindur í Mosfellssveit yrðu drepnar og mínar með og þurrka þannig út allar kindur í dalnum frá mér og frændum mínum í Mosfellsdal. Þetta þótti mér ekki gott. Það besta frá ráðuneytinu var að ég þurfti að sækja um starfsleyfi til dýratilrauna, fyrir það eitt að herma eftir haugsugueigendum, í sauðfjárrækt á Íslandi. Hér uppgötva ég að ég þurfti ekki dýratilraunaleyfi frá landbúnaðarráðuneyti og dýratilraunanefnd, bara fara út í sveit og finna fjárhús með steypt upp í gaflinn.

Niðurstöður gasmælinga í 20 fjárhúsum ollu mér miklu hugarangri og þá leið mér verst er ég mældi fjárhús eitt í Húnavatnssýslu. Nýtt fjárhús, nýr traktor, ný haugsuga, allt nýtt, líka kindurnar, englahreinar. Ungt fólk grandalaust, að byrja búskap, fólk sem vildi vel en vissi ekki betur. Þar í húsi fann ég mjög marga brúsa af stíflueyði frá Hollandi. Sérræktaðar saurgerlabakteríur til að þynna út mykju í flór. Hér kom upp riðuveiki að vori í fjölda kinda sem í allt voru yfir 400, bullandi gerjun í skít, með tilheyrandi riðuveiki. Mæliniðurstöður í þessu íslenska fjárhúsi, eða réttara sagt efnaverksmiðju, eða bara dýratilraunafjárhúsi, án starfsleyfis og eftirlits. Þetta mældi ég í þessu fjárhúsi.

Eiturgasið NO, 125 ppm. Eiturgasið NO2 ,2.9 ppm. NH3 ammonia var 181 ppm, CH4 methan, 2,8 ppm CO2 3400 ppm. Súrefnismælingin sýndi 16,2 % en á að vera 21%.

Að dýr verði veik við þessar aðstæður kom mér ekki á óvart.

Nú í júní óskaði ég eftir því við Matvælastofnun að fá rannsóknarniðurstöður úr fjárhúsum þar sem upp hafði komið riðuveiki nú í ár, 2015. Engar rannsóknarniðurstöður voru til, engar mælingar voru gerðar. Einnig óskaði ég eftir því að fá uppgefið hver pH gildi væru í blóði kinda sem drápust nú í vor. Engar niðurstöður voru til. Ég óskaði næst eftir því að fá upplýst hvert ammonia NH3, NH4 gildin væru úr sýnum sem send voru til Noregs úr kindum sem drápust nú í vor, ca 4000 kindur. Engin sýni voru til og engin sýni voru send til Noregs þar sem engir peningar voru til í svo dýra aðgerð.

Haldi svo áfram, hér eftir sem hingað til, verður mikill harmleikur í heimi kinda í íslenskum fjárhúsum veturinn og vorið 2015 til 2016. Að Matvælastofnun skuli horfa aðgerðalaus á hollenskar skítabakteríur notaðar í matvælaframleiðslu í íslenskum fjárhúsum er síðan ráðgáta út af fyrir sig. Fjárhús sem einnig eru sláturhús, í heimaslátrun, í stórum stíl, að fornum sið. Gasmæling flettir ofan af þessu, því þar er að finna brennisteinsvetnisgasið H2S, undir rimlagrindum, í þessum heimasláturhúsum.

Fjárhús eiga ekki að vera sláturhús fyrir kindur, nautgripi og hross.

Hr.l andbúnaðarráðherra, hvar er eftirlitskerfið sem þú berð ábyrgð á?

Frú umhverfisráðherra, hvað eru fulltrúar yðar að gera á landsvísu í málefnum vinnueftirlits?

***Guðbrandur Jónsson***
*Þyrluflugstjóri með sérþekkingu á málefnum tengdum rekstri á biogasstöðvum fyrir Ísland.*




**Áhugamenn hafa um árabil safnað saman upplýsingum um skít og annan úrgang sem til fellur á landinu sem mögulega mætti nýta til að framleiða gas til húshitunar eða jafnvel í frekari hreinsun til nýtingar á vélar. Hér er mynd af einfaldri útfærslu af bíógasstöð til gasframleiðslu úr húsdýraskít. Úr affallinu sem gasið hefur hreinsast úr fæst síðan verðmætur áburður. Gasið er síðan hægt að hreinsa meira til að það verði nothæft sem eldsneyti á vélar.**

# Bændur græða landið í 25 ár

**Árið 1990 hófst samvinnuverkefni bænda og Landgræðslunnar undir yfirskriftinni Bændur græða landið. Um sex hundruð bændur taka þátt í verkefninu og nánast allir halda þeir sauðfé.**

Verkefnið hefur gengið afskaplega vel og ætla má að bændur hafi grætt upp um tugi þúsunda hektara lands á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er. Samvinnan felst í grófum dráttum í því að Landgræðslan veitir ráðgjöf, leggur til fræ og styrkir bændur til áburðarkaupa. Bændur leggja á móti til hluta áburðarverðsins, gamalt hey, vélar og tæki. Mikilvægasta framlag bænda er þó líklega falið í þekkingu þeirra á landinu og óeigingjörnu vinnuframlagi.

### *Framlag bænda hleypur á hundruðum milljóna*

Samkvæmt upplýsingum frá Landgræðslunni má ætla að hátt í 30.000 tonn af áburði og nærri 300 tonn af fræi hafi verið notuð í þetta verkefni. Að auki hefur óhemju mikið af moði, húsdýraáburði og heyrudda verið notað. Um allt land sá bændur í börð, bera á flagmóa, græða upp mela og sitthvað fleira.

Vinnustundirnar að baki áburðar- og fræðreifingunni teljast í tugum þúsunda. Þá er ótalin vinna við dreifingu á moði, heyi og húsdýraáburði eða olía og notkun á tækjum og tólum, sem auðvitað kostar líka peninga. Sé allt reiknað, má fullyrða að framlag bænda nemi hundruðum milljóna króna. En sauðfjárbændur sjá hvorki eftir tíma né peningum í uppgræðslu og landbætur. Síður en svo.

### *Nánast öll framleiðslan undir gæðastýringu*

Sjálfbær landnýting er sauðfjárbændum afskaplega mikilvæg og við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að sýna ást okkar á landinu í verki. Samvinnan við Landgræðsluna hefur lengi verið mikil og góð.

Bændur græða landið er dæmi um farsælt samvinnuverkefni, en auk þess taka bændur þátt í fjölda annarra verkefna sem snúa að uppgræðslu, landnýtingu og beitarstýringu.

Víða um land eru líka starfandi landgræðslufélög sem hafa lagt mikið af mörkum. Bændur bera hitann og þungann af starfinu í mörgum þeirra.

Í rúman áratug hafa sauðfjárbændur líka unnið ötullega að því að bæta búskap sinn og tryggja markaðnum hágæða vöru með sérstöku gæðastýringarkerfi. Sjálfbærni er hér lykilhugtak. Nánast öll kindakjötsframleiðsla á Íslandi er nú undir merkjum gæðastýringar, eða rúm 90%.

### *Samvinna um að bæta kerfið*

Gæðastýring í sauðfjárrækt er valkvætt kerfi þar sem bændur taka af fúsum og frjálsum vilja á sig skuldbindingar af ýmsu tagi, m.a. um landnýtingu og landbætur. Gengið var frá samningi við ríkið fyrir fimmtán árum og síðan hafa bændur átt í náinni samvinnu við ýmsar stofnanir þess.

Gæðastýringin tekur m.a. til skýrsluhalds, hirðingar, aðbúnaðar, lyfjanotkunar og fóðuröflunar. Auðvitað koma upp hnökrar hér og hvar í kerfinu, en reynt er að bæta úr þeim jafnóðum. Það var gert síðast með breytingu á reglugerð um landbótahluta gæðastýringar í vor. Sauðfjárbændur komu að undirbúningi þeirrar breytingar ásamt Bændasamtökunum, Matvælastofnun, atvinnuvegaráðuneytinu og Landgræðslunni.

### *Íslenskur landbúnaður til fyrirmyndar*

Íslenskir bændur eru svo sannarlega gæslumenn landsins, enda fáir sem lifa og starfa í jafn nánum tengslum við náttúruna. Bændur hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir því að ekki er hægt að beita á land sem ekki ber það. Því hafa menn um árabil tamið sér að taka út afrétti í samvinnu við Landgræðsluna áður en fé er hleypt á þá.

Þetta var gert í vor eins og önnur vor. Ábyrgir sauðfjárbændur hleypa ekki fé á fjall fyrr en gefið hefur verið grænt ljós. Af því að gróður var seinna á ferðinni en venjulega í ár – fer fé seinna á fjall. Víða um heim horfa bændur til Íslands sem fyrirmyndar um heilbrigðan og sjálfbæran búskap sem rekinn er í sátt við land og náttúru.

### *Sjálfbær sauðfjárrækt*

Eiturefnanotkun er hverfandi í íslenskum landbúnaði og hvergi er notað minna af lyfjum eða áburði. Reglur um dýravelferð eru líka þær ströngustu sem fyrirfinnast og svo mætti áfram telja.

Til marks um heilbrigði sjálfbærrar, íslenskrar sauðfjárræktar má meðal annars hafa þá staðreynd að bandaríska Whole Foods verslunarkeðjan hefur selt íslenskt lambakjöt um árabil og líkur eru á því að viðskiptin aukist enn frekar á komandi hausti.

Neytendur vestra eru tilbúnir að greiða hátt verð fyrir þjóðarrétt Íslendinga – hreint hágæða kjöt af íslensku sauðfé. Gæðastýring, sem innifelur skipulegar landbætur, er hluti af sjálfbærri sauðfjárframleiðslu á Íslandi.

Hið sama gildir um nána samvinnu við Landgræðsluna í aldarfjórðung undir merkjum verkefnisins Bændur græða landið. Megi sú samvinna haldast náin og heiðarleg í önnur 25 ár – og miklu lengur.

*Þórarinn Ingi Pétursson,*
*formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.*


Bændur athugið

Hjá Slippfélaginu færðu gæða málningu fyrir íslenskar aðstæður

Gæði - Reynsla - Þjónusta

Hafið samband og fáið faglega ráðgjöf
Sendum hvert á land sem er




Veljum íslenskt

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Opnunartími: Virka daga: 08.00 – 18.00 Laugardaga: 10.00 – 14.00
Borgartúni 22 Rvk. - Dugguvogi 4 Rvk. - Dalshrauni 11 Hafnarfirði - Gleráreyrum 2 Ak.
Sími: 588-8000 www.slippfelagid.is



REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

FRAMÚRSKARANDI 5 LAGA RÚLLUPLAST

SuperGrass Advanced Silage Wrap 5 plus

Rúlluplast – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | Fjöldi rúlla á bretti | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 202601112 | ASPLA Supergrass | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.900 | kr. 13.516 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | Hvítt plast, 5 laga | | | | kr. 11.100 | kr. 13.764 | Greiðslufrestur til 15. október |
| 202600218 | ASPLA Supergrass | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 11.200 | kr. 13.888 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | Grænt plast, 5 laga | | | | kr. 11.400 | kr. 14.136 | Greiðslufrestur til 15. október |
| 20261005 | ASPLA Silograss | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.700 | kr. 13.268 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | Svart plast, 5 laga | | | | kr. 10.900 | kr. 13.516 | Greiðslufrestur til 15. október |
| 4600 | ASPLA Silograss | 50 sm | 1800 m | 48 | kr. 9.300 | kr. 11.532 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | Hvítt plast, 5 laga | | | | kr. 9.500 | kr. 11.780 | Greiðslufrestur til 15. október |

Rúlluplast – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | Fjöldi rúlla á bretti | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 46075 | Polivouga Silopower | 75 sm | 1500 m | 40 | kr. 10.100 | kr. 12.524 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | Grænt plast, 7 laga | | | | kr. 10.300 | kr. 12.772 | Greiðslufrestur til 15. ágúst |

Sérstakt kynningarverð á síðustu rúllunum



Bindinet – Verðlisti

| Vörunúmer | Vörulýsing | Breidd | Lengd | án vsk. | m/vsk. | Greiðsluskilmálar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 123000 | Bindinet | 123 sm | 3000 m | kr. 24.900 | kr. 30.876 | Hefðbundin reikningsviðskipti |
| | | | | kr. 25.400 | kr. 31.496 | Greiðslufrestur til 15. október |

Fast verð – Engin gengisáhætta



VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

**Jón Viðar Jónmundsson**
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



# Nokkur orð um erfðir og sjúkdóma búfjár í minningu Stephen Bishop

**Ég hef notið þeirra forréttinda að hafa getað sótt marga fræðandi og áhugaverða fundi og ráðstefnur um búfjárkynbætur og erfðafræði. Þar stendur samt líklega efst í mínum huga námskeið í búfjárkynbótum á Írlandi sumarið 1984. Til námskeiðsins var blásið af prófessor Cunningham sem á þeim tíma var leiðandi aðili í búfjárræktarstarfi í Evrópu.**

Til námskeiðsins hafði hann fengið styrk frá bandarísku Kellogs stofnuninni. Til þessa námskeiðs safnaði hann hópi yngra fólks í þessu fagi, sem hann mat að gæti verið einhver matur í vegna starfa á komandi árum. Þarna mætti rúmlega 40 manna hópur frá vel yfir 30 löndum um allan heim nema þarna var ekki fólk frá Norður-Ameríku.

Segja verður að þetta var eitt stífasta námskeið eða fundur sem ég hef sótt. Hins vegar var þarna hópur af leiftrandi ungum vísindamönnum sem höfðu margt til málanna að leggja. Þetta var ótrúlega gefandi og fræðandi. Margir sem þarna sátu á námsbekk hafa síðar orðið leiðandi fólk í heiminum hvert á sínu sviði. Þó að þarna væru ekki Bandaríkjamenn hafa allmargir þeirra sem þarna voru fundið sér starfsvettvang þar. Kynni við þennan hóp hefur því verið mér ómetanlegt veganesti í mínu starfi.

### *Lést af völdum krabbameins*

Nýlega bárust mér þær fréttir að einn þessara þekktu manna hefði látist af völdum krabbameins 2. apríl síðastliðinn. Þetta var Stephen Bishop sem síðustu árin hefur verið einn af yfirmönnum Roslin-stofnunarinnar í Edinborg sem er þekktasta vígi búfjárkynbóta og – erfðafræði í Bretlandi og í heiminum um leið. Hann hefur sjálfur verið leiðandi aðili í heiminum á sviði erfðarannsókna og kynbóta sem tengjast búfjársjúkdómum.

Árið 1983 var Bishop enn í námi í Edinborg og var einn yngsti ef ekki yngsti þátttakandinn þarna. Á þessum árum var hann nýsjálenskur ríkisborgari. Að loknu doktorsnámi í Edinborg starfaði hann örfá ár í Þýskalandi og heimalandi sínu en um 1990 var hann kominn að nýju til Edinborgar þar sem hann bjó og starfaði síðan.

Í starfi sínu tengdist Bishop aðeins íslenskri búfjárrækt þar sem hann fór á sínum tíma fyrir þeim hópi breskra vísindamanna sem greindu Þoku-genið í erfðamenginu. Í framhaldinu þróuðu þeir aðferð þá sem nú er notuð til greiningar á geninu hjá einstökum gripum

Bishop var ákaflega fjörlegur og geislandi einstaklingur og hafði ávallt mikið til málanna að leggja. Ávallt var jafn ánægjulegt að hitta hann á fundum. Hann geislaði af ánægju við að skýra frá nýjungum í sínum rannsóknum og leitaði ávallt frétta af nýtingu á Þoku-geninu í sauðfjárræktinni hér á landi. Ekki verður reynt að fjalla um þann lofsöng sem vinir hans og samstarfsmenn hafa birt í kjölfar hins ótímabærs fráfalls hans. Með honum er farinn einstakur snillingur og sæti hans verður trauðla fyllt að nýju strax.

Í minningu hans rifja ég hér á eftir upp nokkrar vörður úr sérsviði hans vegna þess að á því sviði skipuðu Íslendingar vissa forystu í byrjun sem ástæða er til að muna. Í lokin mun ég síðan greina frá örfáum atriðum úr einni síðustu yfirlitsgrein Bishop sem


Stephen Bishop.

er nýbirt. Ekki verður gerð tilraun til að endursegja efni greinarinnar vegna þess að efni hennar er það flókið að það gæti aldrei orðið mjög læsilegt efni á þessum vettvangi.

Mikill vöxtur hefur verið í rannsóknum á sviði erfðafræði búfjársjúkdóma á síðustu tveim til þrem áratugum og má segja að hún hefjist aðeins á undan ofurvexti rannsókna á sviði mannerfðafræði, sem tengist sjúkdómum hjá mannfólki. Fyrir þann tíma beindust slíkar rannsóknir á sviði erfðafræði sjúkdóma bæði hjá búfé og fólki nánast einvörðungu að eiginleikum sem ráðast af erfðum í einu eða örfáum erfðavísasætum. Hér á landi er engin stofnun sem sinnir rannsóknum í erfðafræði búfjársjúkdóm, þó að á Keldum hafi verið unnin góð verk. Í mannerfðafræði hefur aftur á móti risið hér á landi eins virtasta stofnun í heiminum á því sviði, Íslensk erfðagreining.

Í upphafi, meðan erfðarannsóknir fengust nánast einvörðungu við víkjandi erfðagalla, var Páll Zophoníasson án efa einn meðal fremstu vísindamanna á því sviði í heiminum. Hann skrifar greinar þar sem hann gerir grein fyrir nokkrum slíkum göllum hjá íslensku sauðfé. Hann lýsir sjúkdómseinkennum en gefur sjúkdómunum yfirleitt ekki nafn. Bógkreppa hjá sauðfé er samt greinilega einn þeirra og samkvæmt lýsingu hans eitthvað dreifð um landið. Þennan vágest erum við enn að kljást við en teljum hann allan í dag eiga sama upphafið. Ég tel mig samt hafa komist að því að um miðja öldina voru menn á öðrum útbreiðslusvæðum að fást við gallann án þess að vita við hvað var barist. Á þeim stöðum virðist samt hafa heppnast að kveða drauginn niður.

Þekktasta skýring Páls á erfðagalla tengist samt gulri fitu á kjöti hjá sauðfé, sem í raun er ákaflega hæpið að tala um sem sjúkdóm og barist er við að útrýma hjá sauðfjárstofnum um allan heim. Það er hins vegar vegna neikvæðra markaðsáhrifa. Snilli Páls í þessari grein er að hann færir sönnur á þetta án þess að hafa nokkrar skráningar um einstaka gripi. Hann hefur aðeins upplýsingar um fjölda búa þar sem gallinn gýs upp örfáum árum eftir að aðfenginn hrútur kemur til notkunar á búinu. Snjallar ályktanir út frá hóperfðafræði. Þarna er okkur sagt að þetta var galli með verulega útbreiðslu. Í dag hefur þessum galla verið nær útrýmt úr stofninum. Ástæða er líka til að nefna að til þessarar greinar Páls er enn í dag vitnað nokkuð, nær níu áratugum eftir birtingu. Slíkt þekkist aðeins um örfáar grunnrannsóknir.

Páll hafði einnig mjög gott yfirlit um erfðagalla hjá nautgripum. Hann segir þá fáa og fágæta nema bölvaða flááttuna, sem hann var alla sína starfsævi að berjast við. Hann skrifar síðla á starfsferlinum að hann þurfi aðeins örlítið meiri gögn til að skrifa góða vísindagrein um efnið. Telur samt greinilega um einfaldar víkjandi erfðir sé að ræða. Vísindagreinin kom því miður aldrei. Gallinn skaut því miður aftur upp kollinum og hrjáir nautgriparæktina nú illa. Þegar gallinn er orðinn eins og þessi í stofninum, nál í heystakk, fer helsta vonin að vera að erfðatæknin færi okkur vopn í baráttuna.

Önnur grunnrannsókn sem ekki er síður merkileg í sögu sjúkdómaerfðarannsókna er rannsókn Halldórs Pálssonar á þoli mismunandi fjárstofna gegn mæðuveikinni á árunum um 1940. Í mörgum erlendum vísindaritum er vitnað til hennar sem nánast upphafsrannsóknar þessa mikla vísindasviðs sem er að verða það umfangsmesta í heiminum í dag í búfjárrannsóknum.

Þegar mæðuveikin fer að herja þá leituðu menn að sjálfsögðu allra ráða í baráttunni. Guðmundur Gíslason dýralæknir safnar mjög merkum gögnum um þróun sjúkdómsins í einstökum hjörðum. Halldór Pálsson kemur að þessari vinnu þegar hann kemur til starfa og fer að kanna áhrif sjúkdómsins á einstaka fjárstofna á einstökum búum. Finnur hann þar ótrúlegan mun. Sumir stofnar stráfalla næstum strax og virðist Gottorp féð hafa verið hvað viðkvæmast fyrir en t.d Kleifaféð sýnir víða mikla mótstöðu. Enn sterkari sönnur um erfðaáhrif fékk hann þegar hann skoðaði þróun hjá dætrahópum undan einstökum hópum sem hann gat skoðað í úrvalsgóðum gögnum sem hann hafði frá Gilsbakka og hafa á þeim tíma verið vandfundin slík gögn í heiminum. Um tíma voru talsvert skiptar skoðanir með mönnum um á hvern hátt berjast skyldi við sjúkdómana, sumir vildu skera niður, aðrir berjast og rækta mótstöðumeiri stofna.

Nýverið fór ég að skoða nánar gögn Halldórs frá Gilsbakka og truflaði mig að ég sá ekki betur en að ég væri að skoða eitthvað sem ég hafði áður skoðað. Allt í einu rofaði til og ég sá að þetta voru nánast sömu myndirnar og ég hafði séð þegar ég var að vinna í gögnum um riðuveiki hér á landi þegar ég leiðbeindi Bjarna Hákonarsyni í lokaverkefni hans á Hvanneyri. Þetta var skömmu áður en Keldnastöllurnar (Ástríður Pálsdóttir og Stefanía Þorgeirsdóttir) fundu að meginmun í viðnámi gegn riðuveiki mátti skýra með vissum sætum í svonefndu príongeni. Það er vissa mín að miklu flóknari erfðir hafa ekki verið að baki mótstöðu gegn mæðuveiki. Arfgerðir príongensins eru áhrifaþáttur í vali ásetningsfjár bæði hér á landi og um alla Evrópu. Enn liggur óbætt hjá garði að finna skýringu þess að mesta mótstöðuarfgerð að þessu leyti í nær öllum sauðfjárkynjum heimsins virðist ekki finnast hjá íslensku sauðfé. Látum þar með lokið spjalli um sögu erfðafræði búfjársjúkdóma hér á landi.

### *Erfðamengið og sjúkdómamótstaða hjá búfé*

Snúum okkur að nýjustu yfirlitsgreininni eftir Bishop. Heiti hennar má þýða sem erfðamengið og sjúkdómamótstaða hjá búfé. Í byrjun greinarinnar vekur hann athygli á hinum yfirþyrmandi kostnaði sjúkdóma í búfjárframleiðslu. Hann nefnir að beinn kostnaður vegna þeirra sé þannig metinn um 20% af heildarveltu framleiðslunnar í þróuðum löndum og heil 35–50% í vanþróuðum löndum. Raunkostað telja þeir samt umtalsvert meiri og benda þar á umfangsmikið og kostnaðarsamt eftirlit með búfjársjúkdómum um allan heim. Þarna hafi einnig áhrif að sumir sjúkdómar berist milli tegunda jafnvel til mannfólks. Vaxandi umræða er um velferð gripa í framleiðslunni, menn gera kröfur til að sjá þar hrausta og heilnæma gripi. Að síðustu verður að horfa á sívaxandi vandamál vegna lyfjaofnæmis sem menn geti ekki annað en brugðist við með nýjum ráðum.

Langmest af búfjársjúkdómum sem máli skipta eru undir stjórn erfða að meira eða minna leyti. Fyrir sjúkdóma sem hafa takmarkaða þýðingu eða eru vel viðráðanlegir með öðrum aðferðum á ekki að eyða kröftunum í erfðarannsóknir af nóg öðru er að taka. Það sem er sameiginlegt nánast öllum mikilvægum sjúkdómum sem hafa umtalsverð áhrif er að um er að ræða að erfðaáhrifin sem fyrir hendi eru stafa frá fjölda erfðavísa sem hver og einn hefur mjög takmörkuð áhrif. Vandamálin við nýtingu erfðatækninnar tengjast ekki greiningu erfðaefnisins. Þau eru öll tengd því að komast yfir gögn um sjúkdóminn sjálfan sem gera mögulegt að tengja við erfðaáhrif og þannig greina þau. Vegna þess hve erfitt er að fá gögn er ávinningur af því að geta valið á grunni erfðamengisupplýsinga hins vegar feikilegur í ljósi þeirra talna sem að framan eru nefndir um gríðarleg áhrif sjúkdómanna.

Aðeins nefna nokkur atriði sem gera gagnaöflun vandasama. Fyrir mjög marga sjúkdóma er mælitæknin einkum fyrir dreifð gögn ekki nákvæmari en að gripirnir eru flokkaðir sem heilbrigðir eða sjúkir. Í reynd er sjúkdómurinn hins vegar í eðli sínu þannig að gripirnir eru misjafnlega heilbrigðir. Hin grófa flokkun skapar því geysimikla skekkju ein og sér. Þar við bætist skekkja vegna mögulegrar rangar flokkunar; heilbrigðir – sjúkur.

Fyrir illvíga smitsjúkdóma þá fást gögn yfirleitt ekki nema þegar farsóttir vegna þeirra herja. Fyrir einstaka slíka sjúkdóma hafa menn talið verjanlegt að fórna smáhópum í smittilraunir til að mæla mótstöðu hjá einstökum afkvæmahópum. Þetta á við í fiskeldi og kjúklingarækt. Fyrir aðrar búfjártegundir eru slíkar aðferðir til gagnaöflunar með öllu útilokaðar.

Einn mjög truflandi þáttur þegar verið er að kljást við smitsjúkdóma þar sem gripirnir eru flokkaðir sem sjúkir eða heilbrigðir eru heilbrigðu gripirnir. Þeir eru margskiptur hópur. Þar eru verðmætustu gripirnir, þeir sem sýna mesta mótstöðu gagnvart sjúkdómnum. Hins vegar er ætíð meira eða minna af gripum sem flokkast heilbrigðir og eru það vegna þess að smitálagið hefur ekki verið nægilegt ef um þannig sjúkdóm er að ræða til að gripurinn sýni sjúkdómseinkenni og líka hópur gripa sem aldrei hefur komist í samband við smitefnið og engar upplýsingar felast því í heilbrigði hans um mótstöðueiginleika gagnvart sjúkdóminum. Hann telur fjölmörg fleiri atriði sem þannig hafa mikil truflandi áhrif á svipfarsmælingar. Af þessum ástæðum öllum eru erfðaáhrif gagnvart sjúkdómum, sem oftar en ekki eru langur ferill, þar sem til þarf að koma þverfagleg þekking til að geta skilið rétt, miklu meiri en menn hafa ályktað út frá einföldum útreikningum á arfgengi.

Verulegur hluti greinarinnar fjallar um sögu rannsókna á tveim sjúkdómum sem hann hefur mikið unnið að síðasta áratuginn en hann telur samt mikið enn óunnið til að öðlast fullan skilning á sjúkdómsferlinum. Þetta er nýrnaveiki í laxfiskum og berklar hjá nautgripum. Hér verður ekki reynt að endursegja þetta efni. Kemur þar til vanþekking mín á fiskeldi og því að nautgripaberklar eru ekki vandamál hér á landi. Ég bendi fólki sem áhuga hefur á að kynna sér efnið á greininni sjálfri. Ég get líka lofað því að það er ekkert léttmeti í lestri.

Í lokin vil ég víkja örfáum orðum að því sem hann segir í sambandi við tvo sjúkdóma sem skipta íslenska bændur máli. Annað er ormasýking hjá sauðfé. Feikilega miklar rannsóknir hafa farið fram víða um heim á þessu í um tvo áratugi. Hvatinn eru sífellt meiri vandamál vegna ónæmis gagnvart ormalyfjum hjá sníkjudýrunum sem sífellt fara vaxandi. Á þessu sviði hefur verið aflað umtalsverðrar þekkingar með rannsóknum og hjálpar þar mikið að mögulegt er að nýta beinar mælingar eins og ormalirfutalningar og mælingar á blóðefnaþáttum. Erfðabreytileiki er feikilegur vegna eiginleikans og umtalsverður árangur náðst víða í ræktunarstarfi. Þessi nýja þekking hefur einnig leitt af sér verulega breyttar reglur um ormalyfjagjöf sem kynntar voru á fræðslufundi fagráðs í sauðfjárrækt í vetur.

Hinn sjúkdómurinn er júgurbólga hjá mjólkurkúm sem vegna umfangs og útbreiðslu er einn allra umfangsmesti búfjársjúkdómur í heiminum. Óbeinar mælingar með frumutölu hafa á síðari árum verið öflugasta vopnið í baráttunni. Menn hafa á allra síðustu árum náð verulegum árangri í ræktunarstarfi með frumtölumælingum og vönduðum sjúkdómaskráningum. Neikvætt samhengi mjólkurmagns og júgurbólgu hafa enn aukið á vægi þessa eiginleika. Vegna meiri gagna en um aðra eiginleika hafa einnig á þessu sviði náðst meri landvinningar í notkun upplýsinga frá erfðamenginu í ræktunarstarfinu hjá ýmsum kúaflestum kúakynjum í heiminum. Hann minnir okkur hins vegar á að þetta eins og svo margir sjúkdómar eru ferill. Viðbrögð óvinarins geta því birst okkur t.d. í nýju atferli gagnvart óbeinum mælikvörðum. Óvininn höfum við í fæstum tilvikum yfirunnið og hann er oft miklu snarari í snúningum en við að breyta sér og getur þess vegna á morgun birst okkur í alveg nýju formi sem við verðum að vera tilbúin að bregðast við.

Þó að Stephen Bishop hafi nú kvatt okkur munu hinar leiftrandi fræðigreinar hans um ókomin ár verða vísindamönnum um allan heim ótæmandi fræðabrunnur. Vísindaheimurinn hefur tapað einum af sínum bestu drengjum.

*Heild: Greinin; Genomics and disease resistance studies in livestock. Livstock Science 166 (2014) 190-198.*

Lesendabás

# Vegstæði um þveran Hornafjörð – Rök með og móti

**Hornafjörður og hin strandlónin á Suðausturlandi, Skarðsfjörður, Papafjörður, Lónsfjörður, Álftafjörður og Hamarsfjörður, eru náttúrufyrirbæri sem eru einstök á heimsvísu. Hvergi annars staðar á ströndum heimsins finnast fyrirbæri af þessari gerð.**

Það sem er einstakt í þessu samhengi er eftirfarandi: Hér er um að ræða stór sjávarlón með ísöltu og jökulleirblönduðu vatni, með sjávarfallaósi og sjávarföllum, afgirt af malarrifjum frá úthafinu. Þessi lón eru í basaltumhverfi. Berggrunnur í undirlendi og eyjum er úr basalthraunlögum og setið sem á ferðinni er með straumunum er að langmestu leyti niðurmulið basalt af leir- og sandkornastærð. Basalt er á heimsvísu sjaldgæft nema á botnum úthafanna en þarna er það sem sagt í sjaldgæfu aðalhlutverki.

Lón þessi eru ekki bara einstök af sjálfum sér, þau standa einnig undir einstöku lífríki. Þau eru uppeldisstöðvar fyrir lúru og silungur gengur þar í miklu magni. Þau eru mikil fuglaparadís og bjóða upp á kjörlendi, sérstaklega fyrir vaðfugla og sundfugla. Þetta eru allt í senn fuglar sem flækjast, fara og koma árstíðabundið eða eiga sér fasta búsetu.

Inn til landsins eru lónin umgirt af fjöllum sem ferli náttúrunnar hafa farið höndum um á magvíslegan hátt og mótað í form- og litfagra umgjörð, krýnda jöklum og líflegu skýjafari með logagylltu litaspili þegar vel lætur.

Í stuttu máli sagt er hér einstök náttúra og hún er vinsæl hjá fjölda fólks, bæði heimafólki sem dáir og nýtur síns umhverfis, og brottfluttum, sem lifa með minningum um þessa einstöku fegurð. Núorðið er þessi náttúra auk þess orðin vaxandi aðdáunarefni túrista úr öllum heimshornum og þar með söluvara.

Nú er fyrirhugað að leggja uppbyggðan nútímaþjóðveg þvert yfir Hornafjörð, úti á leirunum framan bæja í Nesjum. Það er orðin löng og ströng leið að þeirri ákvörðun og af þeim möguleikum sem til greina hafa komið hefur sú versta nú verið valin og er sögð eiga að koma til framkvæmdanna árið 2017.

Sögur herma að valið á leiðinni liggi hjá sveitarstjórninni, en ekki Vegagerðinni. Þessi leið er afar slæm af vegagerðarástæðum, eins og getið verður síðar, svo ekki kemur á óvart þó hún sé ekki efst á lista Vegagerðarinnar. Hitt kemur á óvart að það skuli vera ráðamenn heima fyrir sem velja þá leið sem lélegust er og jafnframt spillir mestu frá umhverfislegum sjónarmiðum.

Ókostirnir sem ég hef séð á þessari vegarleið verða nú taldir upp og ræddir lítillega. Þeir eru gróft flokkaðir tíu talsins en kosturinn sem ég hef séð á leiðinni er hins vegar aðeins einn.



Hornafjörður. Mynd / HKr.

1. Hornafjörður yrði í raun eyðilagður sem það náttúrufyrirbæri sem hann er og lýst hefur verið að ofan. Þetta er spilling á náttúruminjum sem ættu í raun að vera á heimsminjaskrá yfir verndarsvæði. Hornafjörður er í örri og merkilegri náttúrufarslegri þróun og er höfuðsynd að spilla þessu fyrirbæri.
2. Sjónmengun og spilling útsýnis fylgir veginum. Ef byggður er upphækkaður nútímavegur á þessum stað skyggir hann á forgrunn þeirrar fögru jökla- og fjallasýnar sem er af láglendinu inn til landsins, t.d. frá Höfn. Þetta kemur bæði niður á heimamönnum og túristum, sem nú er leyft og reynt að veiða þarna í ótakmörkuðu magni og kvótalaust. Vatnaspegillinn mikli með jökla og litskrúðugan og formfagran fjallahring í bakrunni og grænar eyjar og brekkur sveitanna í forgrunni spillist. Í forgrunninn kemur grásvartur þröskuldur upphleypts vegar sem skyggir á græna forgrunninn og minnkar spegilinn til muna.
3. Hækkandi vatnsstaða verður landmegin vegar og aukin setsöfnun því fylgjandi. Svæðið breytist í votlendi, mýrar og rot, eins og víða einkenna fjarðarbakkana beggja megin Fljótanna.
4. Nýir álar verða til fjarðarmegin vegar með tilheyrandi uppróti leirs og sands framan nýrra brúa. Vatninu verður beint í fáeina farvegi undir brýr og ræsi, sem eykur straum staðbundið og veldur rofi og auknu gruggi a.m.k. framan af.
5. Breyting verður á vistkerfum beggja megin vegar og meðfylgjandi eyðilegging á fuglaparadís og uppeldisstöðvum lúru.
6. Minnkun og gjörbreyting á veiðisvæðum lúru- og silungsveiðimanna í almenningi Hornafjarðar. Þessi almenningur er lögverndaður með marga alda langa hefð að baki og merkilegur í menningarsögulegu samhengi ekki síður en atvinnusögulegu.
7. Minnkun verður á virkum vatnsgeymi Hornafjarðar og þar af leiðandi minna streymi um Hornafjarðarós með tilheyrandi þrengingum innan og utan óssins. Vegurinn með þröngum brúm og ræsum tefur fyrir bæði inn- og útfalli og dregur þannig úr heildarvatnsmagni sem streymir um vatnsgeyminn, Hornafjörð.
8. Meiri hluti vatnsins landmegin vegar verður staðið vatn í miklu meiri mæli en nú er og endurnýjun minnkar með meðfylgjandi minnkandi ferskleika.
9. Í vatnavöxtum á vorin og í asahlákum á vetrum getur svo mikið vatn streymt til fjarðarins að það verði fyllir. Fyllirinn verður einkum mikill ef saman fara úrfelli og leysing til fjalla og sterkar suðlægar áttir sem hamla á móti útstreymi og reka vatnið upp á landið. Slíkir fyllar hafa alltaf komið af og til og verða svo miklir að flóðið verður inn að eða inn fyrir núverandi brú á Hornafjarðarfljótum. Árnanes verður þá eyja umfloti á alla vegu og af þessu má sjá hversu mikill svona fyllir getur orðið. Eftir að búið verður að girða yfir fjörðinn með vegi á fyllir á bak við veginn enga útrás að gagni og geymirinn ofar vegar fyllist og þá flóir yfir veginn nema hann verði þeim mun hærri. Flæði yfir veginn hefst rof á honum, hann eyðileggst á köflum og ófært verður um hann.
10. Vegarstæði úti á leirunum framan við nes og tanga er lélegasta vegarstæðið af þeim sem í boði eru af þremur ástæðum:
    A) Aðlögun að mjúku vatnssósa undirlagi vegarins, leir og sandi mun taka mörg ár og þó líklegar áratugi. Þessi fullnaðarþjöppun undirlagsins mun taka áratugi og vegurinn mun því árum saman verða í bylgjum, hvilftum og bungum.
    B) Vegurinn mun liggja undir ágjöf sjávar í stormveðrum með tilheyrandi salt- og leirmengun.
    C) Vegurinn mun einnig liggja undir ísingarágjöf á vetrum af þessum sökum með tilheyrandi hættu vegna hálku.

Rökin með vegagerðinni á þessari veglínu eru hins vegar aðeins ein, að því er ég best fæ séð, þ.e.a.s. stytting hringvegarins. Áætlaður vegur framan við Árnanes og Hafnarnes styttir vegarkaflann frá Hólmsá til Hafnar um 11,5 km miðað við núverandi vegarstæði. Næstu valmöguleikar norðar er uppi á þurrlendinu. Þetta eru leiðir 1, 4 og 5 á þeim kortum sem teiknuð hafa verið upp af möguleikunum. Þær eða eitthvert samspil af þeim leiðum styttir vegarkaflann frá Hólmsá til Hafnar um sömu kílómetratölu. Lengdarmunur þessara tveggja möguleika er sem sagt enginn.

Það eru því engin rök fyrir því að velja þær leiðir síður en leiðina um þveran fjörðinn framan bæja. Hins vegar eru öll hin rökin sem mæla frekar með því.

Það er alvöruspurning hvort sveitarstjórnin ætlar að standa fast á þessu slæma vegarstæði og stuðla þannig samtímis að gölluðum samgöngubótum og eyðileggingu umhverfis sem er einstakt á heimsvísu og dáð og mikils metið af þúsundum og aftur þúsundum manna.

*Páll Imsland 23. júní 2015*

# KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: HANS-PETTER FJELD (CC BY-SA 2.5)




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

## Líf og lyst

### BÆRINN OKKAR



# Auðólfsstaðir



**Þorsteinn Jóhannsson er fæddur og uppalinn á Auðólfsstöðum og hefur alltaf unnið við búið, en árið 2003 kaupir hann bústofn og land af foreldrum sínum. Síðan hafa þau Ingibjörg Sigurðardóttir rekið félagsbú þar með þeim.**

**Býli:** Auðólfsstaðir.

**Staðsett í sveit:** Langadal, Austur-Húnavatnssýslu.

**Ábúendur:** Þorsteinn Jóhannsson og Ingibjörg Sigurðardóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Eigum einn son, Emil Jóhann (2002). Kettirnir eru tveir, Malla og Yellow. Erum svo með tvo fjárhunda, Týru og Mús.

**Stærð jarðar?** Ræktað land er 56 ha en jörðin er eitthvað rúmlega yfir 1.000 hektarar.

**Gerð bús?** Kúabú með kindur og hross til gamans.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 110 nautgripir, þar af 44 mjólkurkýr, 50 kindur og 30 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundinn dagur byrjar og endar í fjósi, svo eru verkefnin misjöfn þar á milli.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Alltaf skemmtilegt þegar vel gengur, svo er sérstaklega gaman þegar Jens vinnumaður kemur og keyrir skít. Leiðinlegast er að keyra heim rúllur.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Sennilega svipaður nema vonandi verður búið að bæta eða breyta mjaltaaðstöðu.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Þau eru í nokkuð góðum höndum en við þurfum samt að passa okkur á að standa saman sem ein heild!

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel ef við höldum okkar íslensku sérstöðu.



**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Vonandi getum við haldið áfram að flytja út okkar hreinu landbúnaðarvöru, lambakjöt og skyr.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Ef Emil væri spurður þá væri svarið: ekkert.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Lambakjöt í ýmsu formi, grillað, í karrí eða í kjötkássu.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Ekkert sérstakt kemur upp í hugann en gaman var þegar við settum gripi í nýju aðstöðuna í hlöðunni og hættum að vera með þá á hálmi/skít.



### MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

# Hamborgaraboðorðin tíu og hollir valkostir

**Það er kominn tími til að grilla. Góðir hamborgarar eru gulls ígildi en það skiptir miklu máli að nostra við þá. Það er gífurlegur munur á heimalöguðum hamborgara og farsborgara sem þú finnur í frystihólfinu. Hér eru nokkur ráð til að fullkomna borgarann.**



## 10 ráð til að gera betri hamborgara

1. Kaupa besta mögulega hakkið. Hamborgari er í raun bara kjöt og fita í réttum hlutföllum, best kringum 20% fita og ætti að vera unnið úr framparti sem er bragðmeiri vöðvi en til dæmis meyr lærvöðvi.

2. Ef þú ert með hakkavél þá fyrir alla muni taktu hana úr geymslu. Notið til dæmis blöndu af sirloin og nautasíðu.

3. Notaðu kjöt sem hefur um 15–20% fitu. Fita gefur bragð í hamborgarann og hún kemur í veg fyrir að kjötið þorni á grillinu.

4. Ekki setja bindiefni. Forðastu egg, brauðmylsnu og allt annað sem dregur úr nautakjötsbragðinu. Þessi hráefni eru fyrir svikinn héra og kjötbollur, en ekki hamborgara.

5. Haldið kryddi í hófi svo bragðið af nautakjötinu skíni í gegn. Helst bara salt, pipar, smá Worcestershire-sósu og smá lauk. Þú getur einnig bætt við ferskum kryddjurtum, Dijon-sinnepi, gulu sinnepi eða laukdufti.

6. Ekki yfirvinna kjötið. Kjötið þarf ekki að þjappa í flatköku til að það haldist saman.

7. Reynið að gera jafn þykka hamborgara til að grillunin verði jöfn. Þá er betra að setja tvo minni borgara á brauðið svo kjötið eldist jafnt.

8. Gott er að setja kjötið 30 mín. í frysti fyrir grillun. Það er auðveldara að meðhöndla kalt kjöt.

9. Grillið með lokið niðri á miðlungs-háum hita. Ekki ofelda. Við grillum hamborgara í 2–3 mínútur á hvorri hlið fyrir miðlungssteikt kjöt en 4–5 mínútur ef þeir eiga að vera vel steiktir.

10. Ekki ýta á hamborgarana á meðan grillað er. Þá ertu að þrýsta safanum úr þeim.

## Hafrar með ferskum berjum



Ef þú vilt dásamlegan morgunverð með ósykraðri kókosmjólk, hnetum, hindberjum og jarðarberjum, þá er þessi uppskrift fyrir þig.

Það er hægt að blanda ýmsum vökva í hlutföllunum 1 vökvi á móti 1 af höfrum (mjólk eða jógúrt).

- 1/2 bolli valsaðir hafrar
- 1/2 bolli kókosmjólk
- 1 msk. Chia-fræ
- 2 matskeiðar ristaðar möndluflögur
- 1/2 msk. hlynsíróp
- 1 tsk. vanilluþykkni eða dropar

Blandið öllu hráefni saman í glerkrukku. Hrærið vel, lokið og geymið í kæli yfir nótt.

Næsta morgun, fjarlægið úr ísskápnum, fyllið eða raðið lagskipt í nýjar krukkur eða glas með uppáhalds fersku ávöxtunum þínum. Njótið þessa holla og góða morgunverðar!

## Pastalaus pastaréttur!



Margir forðast glúten eins og heitan eldinn. Eitt ráð er að skipta út hefðbundnum hráefnum með einhverju öðru. Hér er kaloríusnauður réttur sem svipar til pastaréttar þar sem tófú kemur í stað pasta. Skerið niður grænmeti í borða og notið smá tófu fyrir prótein. Borið fram með sólblómafræ-pestó sem tryggir að hver biti mun verða skemmtileg og bragðgóð upplifun.

- 2 matskeiðar ólífuolía
- salt og pipar
- 1 tsk. ferskt timjan
- 1 tsk. ferskt oregano, hakkað
- 1 haus spergilkál
- 1 stk. gul paprika eða grasker
- 1 heill kúrbítur
- 1 stk. rauð paprika
- 1 stk. rauðlaukur
- 1–2 stk. meðalstór gulrót
- 1 stk. tófú eða 2 stk. eldaðar kjúklingabringur

**Aðferð**

Blandið öllu þurrkryddi saman í stóra skál. Setjið hverja steik beint í þurrkryddblönduna og gangið úr skugga um að hver hlið sé vel hjúpuð af kryddi. Nuddið kryddið inn í kjötið. Látið steikurnar hvíla í að minnsta kosti 30 mínútur. Penslið hverja hlið með smá ólífuolíu áður en steikin er sett á heita pönnu eða jafnvel á grillið.

Eldið eftir smekk um 2–4 mínútur á hvorri hlið og látið hvíla fyrir skurð í um 10 mín.

## Hráefni – basilpestó

- 0,5 bolli sólblómafræ, liggja í bleyti í vatni yfir nótt
- 1 lítið hvítlauksrif
- 2 bollar klettasalat
- 1 bolli ferskt basillauf
- 1/2 bolli ólífuolíu
- 2 tsk. hunang
- 1 sítróna, börkur
- hálf sítróna, safi

**Aðferð**

Hitið ofninn í 200° C. Skerið grænmetið í borða með grænmetisflysjara. Sameinið grænmetið í skál og veltið með olíu. Kryddið með salti, pipar og kryddjurtum. Bakið grænmetið í um 10 mínútur, hrærið tvisvar á meðan eldun stendur.

Gerið pestó. Blandið saman sólblómafræjum, hvítlauk, klettasalati, basil, olíu, hunangi og sítrónuberki og safa þar til allt er orðið fín sósa.

Setjið grænmetið í stóra skál, pestó ofan á og framreiðið eins og pastarétt. Sáldrið kjúklingi eða tófú yfir salatið.

## Prjónahornið

garn@garn.is



# Perlur

**Þessi þægilega peysa á þau yngstu er prjónuð úr Baby Star garninu sem er sjálfmunstrandi og kemur fallega út í barnaflíkur og teppi. Garnið er til í 11 fallegum litum hjá okkur og einnig í netversluninni, www.garn.is.**

**Stærð:**

6-9 (12-18) 24 mánaða

**Garn:**

Kartopu Baby Star: 2 (2) 2 dokkur

**Prjónar:**

Hringprjónn 60 sm nr 3,5

**Prjónfesta:**

22 lykkjur = 10 sm

**Yfirvídd:**

56 (60) 66 sm

**Ermalengd:**

19 (21) 24 sm

